# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

54. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 4. MARS 2017





# Upplifun mín af geðdeild

Gunnar Hrafn Jónsson, þingmaður Pírata, snýr aftur á þing eftir veikindaleyfi. Hann segir frá upplifun sinni af geðdeild og hverju sé nauðsynlegt að breyta. →30

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



## Meiri einkavæðingu

Sigríður Andersen vill minna ríkisbákn.

→26



## Hægt að pissa í þyrluflugi

Þorgeir Atli, tíu ára, tók viðtal við flugstjóra.

→45

## Hvert fóru karlarnir?

Karlkyns grunnskólakennurum hefur fækkað umtalsvert.

→32












## Veður




Það bætir smám saman í vind í dag. Seinnipartinn gæti austanáttin náð um 15 m/s með suðurströndinni, en víðast hvar annars staðar verður vindur talsvert hægari. Það má reikna með éljagangi austanlands en slyddu síðdegis suðaustanlands. SJÁ SÍÐU 50



Kim Jong-nam. NORDICPHOTOS/GETTY

# Starfsmaður flugfélags eftirlýstur

**MALASÍA** Lögreglan í Malasíu gaf í gær út handtökuskipun á hendur starfsmanni norðurkóreska flugfélagsins Air Koryo. Er sú skipun gefin út í tengslum við morðið á Kim Jong-nam, hálfbróður leiðtoga Norður-Kóreu, Kim Jong-un.

Lögreglustjórinn Khalid Abu Bakar sagði í gær við malasíska fjölmiðla að hinn eftirlýsti héti Kim Uk-il og væri 37 ára. Er talið að hann búi yfir upplýsingum um morðið á Kim.

Kim var myrtur þann 13. febrúar síðastliðinn á flugvellinum í höfuðborg Malasíu, Kúala Lúmpúr, með hinu mjög svo eitraða VX-taugagasi.

Þá hafa Malasar óskað eftir samstarfi norðurkóreska sendiráðsins við öflun upplýsinga um staðsetningu Kim Uk-il.

Kang Chol, sendiherra Norður-Kóreu í Malasíu, hefur sakað malasísku lögregluna um samráð við Suður-Kóreu og að hún vilji koma óorði á Norður-Kóreumenn. – þea

» Kim Jong-nam var myrtur þann 14. febrúar.

# Draumi líkast í Bláfjöllum



Það getur verið ansi fallegt að horfa á sólsetrið úr skíðalyftu í Bláfjöllum. Þar hefur færi verið gott undanfarið. „Þetta er búið að vera draumi líkast. Öll vikan er búin að vera glæsileg og ég held að flestir séu ánægðir með allt. Við erum ánægðir með að fá fólkið í fjallið og fólkið ánægt að komast í fjallið,“ segir Einar Bjarnason, rekstrarstjóri Bláfjalla. Hann segir svo marga hafa verið á svæðinu að biðraðir mynduðust í allar lyftur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Georg og Ómar í stjórn Icelandair

**VIÐSKIPTI** Ómar Benediktsson, framkvæmdastjóri Farice, og Georg Lúðvíksson, forstjóri Meniga, voru í gær kjörnir í stjórn Icelandair Group. Ásamt þeim munu þau Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi, Katrín Olga Jóhannesdóttir, stjórnarformaður Já, og Ásthildur Margrét Otharsdóttir, sjálfstæður ráðgjafi, skipa stjórnina.

Sá sem hlaut ekki brautargengi var Tómas Andrés Tómasson, betur þekktur sem Tommi á Búllunni. – þea

# DV fari í þrot vegna vangoldinna launa

**VR krefst þess að DV fari í þrot vegna ógreiddra launa. Fyrrverandi starfsmaður segir útgáfufélagið hafa haldið eftir meðlagsgreiðslum. Framkvæmdastjóri DV segist hafa samið.**

**FJÖLMIÐLAR** VR hefur krafist þess að DV ehf., útgáfufélag DV, verði tekið til gjaldþrotaskipta. Erfiðlega hefur reynst að innheimta kröfur af útgáfufélaginu því áður hafði Lífeyrissjóður verslunarmanna gert árangurslaust fjárnám þar.

Árangurslaust fjárnám hefur þau réttaráhrif samkvæmt lögum að í þrjá mánuði á eftir geta allir kröfuhafar DV ehf. farið fram á að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti.

„Ég er með launakröfu fyrir einn fyrrverandi starfsmann DV. Við erum búin að senda út innheimtubréf og við erum í viðræðum við þá um að leysa þetta,“ segir Guðmundur B. Ólafsson sem rekur málið fyrir VR. Verði krafan ekki greidd og félagið sett í þrot getur launþeginn sótt um greiðslur frá Ábyrgðasjóði launa. Guðmundur segir að hann muni draga kröfuna til baka ef samningar nást og krafan verður greidd. „Það er í raun alveg hægt að draga hana til baka þangað til úrskurður kemur,“ segir hann.



> Ég er búinn að semja um þetta en á vissulega eftir að greiða þetta.
>
> Sigurvin Ólafsson, framkvæmdastjóri DV

Ólafur Haukur Hákonarson auglýsingasölumaður hætti störfum hjá DV síðasta sumar. Hann segir að krafa sín nemi rétt tæplega milljón krónum. Auk þess að halda eftir launum segir Ólafur að útgáfufélagið hafi líka haldið eftir meðlagsgreiðslum. „Það sem var kveikjan að því að ég hætti hjá þeim var að ég var með stefnu frá Innheimtustofnun sveitarfélaganna þar sem kom í ljós að ég átti að skulda þeim einhvers staðar á milli 6-700 þúsund krónur í meðlög en varð mjög undrandi af því að meðlög voru alltaf dregin af laununum mínum. En það kom í ljós að þau skiluðu sér ekki til Innheimtustofnunarinnar og ég gat sýnt fram á það að þetta hafði alltaf verið dregið af laununum mínum. Þannig að þeir færðu kröfuna bara yfir á DV,“ segir Ólafur Haukur.

Rétt er að taka fram að eftir að Ólafur auglýsingasölumaður hætti störfum hjá DV ehf. hóf hann störf hjá 365 sem gefur út Fréttablaðið og Vísi.

„Ég er búinn að semja um þetta en á vissulega eftir að greiða þetta,“ segir Sigurvin Ólafsson, framkvæmdastjóri DV ehf., um launakröfu Ólafs. Hann segir árangurslausa fjárnámið vera óskylt launakröfunni sem Ólafur gerði.

Samkvæmt Creditinfo er síðasti ársreikningur sem DV ehf. skilaði inn fyrir árið 2014 og var honum skilað inn til ársreikningaskrár hinn 22. desember 2015. Samkvæmt þeim reikningi á Pressan ehf. stærsta hlutinn í DV ehf., eða rétt tæp 70 prósent. Eigendur Pressunnar eru Björn Ingi Hrafnsson og Arnar Ægisson.

jonhakon@frettabladid.is



LÍNAN
BÆJARLIND 16 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | LINAN.IS
OPIÐ MÁN TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARDAGA 11 - 16


2.-6. MARS
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
KRINGLU
KAST
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
20–50%
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
Kringlan
Af öllu hjarta
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 26.02.2017 – 04.03.2017

**26%**
meira losum við Íslendingar af gróðurhúsalofttegundum en árið 1990.

**3.000**
tonnum af loðnu, rúmlega, landaði Beitir NK í vikunni – sem er Íslandsmet.

**34 ára**
gamlan slökkviliðsbíl reiðir Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu sig á.

**1.758**
menntaðir leikskólakennarar störfuðu í leikskólum árið 2015, en leyfisbréfin voru 2.992.

**3**
slysasleppingar urðu á regnbogasilungi úr eldiskvíum á átta mánaða tímabili.

**450.000**
manns hafa siglt með Norðursiglingu í 10.000 hvalaskoðunarferðum.

**1.300 tonn**
af lambakjöti voru flutt út síðustu þrjá mánuði síðasta árs.

## Þrjú í fréttum
## Leynifundir, myglusveppur og netverslun

**Guðmundur Árnason**
*ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu*



Íslenskir embættismenn, þar á meðal Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, hittu í vikunni bandaríska sjóði, sem eiga 150 milljarða í aflandskrónum. Mögulegt er að annað útboð fari fram þar sem sjóðirnir myndu selja á litlum afslætti.

**Páll Ágúst Ólafsson**
*sóknarprestur á Staðastað*



Deilt er innan þjóðkirkjunnar um eftirmál af því að Páll Ágúst Ólafsson, sóknarprestu á Staðastað, flúði staðinn með fárveikan son. Veikindin eru rakin til myglu í prestsbústaðnum. Kirkjan viðurkennir ekki að presturinn hafi þurft að flytja út á meðan á viðgerð hússins stóð, en hún tók um hálft ár.

**Svava Johansen**
*forstjóri NTC*



segist ekki hræðast H&M en fyrirtækið sé þó ekki sofandi á verðinum. Fyrr í vikunni var greint frá því að Topshop myndi hætta rekstri verslunar hér á landi. Svava segir að þar hafi mun sterkari samkeppnisaðili við NTC horfið af markaðnum.

# Tugir milljóna innheimtar í bílastæðagjöld á Þingvöllum

**Sveitarfélög fá heimild til að leggja á bílastæðagjöld á ferðamannastöðum. Tekjunum skal varið í uppbyggingu á stöðunum og gæslu. Þjóðgarðsvörður á Þingvöllum segir vel hafa gengið að innheimta bílastæðagjöld þar. Tekjurnar eiga að fara í að byggja upp þjónustu á borð við salerni, göngustíga og bílastæði.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mun á næstunni kynna í ríkisstjórn frumvarp um heimild sveitarfélaga til að leggja á bílastæðagjöld í dreifbýli.

„Þetta er nú orðið dagaspursmál heldur en hitt. Það er ekki búið að afgreiða þetta inn til ríkisstjórnar en þetta er í lokafrágangi,“ segir ráðherrann í samtali við Fréttablaðið.

Samkvæmt frumvarpinu munu sveitarfélög fá heimildir til að leggja á bílastæðagjöld og fá óskertar tekjur af þeim en yrði skylt að verja þeim í að byggja upp bílastæði og þjónustu sem tengist þeim.

„Að menn byggi upp salernisaðstöðu eða einhverja aðstöðu fyrir þá sem eru að nýta sér þjónstuna,“ útskýrir Jón og bætir við að tekjurnar yrðu þá líka nýttar til að greiða fyrir gæslu.

Jón segir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hafa haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur ráðuneyti við samningu frumvarpsins.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir tvær meginlínur í stefnumörkun sambandsins varðandi tekjur sveitarfélaga af ferðaþjónustu. Gjaldtaka á bílastæðum sé önnur þeirra en hin sé hlutdeild í gistináttaskattinum.

„Það hefur verið mikið samráð við okkur. Ég veit ekki hver staðan er á málinu en við viljum fá þetta í gegn,“ segir Halldór. Hann býst við að frumvarpið geri ráð fyrir því að hvert sveitarfélag ráði fjárhæðinni sem innheimt er á hverjum stað fyrir sig.

Halldór kveðst ánægður með þingmálið. „Við mætum svo fyrir þingnefnd ef við höfum einhverjar athugasemdir í lokin,“ segir hann.

Á Þingvöllum hafa frá júní 2016 verið innheimt bílastæðagjöld á grundvelli sérlaga um þjóðgarðinn.

Tekjur vegna þeirra námu um 70 milljónum króna í fyrra. Fimm hundruð krónur eru innheimtar fyrir einkabíl en hærra verð fyrir hópbíla og eru verðflokkarnir þrír.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, er ánægður með hvernig til hefur tekist með gjaldtökuna.

„Þetta hefur gengið vel, ef maður á að segja það í einni setningu,“ segir hann.

En ýmis úrlausnarefni hafi verið varðandi tæknilegar hliðar. Laga hafi þurft netsamband þar sem ekki er ljósleiðari á Þingvöllum. Rafkerfið þoldi nýja fyrirkomulagið ekki heldur.

Ólafur þjóðgarðsvörðu segir að tekjurnar fari í endurbætur á aðstöðunni og aðbúnaði á bílastæðum, rekstur á kerfunum sem til þarf, launagreiðslur vegna gæslu á bílastæðunum og fleira.
**jonhakon@frettabladid.is**



**Í sérlögum um þjóðgarðinn er heimild til innheimtu þessara gjalda.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Þetta hefur gengið vel, ef maður á að segja það í einni setningu.**

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

Nýtt Húsasmiðjublað er komið út

# SÚPER TILBOÐ Í MARS

## Jotun Lady veggmálng **20-30% afsláttur**



30% afsláttur

Algerlega mótt málning
Hrikalega flott!

3 ltr

JOTUN
SÚPER TILBOÐ
**6.290 kr**
~~8.995~~ kr
Lady Pure Color 3 ltr.
Mött veggmálning
7122045-48



25% afsláttur

3 ltr

JOTUN
SÚPER TILBOÐ
**2.245 kr**
~~2995~~ kr
Jotun vegg- og loftamálning
3 ltr.
7119781-83





FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN
KOMIÐ Í VERSLANIR
weber

**Gasgrill Q2200**
Meðfærilegt gasgrill á fótum, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Grillflötur: 39 x 54 cm, ryðfrír brennari 3,51 kW/h—12.000 BTU, rafstýrður kveikjurofi.
3000378
**57.990 kr**



BLACK&DECKER
SÚPER TILBOÐ
**9.995 kr**
~~14.995~~ kr
**Hleðsluborvél**
10,8V, tvær 1,5Ah Li-ion rafhlöður, hersla 26Nm.
5245565

33% afsláttur



BLACK&DECKER
SÚPER TILBOÐ
**5.995 kr**
~~8.995~~ kr
**Höggborvél**
500W, 13 mm málmpatróna.
5245599

33% afsláttur



HITACHI
Inspire the Next
SÚPER TILBOÐ
**24.995 kr**
~~32.995~~ kr
**Hleðsluborvél +54 fylgihlutir**
2 stk., 10.8V, Li-ion rafhlöður, hersla 35Nm, Led ljós, þyngd aðeins 1 kg.
5246785

24% afsláttur



Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
ÞÚ SPARAR: 10.090 KR
**Þvottavél**
FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690
**54.900 kr**
~~64.990~~ kr



40% afsláttur

NEO TOOLS
SÚPER TILBOÐ
**9.595 kr**
~~15.995~~ kr
**Topplyklasett**
Neo, 73 stk, 1/2"-1/4".
Toppar 4-27 mm skrall 72T.
5052569



Nilfisk
17% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**9.995 kr**
~~11.995~~ kr
**Ryksuga**
**Buddy II, 12 ltr.**
Fyrir þurrt og blautt, 1200W, 12 ltr. tankur, þyngd 4,4 kg.
5254378

# ELDHÚS & BAÐ
# 25% afsláttur

af öllum blöndunartækjum, salernum, vöskum, handlaugum, handklæðaofnum, innréttingum, speglum, sturtuklefum og fleira.



Byggjum á betra verði

VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA



**Rúnar Vilhjálmsson**
**tannlæknir**

Ég hef að nýju hafið störf á tannlæknastofunni Krýnu ehf að Grensásvegi 48 í Reykjavík.

Við bjóðum alla alhliða tannlæknaþjónustu fyrir alla aldurshópa ásamt sérfræðiþjónustu í tannsmíðum, krónu og brúargerð, heilgóma og partagerð og tannplöntum.

Tímapantanir eru í síma 553 4530 eða á heimasíðu Krýnu: **www.kryna.is**

KRÝNA TANNLÆKNASTOFA
Sími: 553-4530
Grensásvegur 48
108 Reykjavík
Aðgengi fyrir fatlaða



HÚSMÆÐRAORLOF
Gullbringu- og Kjósarsýslu 2017

*Garðabær, Garður, Grindavík, Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Sandgerði, Seltjarnarnes, Vogar.*

Rétt til þess að sækja um eftirfarandi ferðir, hefur sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf.

*Portoroz í Slóveníu og Króatía* — *5. – 12. júní*
*Aðventuferð til Wiesbaden í Þýskalandi* — *30. nóv. – 3. des.*

Eftirtaldar konur veita nánari upplýsingar og taka á móti pöntunum í síma á milli kl. 17:00 og 19:00 á virkum dögum frá 6. – 15. mars.

*Svanhvít Jónsdóttir* 565 3708
*Ína D. Jónsdóttir* 421 2876
*Guðrún Eyvindsdóttir* 422 7174
*Valdís Ólafsdóttir* 566 6635
*Sigrún Jörundsdóttir* 565 6551

*Orlofsnefndin*





Einu sinni þótti ekkert sjálfsagðara en að bera fram veislumat í hlaupi við ólíklegustu aðstæður. Í dag vitum við betur. Það sama á við um tóbak.

**Tóbak er tímaskekkja.**

Þú veist betur

mottumars.is
MOTTU MARS



FRÉTTABLAÐIÐ



**Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.**

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 · olís · nettó · BÓNUS · Samkaup · Samkaup strax · Samkaup úrval




**Margir mótmæltu áformum jafnaðarmanna og flokka albanskættaðra um opinbera upptöku albönsku.** NORDICPHOTOS/AFP

# Mótmæla opinberri upptöku albönsku

**MAKEDÓNÍA** Fjöldi Makedóna mótmælti fyrirhugaðri upptöku albönsku sem annars opinbers tungumáls landsins í höfuðborginni Skopje í gær. Mótmælin hafa staðið yfir undanfarna daga en um fjórðungur íbúa Makedóníu er af albönskum uppruna.

Hugmyndin um að albanska verði annað opinbert tungumál landsins kemur frá fyrirhuguðu ríkisstjórnarsamstarfi jafnaðarmanna og flokka albanskættaðra Makedóna.

Forseti Makedóníu, Gjorge Ivanov, hefur þó reynt að koma í veg fyrir að blokkirnar tvær myndi ríkisstjórn. „Ég get ekki skipað ríkisstjórn sem ógnar fullveldi Makedóníu," sagði Ivanov í vikunni.

Í kjölfar ummæla Ivanovs skoraði Evrópusambandið á forsetann að standa ekki í vegi fyrir myndun ríkisstjórnar. „Ég hef beðið forsetann um að snúa ákvörðun sinni við, ríkisborgurum hans til hagsbóta," sagði Federica Mogherini, utanríkismálastjóri ESB, í gær.

Ivanov hefur hins vegar hafnað beiðni Evrópusambandsins. Heldur hann sig við rökstuðning sinn um að bandalagið myndi ógna fullveldi, samkennd og sjálfstæði landsins. **– þea**

# Reiði í öllum flokkum yfir niðurskurði Jóns

**Um tíu milljarða króna niðurskurður samgönguáætlunar á þessu ári leggst þungt á þingmenn og sveitarstjórnarfólk um allt land. Teitur Björn Einarsson þingmaður segir veg um Teigsskóg halda íbúum í heljargreipum.**

**SAMGÖNGUMÁL** Mikillar óánægju gætir um allt land og í öllum stjórnmálaflokkum með störf Jóns Gunnarssonar samgönguráðherra. Skorið hefur verið niður um tíu milljarða frá nýsamþykktri samgönguáætlun og margar nýframkvæmdir þurfa að bíða enn um sinn.

„Það eru náttúrulega allir ósáttir við þennan niðurskurð, alveg sama hvert litið er," segir Valgerður Gunnarsdóttir, formaður umhverfis- og samgöngunefndar þingsins. „Fyrir það fyrsta er slæmt að gera áætlun upp á tæpa fimmtán milljarða og vera ekki með örugga fjármögnun á því og Alþingi verður að taka það á sig að hafa samþykkt samgönguáætlun á sínum tíma."

Valgerður mun kalla saman fund með ráðherra til að fara yfir stöðuna. „Því þarf að skera niður og niðurskurðurinn er öllum sársaukafullur. Ég hef sent beiðni um að samgönguráðherra komi fyrir nefndina og fari þar yfir málin," bætir Valgerður við.

Þann 12. október síðastliðinn, tveimur vikum fyrir kosningar til Alþingis, var samgönguáætlun samþykkt á þingi. Hún gerði ráð fyrir framkvæmdum upp á um fimmtán milljarða króna á þessu ári. Tíu vikum seinna samþykkti Alþingi í flýti fjárlög fyrir árið í ár sem gerðu aðeins ráð fyrir fjórum og hálfum milljarði. Því vantar upp á tíu milljarða til að hægt sé að fara í allar þær framkvæmdir sem samgönguáætlun sagði til um.

Teitur Björn Einarsson, þingmaður Norðvesturkjördæmis, er allt annað en hress með stöðu mála. „Við eigum eftir að fá frekari skýringar á því hvað hér er á ferðinni. Hins vegar er alveg á hreinu að þegar framkvæmdaleyfi fyrir veg um Teigsskóg hefur verið gefið út er ekki til umræðu að það frestist um eina sekúndu lengur, miðað við þann týnda hörmungaráratug þar sem íbúum hefur verið haldið í heljargreipum," segir Teitur.

## Samgöngubætur sem skera á niður

- Ljúka átti við Dettifossveg
- Breikkun vegar frá Geysi í Haukadal að Tungufljóti
- Endurbætur á Bárðardalsvegi
- Endurbætur á Borgarfjarðarvegi um Njarðvíkurskriður
- Endurbætur á Kjósarskarði
- Brú yfir Hornafjarðarfljót
- Flughlað á Akureyri
- Vegur um Teigsskóg
- Endurbætur á Dynjandisheiði

> Það eru náttúrulega allir ósáttir við þennan niðurskurð, alveg sama hvert litið er.
>
> Valgerður Gunnarsdóttir, formaður umhverfis- og samgöngunefndar




Fjöldi nýframkvæmda er í uppnámi eftir niðurskurð samgönguráðherra. Sigrún Blöndal, formaður stjórnar SSA, Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi, segir þingið þurfa að hugsa sinn gang. „Það er auðvitað þingsins að tryggja að fjármagn fylgi samþykktum samgönguáætlunar. Það er annars ljóst að þetta er gríðarlegur niðurskurður og forgangsröðun framkvæmda ekki að mínu skapi. Ég hefði til að mynda viljað klára þjóðveg 1 áður en farið er í Dettifossveg sem, með fullri virðingu fyrir honum, er ekki þjóðvegur. Það er ofboðslega sárt að sjá framkvæmdir sem beðið hefur verið eftir í ár og áratugi vera strikaðar út af borðinu sisvona."

sveinn@frettabladid.is

GILDIR 03.03.17 - 06.03.17

# TAX FREE




## AF ÖLLUM VÖRUM

## ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

## Grunur um að efnavopn hafi verið notuð

**ÍRAK** Tólf almennir borgarar særðust í efnavopnaárás í írösku borginni Mósúl. BBC greindi frá þessu í gær en herir Íraka og Kúrda berjast um borgina við hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki (ISIS).

Læknir sem starfar fyrir Rauða krossinn nálægt Mósúl staðfesti árásina í samtali við BBC. Greindi hann frá því að ellefu ára drengur ætti afar erfitt með andardrátt og útbrot væru á húð hans. Á meðal fórnarlamba árásarinnar var mánaðargamalt barn. Læknirinn sagði óljóst hvers konar efni hefði verið notað.

Samkvæmt BBC er óljóst hver ber ábyrgð á árásinni. Efnunum hafi hins vegar skotið úr vesturhluta borgarinnar, sem er enn undir stjórn ISIS.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin staðfesti við BBC að hún hefði heyrt af árásinni og ynni með Rauða krossinum að undirbúningi ef fleiri slíkar árásir yrðu gerðar. – þea

# Slapp líklega af mannavöldum

**Matvælastofnun telur að regnbogasilungur sem veiddist í sumar hafi sloppið vegna mannlegra mistaka í stað þess að gat hafi komið á kvíar. Stofnunina grunar hvaðan fiskurinn slapp. Málið er enn til rannsóknar.**

**NÁTTÚRA** Matvælastofnun hefur rökstuddan grun um hvaðan regnbogasilungur slapp úr kvíum síðastliðið sumar með þeim afleiðingum að hann veiddist í ám á stóru svæði. Stofnunin horfir til Vestfjarða og telur að regnbogasilungurinn hafi ekki sloppið í gegnum göt á netum kvía.

Í sumar varð vart regnbogasilungs í öllum ám á Vestfjörðum en einnig á Norðurlandi vestra og í Eyjafirði svo dæmi séu tekin. Ljóst er að slysasleppingar á regnbogasilungi urðu þrjár á síðasta sumri.

„Við höfum grun um hvaðan fiskurinn sem veiddist í sumar er ættaður en bíðum slátrunar úr kvíum til að fá haldbærari niðurstöður,“ segir Soffía Katrín Magnúsdóttir, eftirlitsmaður Matvælastofnunar með búnaði og kvíum eldisfyrirtækja. „Málið er enn til rannsóknar hjá okkur og við bíðum átekta eftir því að fyrirtæki slátri fiski. Þá getum við séð hvort afföll séu einhvers staðar í kvíum.“


Grunur leikur á að eldisfiskur hafi sloppið úr kvíum á Vestfjörðum. MYND/PJETUR

Frá því regnbogasilungur fór að veiðast í nánast öllum ám á Vestfjörðum hefur Matvælastofnun verið með málið á sinni könnu auk Fiskistofu. Matvælastofnun hefur eftirlit með búnaði fyrirtækjanna en hefur ekki kannað kvíar með köfun allan þennan tíma og gert á þeim óháða rannsókn. „Við köfum ekki til að skoða kvíar. Fyrirtækin ráða sjálf kafara til að skoða sínar kvíar,“ segir Soffía Katrín.

Matavælastofnun telur ennfremur ósennilegt að fiskurinn hafi sloppið í gegnum göt á kvíum. Ef stór göt væru á kvíum regnbogasilungs telur Matvælastofnun nær öruggt að það kæmi fram þegar kafarar kanna kvíarnar. „Við teljum frekar að einhvers konar handvömm starfsmanna hafi verið valdur þess að regnbogi slapp í sumar,“ segir Soffía Katrín.

Fyrirtæki á Vestfjörðum, sem ala regnbogasilung, sem Fréttablaðið náði tali af í gær segja það hins vegar af og frá að fiskur þeirra hafi sloppið í sumar. Gunnvör í Hnífsdal hafi til að mynda slátrað um 280 tonnum af regnbogasilungi í haust og engin afföll hafi verið hjá þeim.

sveinn@frettabladid.is


# Lífeyriskerfi á vogarskál

## Samanburður lífeyriskerfa í fimm Evrópuríkjum leiðir í ljós að íslenska lífeyriskerfið er sterkt þegar á heildina er litið.

Íslenska lífeyriskerfið sker sig þó úr að sumu leyti með mun meiri tekjutengingu lífeyris úr opinbera kerfinu og með hæsta hlutfall eftirlauna úr söfnunarkerfum, starfstengdum lífeyrissjóðum og séreignarsjóðum.

**Fjallað verður um samanburð lífeyriskerfa á Íslandi, í Bretlandi, Danmörku, Hollandi og Svíþjóð á Grandhóteli í Reykjavík 7. mars 2017 kl. 8:30 til 10:00. Morgunverður er í boði á milli kl. 8:00 og 8:30.**
**Kynningin er öllum opin en skráning er nauðsynleg á lífeyrismál.is (sjá fréttir).**



**Þórey S. Þórðardóttir,**
*framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða*,
Staða og þróun íslenska lífeyriskerfisins.



**Stefán Halldórsson,**
*verkefnisstjóri Landssamtaka lífeyrissjóða*,
kynnir nýja greinargerð starfshóps um samanburð lífeyriskerfa í fimm ríkjum.



**Benedikt Jóhannesson,**
*fjármála- og efnahagsráðherra,*
fjallar um niðurstöður starfshópsins, stöðu Íslands og framtíð lífeyrismála hérlendis.

Lífeyrismál.is
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL

**Greinargerð um samanburð lífeyriskerfa er að finna á lífeyrismál.is**

Landssamtök lífeyrissjóða • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 563 6450 • lífeyrismál.is


# Ásakanir Evrópunefndar setja Arnþrúði í lífshættu

**SAMFÉLAG** „Þarna eru rangar sakir bornar á Útvarp Sögu. Það er verið að saka okkur um hatursorðræðu gegn múslimum. Bara það eitt og sér setur okkur í alvarlega lífshættu. Ég lít svo á,“ segir Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri á Útvarpi Sögu, um skýrslu ECRI, nefndar Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi, sem Fréttablaðið greindi frá í gær.

> Það er verið að saka okkur um hatursorðræðu gegn múslimum. Bara það eitt og sér setur okkur í alvarlega lífshættu.


Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri á Útvarpi Sögu

Í skýrslunni segir meðal annars að ECRI sé kunnugt um Útvarp Sögu sem „dreifi hatursorðræðu“ sem beint sé að innflytjendum, múslimum og hinsegin fólki.

„Þessi skýrsla er óundirrituð. Það er eins og það sé enginn ábyrgðarmaður fyrir þeim fullyrðingum sem þarna koma fram,“ segir Arnþrúður. Þá segir hún ásakanir ECRI alvarlegar og gagnrýnir að útvarpsstöðin hafi ekki fengið möguleika á að svara þeim.

„Þetta finnst mér koma úr hörðustu átt, frá nefnd sem vinnur undir merkjum mannréttinda og byrjar á því að brjóta á mannréttindum þeirra sem fjallað er um,“ segir Arnþrúður enn fremur.

Þá segir hún sláandi að nefnd á vegum Evrópuráðsins „sé á fleygiferð að skipta sér af innanríkismálum á Íslandi, reyna að hafa áhrif á hegningarlög landsins og stjórnsýslu“. Arnþrúður segir að á sama tíma og Íslendingar haldi að þeir séu að kjósa alþingismenn sem ráði allri löggjöf á landinu komi nefnd frá Evrópuráðinu aftan að þeim með óundirritað plagg sem í hennar huga sé eins og hver annar ruslpóstur.

„Þeir komu hingað einhvern tímann í fyrra og ég sé ekki betur en að þeir hafi leitað uppi nafnleysingja sem hafi viljað koma skoðunum sínum á framfæri með þessum hætti,“ segir hún enn fremur og bætir því við að skýrslan sé vel til þess fallin að stórskaða fólk í víðu samhengi. – þea

# Blái naglinn fundaði með forseta um rannsóknir

**SAMFÉLAG** Jóhannes Reynisson, forsvarsmaður Bláa naglans, hitti Guðna Th. Jóhannesson, forseta Íslands, í vikunni þar sem þeir ræddu um framfarir í krabbameinsrannsóknum og stofnun styrktarsjóðs fyrir grunnrannsóknir á krabbameini. Sjóðurinn verður stofnaður þann 27. mars, og gerðist Guðni stofnfélagi að sjóðnum sem verður í samstarfi við krabbameinslækna, vísindasamfélagið og líknarfélög svo nokkur dæmi séu tekin.

Með sjóðnum vill Jóhannes koma með nýja nálgun í krabbameinsrannsóknir og stöðva krabbamein í fæðingu með svokallaðri snemm-greiningu. „Ég vil að einstaklingur komi reglulega og kerfisbundið á fimm ára fresti til rannsókna á DNA og RNA frá tvítugsaldri.

Það eru ótal vinklar í þessu en þetta er ný nálgun og ávinningurinn er gríðarlegur.“ Hægt er að gerast stofnfélagi í gegnum vefsíðuna Blái naglinn. – bb


Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Jóhannes V. Reynisson, frá Bláa naglanum. MYND/JÓHANNES V. REYNISSON

# STEINBAKAÐ

EFTIR ALDARGAMALLI FRANSKRI
HEFÐ, DEIGIÐ ER LÁTIÐ HEFAST
Í 24 TÍMA FYRIR BAKSTUR

BAK
ARÍ
IÐ



Parísar Baguette, Súrdeigsbrauð, Noixbrauð með trönuberjum & valhnetum, Bastillubrauð, Rivolibrauð, Ólífu & ostabrauð og Tómat & ostabrauð.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Vandræði samherja Donalds Trump

Varaforseti, dómsmálaráðherra, fjölmiðlafulltrúi, ráðgjafi og þjóðaröryggisráðgjafi Bandaríkjaforseta hafa allir komið sér í klandur frá því að Donald Trump tók við embætti í janúar. Í gær var greint frá einkapóstþjóni Mikes Pence varaforseta í erlendum miðlum.



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@365.is

**BANDARÍKIN** Fjölmargir samstarfsmenn Donalds Trump, nýs Bandaríkjaforseta, hafa komið sér í klandur frá því Trump tók við embætti í janúar. Hefur klandur samstarfsmannanna orsakast ýmist af tengslum við Rússa, ósannsögli í fjölmiðlum eða notkun einkatölvupóstþjóns í opinberu starfi.

Sjálfur hefur Trump staðið í ströngu við að koma samstarfsmönnum sínum til varnar.

Fréttablaðið tekur saman þau vandræði sem fimm nánir samstarfsmenn forsetans hafa komið sér í undanfarnar vikur.

## FJÖLMIÐLAFULLTRÚINN
### Sean Spicer

Sean Spicer er fjölmiðlafulltrúi forsetans. Á sínum fyrsta blaðamannafundi, skömmu eftir embættistöku forsetans, gerði Spicer mætingu á innsetningarathöfn forsetans að umfjöllunarefni sínu.

„Þetta var mesti fjöldi áhorfenda sem hefur nokkru sinni fylgst með innsetningarathöfn. Hvort sem þú lítur til þeirra sem mættu á staðinn eða þeirra sem horfðu á útsendingu frá athöfninni,“ sagði Spicer á blaðamannafundinum.

Ástæða ummæla Spicers var umfjöllum bandarískra fjölmiðla þar sem fólksfjöldi á innsetningarathöfn forseta var borinn saman við þann



fjölda sem mætti til að berja Barack Obama augum árið 2009. Ummæli Spicers voru hins vegar ósönn. Fleiri mættu á innsetningarathöfn Obama en Trumps.

## RÁÐGJAFINN
### Kellyanne Conway

Kellyanne Conway er ráðgjafi forsetans. Í byrjun febrúar var Conway í viðtali hjá Fox News.

Hvatti hún þar áhorfendur til þess að kaupa vörur úr fatalínu Ivönku Trump, dóttur forsetans, eftir að Nordstrom hafði tekið línuna úr sölu.

Jafnt Demókratar sem fjölmiðlar gagnrýndu Conway fyrir athæfið.

Opinberum starfsmönnum er bannað með lögum að nota stöðu sína til að auglýsa hvers konar vörur eða þjónustu.

Um miðjan febrúarmánuð tóku umsjónarmenn þátta á bandarísku sjónvarps-



stöðvunum CNN og MSNBC þá ákvörðun að fá Conway ekki lengur í viðtöl. Var það gert þar sem stjórnendum þykir hún óáreiðanlegur viðmælandi.



## VARAFORSETINN
### Mike Pence

Mike Pence er varaforseti Bandaríkjanna. Indianapolis Star, dagblað í Indiana-ríki, greindi frá því í gær að Pence hefði notað einkatölvupóstþjón þegar hann var ríkisstjóri Indiana. Átti hann í samskiptum við heimavarnaryfirvöld. Þó er tekið fram í fréttinni að slíkt sé ekki ólöglegt.

Pence hefur verið sakaður um hræsni fyrir athæfið. Hann hafi gagnrýnt Hillary Clinton harðlega fyrir að nota einkapóstþjón í starfi sínu sem utanríkisráðherra.

Washington Post greindi frá muninum á máli Clinton og Pence í gær. Er þar sagt að þótt póstþjónn Clinton hafi ekki verið ólöglegur hafi hann brotið gegn hefðum. Enn fremur hafi Clinton eingöngu notað einkapóstþjón en ekki hafi verið sýnt fram á að Pence hafi gert slíkt hið sama.

## DÓMSMÁLARÁÐHERRANN
### Jeff Sessions

Jeff Sessions er dómsmálaráðherra Bandaríkjanna. Á miðvikudag birti Wall Street Journal frétt þar sem sagt var frá fundum Sessions með sama Kislyak og Flynn fv. þjóðaröryggisráðgjafi fundaði með. Áttu fundirnir sér stað þegar kosningabarátta Trump stóð yfir og meint afskipti Rússa af kosningunum eru talin hafa verið sem mest.

Demókratar hafa í kjölfarið krafist afsagnar Sessions. Einkum þar sem þeir segja Sessions hafa sagt ósatt



þegar hann mætti í yfirheyrslu fyrir nefnd öldungadeild þingsins áður en hann var settur í embætti. Var Sessions þá spurður hvort einhver gögn sýndu fram á að fólk úr framboði Trumps hefði talað við rússnesk yfirvöld á meðan á kosningabaráttunni stóð.

Sessions svaraði því að hann hafði verið kallaður staðgengill Trumps í kosningabaráttunni einu sinni eða tvisvar. Hann sagðist hins vegar, eiðsvarinn, ekki hafa átt samskipti við Rússa. Hann greindi frá því á fimmtudagskvöld að hann myndi ekki koma nálægt rannsókn Alríkislögreglu á afskiptum Rússa af kosningabaráttunni.

## ÞJÓÐARÖRYGGISRÁÐGJAFINN
### Mike Flynn

Mike Flynn var þjóðaröryggisráðgjafi forseta. Þann 22. janúar greindi Wall Street Journal frá því að Flynn sætti rannsókn leyniþjónustustofnana fyrir samskipti við sendiherra Rússlands, Sergey Kislyak.

Upplýsingum um símtöl Flynn við Kislyak var lekið til blaðsins og gagnrýndi Trump forseti lekann harðlega. Greint var frá því að Flynn hefði rætt við sendiherrann áður en hann tók við embætti og snerust samtölin um mögulega aflettingu viðskiptaþvingana.

Flynn sagði varaforsetanum



Mike Pence síðan ósatt um samskiptin. Var hann í kjölfarið beðinn um að segja af sér og varð hann við þeirri ósk forseta.

HVERAGERÐISBÆR

TIL LEIGU

GARÐYRKJUSTÖÐ Í HVERAGERÐI







**Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í leigu á garðyrkjustöðinni að Þelamörk 29 í Hveragerði sem staðsett er í miðbæ Hveragerðisbæjar.**

Garðyrkjustöðin, sem er samtals 1.866 m$^2$, samanstendur af 7 gróðurhúsum og einu timburhúsi sem mynda eina sambyggða heild. Húsin eru byggð á mismunandi tímum frá 1947 - 1992.
Húsin eru hefðbundin stálgrindarhús á steyptum sökkulveggjum, klædd einföldu gleri. Raflagnakerfi fyrir u.þ.b. 300 gróðurlampa og kæliklefi með kælibúnaði fylgir stöðinni.

Garðyrkjustöðin er leigð í því ástandi sem hún er. Viðhald glers og lagna er á ábyrgð leigutaka.

Óskað er eftir verðtilboðum frá áhugasömum aðilum sem geri jafnframt góða grein fyrir fyrirhuguðum rekstri í húsunum og hvernig hann geti haft jákvæð áhrif á bæjarbrag og ímynd Hveragerðisbæjar sem blómabæjar.

Bæjarstjórn áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar gefur bæjarstjóri Aldís Hafsteinsdóttir í síma 483 4000 eða í gegnum netfangið aldis@hveragerdi.is.

Hveragerði - Blómstrandi bær

Tilboðum skal skilað á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar fyrir kl. 12:00, 20. mars 2017.

## Lægri hámarkshraði kostar milljónir

**SAMGÖNGUR** Áhrif hraðastefnu Reykjavíkurborgar á leiðakerfi Strætó myndi kosta fyrirtækið um 80 milljónir á ári auk þess sem gera þyrfti ráð fyrir 4-5 viðbótarvögnum á leiðarkerfið þar sem meðalvagnagjald er um níu milljónir króna á ári. Þetta kom fram á stjórnarfundi Strætó og var lagt fram á Borgarráðsfundi Reykjavíkur.

Í minnisblaði verkfræðistofunnar Mannvits, sem unnið var fyrir stjórn Strætó, kemur fram að ef leyfðum hámarkshraða umferðar verður breytt á götum, þar sem í dag er leyft að aka á 50-60 km/klst. og hámarkshraði lækkaður í 30-50 km/klst, muni það það hafa þau áhrif á akstur Strætó að erfitt verður að aka í samræmi við tímatöflu á vissum leiðum. Vilji Strætó halda uppi sama þjónustustigi mun slíkt óhjákvæmilega leiða til fjölgunar vagna með tilheyrandi hækkun aksturskostnaðar fyrir fyrirtækið.

Að áliti Ragnheiðar Einarsdóttur, samgönguséfræðings Strætó, kom fram að reikna mætti með að kostnaður við akstur gæti aukist um allt að 80 milljónir, auk þess gera mætti ráð fyrir kostnaði vegna 4-5 viðbótarvagna þar sem meðalvagnagjald á ári sé um níu milljónir króna.

Samþykkti stjórnin að Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, sendi aðildarsveitarfélögum Strætó fyrirliggjandi minnisblöð til upplýsingar. – bb

**Lækkun hámarkshraða á leiðum sem Strætó ekur myndi kalla á fjölgun vagna.**




**RAV4** markar upphaf nýrra tíma og gerir hverja ökuferð að hljóðlátri ánægju með nóg rými fyrir fólk og farangur. RAV4 fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn, í dísil-, bensín- og kraftmikilli Hybrid-útfærslu. Glæsileikinn geislar af hönnuninni, jafnt að utan sem innan þar sem mælaborðið skartar stórum margmiðlunarskjá og upplýsingum á 4,2" TFT-skjá. Með 360° myndavél nýtur þú meira öryggis og skynjarar að aftan og framan meta fjarlægðina í öruggum akstri til móts við nýja tíma.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Innritun í framhaldsskóla fyrir haustönn 2017

**Forinnritun nemenda í 10. bekk stendur yfir 6. mars til 10. apríl**

Forinnritun nemenda í 10. bekk (fæddir 2001 eða síðar) hefst mánudaginn 6. mars og lýkur mánudaginn 10. apríl. Í grunnskólum sínum fá nemendur afhent bréf frá Menntamálastofnun sem inniheldur leiðbeiningar um umsóknarferlið og veflykil sem gengur að umsókn á Menntagáttinni, www.menntagatt.is.
Foreldrar/forráðamenn nemenda fá bréf frá Menntamálastofnun með upplýsingum um innritunina sent á lögheimili sitt. Nemendur í 10. bekk eru eindregið hvattir til að taka þátt í forinnrituninni.

**Innritun eldri nemenda stendur yfir 3. apríl til 31. maí**

Innritun eldri nemenda (fæddir 2000 eða fyrr) hefst mánudaginn 3. apríl og lýkur miðvikudaginn 31. maí.
Til að sækja um þarf Íslykil eða rafræn skilríki/auðkenni.

**Lokainnritun nemenda í 10. bekk stendur yfir 4. maí til 9. júní**

Nemendur í 10. bekk hafa frest til miðnættis föstudaginn 9. júní til að sækja um nám í framhaldsskóla eða breyta umsóknum úr forinnritun. Einkunnir þeirra verða sendar rafrænt frá grunnskólunum til framhaldsskólanna eftir skólaslit.

**Fjar- og dreifnám og nám í kvöldskóla**

Innritun í fjar- og dreifnám og í kvöldskóla fer fram samkvæmt fyrirkomulagi sem einstakir framhaldsskólar auglýsa.

**Nánari upplýsingar um innritun í framhaldsskóla má fá hjá Menntamálastofnun í síma 514 7500 eða í gegnum tölvupóstfangið innritun@mms.is.**

**Starfsfólk Menntamálastofnunar**

MENNTAMÁLASTOFNUN



ENDURGJALDSLAUS RÁÐGJÖF VIÐ GERÐ SKATTFRAMTALA

Lögrétta
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík

KPMG
Arion banki
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Lögfræðiþjónusta Lögréttu veitir endurgjaldslausa ráðgjöf við gerð skattframtala í samstarfi við KPMG og Arion banka.

Ráðgjöfin er veitt laugardaginn 11. mars 2017 kl. 11-15 í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1 í Sólinni (aðalbyggingu).
Allir velkomnir.

Hvað þarf að hafa meðferðis?
- Aðgangsupplýsingar að heimabanka
- Aðgangsupplýsingar að skattframtali á skattur.is
- Verktakamiða síðasta árs (ef við á)

Skilafrestur á skattframtali einstaklinga er til 15. mars.

Túlkar aðstoða á eftirfarandi tungumálum:
Spænsku, Rúmensku, Pólsku, Makedónsku, Filippseysku, Króatísku, Frönsku, Serbnesku, Bosnísku




Fjölskyldum sem eru í vanskilum hjá sjóðnum fækkar mjög. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fasteignum Íbúðalánasjóðs fækkað um helming

**Íbúðalánasjóður hefur selt um þrjú þúsund íbúðir á síðustu þremur árum og reksturinn gengið vel. Fjölskyldum í vanskilum fækkaði um 40 prósent í fyrra.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Fasteignum í eigu Íbúðalánasjóðs fækkaði um helming á síðasta ári. Í lok janúar á þessu ári átti Íbúðalánasjóður um 640 íbúðir og hefur frá árinu 2014 selt um þrjú þúsund íbúðir.

„Það hefur gengið mjög vel að losa íbúðir og haft jákvæð áhrif á reksturinn. Þegar við seljum náum við að nýta það fjármagn til að styrkja tekjugrunn sjóðsins,“ segir Hermann Jónasson, forstjóri Íbúðalánasjóðs. „Við gerum ráð fyrir að þróunin verði með svipuðum hætti í ár og hún var í fyrra. Markmiðið er að fækka enn frekar íbúðum í okkar eigu og auka gæði lánasafnsins með skilvirkum innheimtum,“ bætir Hermann við.

Samhliða velgengni í sölu eigna sjóðsins hefur vanskilum fækkað mjög. Fjöldi heimila í vanskilum í lok janúar 2016 var 1.349 og hefur þeim fækkað um fjórutíu prósent á einu ári. Er það til marks um aukna hagsæld almennings.

„Það hefur haft mjög jákvæð áhrif á rekstur sjóðsins og má þakka skilvirkari innheimtuferlum auk ytri þátta í efnahagslífi þjóðarinnar. Minni vanskil þýða aukin gæði lánasafns okkar og valda betri rekstri,“ segir Hermann.

Erfið staða á fasteignamarkaði hefur ekki haft áhrif á Íbúðalánasjóð á síðustu árum. Skortur á íbúðum á sölu hefur að einhverju leyti hjálpað til við rekstur sjóðsins. „Skortur á húsnæði hefur ekki með beinum hætti haft áhrif á reksturinn nema kannski að því leyti til að möguleikar okkar hafa verið mjög góðir til að selja íbúðir og við höfum á síðustu árum átt auðvelt með að losa eignir úr safni okkar.“

Staða sjóðsins hefur styrkst á síðustu árum og reksturinn er góður. Gæði lánasafnsins hafa aukist á síðustu árum og sala úr eignasafninu skilað sér í betri sjóði.

sveinn@frettabladid.is

> **Þegar við seljum náum við að nýta það fjármagn til að styrkja tekjugrunn sjóðsins.**
>
> Hermann Jónasson, forstjóri Íbúðalánasjóð



**642** fasteignir eru nú í eigu Íbúðalánasjóðs.

**890** fasteignir seldi Íbúðalánasjóður frá sér í fyrra.

# Nýjar sendingar af gjafavöru og húsgögnum!

## Höfum lækkað verð á nýjum sendingum!






**Camerich Alison 3ja sæta sófi í áklæði**
verð kr. 298.000,- (tungusófi væntanlegur)



**Púði PB home,** kr. 8.900,-



**Teppi Elvang,** kr. 15.900,-



**PB home sófaborð 90x45 cm,**
verð frá kr. 68.000,-



**PB home sófaborð 90x90x45 cm,**
verð frá kr. 68.000,-



**Camerich Crescent áklæðissófi,** verð frá kr. 324.000,-
sófasett 3+1+1 662.000,-



**Leðursófasett idp Sphera 3+1+1,** verð kr. 796.000,-,
3ja sæta sófi stakur verð kr. 380.000,-



**Blómavasi LSA,** kr. 3.900,-



**PB home gangaborð 110x35x80,**
verð kr. 67.000,-



**PB home körfur,** verð frá kr.6.800,-



**PB home lampi**
verð kr. 29.800,-



**PB home lampi**
verð kr. 38.900,-



**HK living motta,**
120x180 cm kr. 29.400,-, 180x280 cm kr. 69.600,-

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.**

# KRÓNAN STYRKIST - ÞÚ HAGNAST!

# FRUMS
# LÆKKA
## Á ÖLLUM NÝJUM BÍLUM!

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara

DUNKIN' DONUTS

Komdu og kynntu þér frábær verð á glæsilegum gæðabílum frá Opel og SsangYong.
Veitingar í boði. Opið í dag frá 12 til 16.

Opel
**Corsa**
Essencia




**Nýtt verð: 1.990.000 kr.**

OPEL
**Insignia**
Cosmo




**Nýtt verð: 4.490.000 kr.**

**benni.is**

PORSCHE OPEL SSANGYONG

# ÝNUM
# Ð VERÐ

Bílabúð Benna stendur verðlagsvaktina og passar uppá að neytendur hagnist á styrkingu krónunnar. Nú höfum við lækkað verð á öllum nýjum bílum, dekkjum og varahlutum. Við lækkuðum verð á bílum fyrir nokkrum mánuðum síðan og nú gerir hagstæð gengisþróun okkur kleift að endurtaka leikinn
– **það er kjarabót í lagi.**

# STÓRSÝNING Í DAG!

SsangYong
**TIVOLI**
DLX



**Nýtt verð: 3.250.000 kr.**

SsangYong
**Rexton**
DLX



**Nýtt verð: 4.790.000 kr.**

**PORSCHE SALUR**
**Reykjavík**
Vagnhöfða 23
590 2000

**OPEL OG SSANGYONG SALIR**
**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
590 2000

**Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 9
420 3330

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**Laugardaga frá 12 til 16**
**Verið velkomin í reynsluakstur**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Báðu borgaryfirvöld að loka Heiðmörk

**Svo alvarlegum augum er litið á ógn bílaumferðar í Heiðmörk við vatnsbólin þar að Orkuveita Reykjavíkur fór fram á að svæðinu yrði lokað fyrir bílaumferð. Ófremdarástand er viðvarandi og stöðug hætta á mengunarslysi. Utanvegaakstur og óhöpp eru algeng.**

**NÁTTÚRA** Orkuveita Reykjavíkur fór fram á það við borgaryfirvöld í mars 2013 að vegum í Heiðmörk yrði lokað fyrir gegnumakstri vélknúinna farartækja. Ástæða þessarar beiðni var að tryggja vatnsvernd á svæðinu.

Bréfið, sem Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna (dótturfyrirtækis OR), skrifaði tekur til þess að með lokuninni geti Orkuveitan betur rækt skyldur sínar gagnvart íbúum höfuðborgarinnar og „tryggt gott neysluvatn fyrir höfuðborgarbúa til langrar framtíðar“.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær fara heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu þess eindregið á leit við fólk að aka ekki um vatnsverndarsvæðið í Heiðmörk í erfiðum vetrarskilyrðum eins og mynduðust eftir snjóaveðrið á sunnudag. Vegirnir eru mjög varasamir enda engin vetrarþjónusta. Ítrekuð óhöpp hafa orðið á þessu viðkvæma svæði en olíu- og efnamengun er talin ein aðalógnin við öryggi vatnsbóla.

Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sækja vatn í grunnvatnsstraumana í hraununum í Heiðmörk. Þó kemur fram í bréfinu að óljóst virðist hver eigi að sjá um vegina sem þar eru. Þeir séu ekki á vegaskrá Vegagerðarinnar og ekki sé ljóst hvort þeir séu á ábyrgð sveitarfélaganna. Hún vísar í heimild í vegalögum sem leyfir landeigendum að loka slíkum óskilgreindum vegum um jarðir sínar, þó þannig að viðkomandi sveitarstjórn verður að heimila það.



Eftirlitsmaður Veitna taldi á stuttum tíma för eftir fjórtán bíla sem ekið höfðu utan vegar á viðkvæmu vatnsverndarsvæði Heiðmerkur. MYND/HAFSTEINN BJÖRGVINSSON

Þá lýsir hún því ófremdarástandi sem þá þegar ríki en vegirnir í Heiðmörk eru sjaldan eða ekki hreinsaðir af snjó og mikil svell og hálka myndast þegar hlánar.

„Bílar hafa farið út af veginum og olía lekið niður en með snarræði hefur tekist að moka olíumenguðum jarðvegi í burtu,“ segir í bréfi Ingu Dóru til borgarstjórnar. Ennfremur að „starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur hafa oft séð för eftir bíla sem farið hafa út af veginum en þeir verið dregnir burtu án þess að óhappið hafi verið tilkynnt.“

> **Það er öllum mjög mikilvægt að við stöndum vörð um þau einstöku náttúrugæði sem heilnæmt og ómeðhöndlað vatn er.**
>
> Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri OR



> **Bílar hafa farið út af veginum og olía lekið niður en með snarræði hefur tekist að moka olíumenguðum jarðvegi í burtu.**
>
> Úr bréfi Ingu Dóru Hrólfsdóttur, framkvæmdastjóra Veitna



Eins og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær hefur ástandið verið slæmt síðustu daga, og síst batnað frá þeim tíma sem bréfið var skrifað. Bíll fór þar á hvolf í vikunni og eftirlitsmaður Veitna á svæðinu hefur séð ummerki um fjölda óhappa, þar sem bílar hafa farið út af og einnig þar sem bílstjórar reyna á bíla sína með spóli og utanvegaakstri.

Undanfarin misseri virðist vatnsbólunum einnig stafa aukin ógn af flugumferð. Flugvél var nauðlent í Heiðmörk í desember síðastliðnum og útsýnisflug hefur aukist yfir svæðinu.

Þegar haft var samband við OR í ljósi þeirrar fréttar sem birt var í gær sagði umhverfisstjórinn, Hólmfríður Sigurðardóttir, að allir íbúar og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu fengju neysluvatn sitt úr Heiðmörk og nágrenni.

„Það er öllum mjög mikilvægt að við stöndum vörð um þau einstöku náttúrugæði sem heilnæmt og ómeðhöndlað vatn er, þannig að komandi kynslóðir geti notið þeirra,“ segir Hólmfríður sem játar því að óskin um lokanir fyrir alla almenna umferð eigi enn við.

Reykjavíkurborg varð ekki við ósk Orkuveitunnar um að loka vegum í Heiðmörk, en gaf fyrirheit um tilteknar umbætur. Hverjar þær urðu hefur Fréttablaðið ekki upplýsingar um. **svavar@frettabladid.is**






## Alvarlegur trúnaðarbrestur að sögn Elliða

**DÓMSMÁL** „Það er rökstuddur grunur um alvarlegan trúnaðarbrest sem hefur að gera með meðferð fjármuna. Málið hefur verið kært til lögreglu, það er til rannsóknar þar,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, um hjúkrunarforstjóra dvalarheimilisins Hraunbúða sem hefur látið af störfum.

Hraunbúðir hafa undanfarið glímt við fjárhagsvanda. Á fundi fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja þann 20. janúar 2016 kom fram að í árslok 2015 hafi skuld Hraunbúða við aðalsjóð Vestmannaeyjabæjar verið orðin um 372 milljónir króna og að Vestmannaeyjabær þyrfti að greiða um 35 milljónir á ári með rekstrinum til að geta veitt nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

„Viðkomandi starfsmaður var í veikindaorlofi þegar málið kemur upp,“ segir Elliði.

„Við byrjum að vinna þetta mál fyrir þó nokkrum dögum, en þetta eru alltaf erfið mál sem tengjast svona einstökum starfsmönnum og það er að mörgu að huga. Bæði hvað varðar okkar skjólstæðinga sem þarna eiga heima, samstarfsfólk og að sjálfsögðu viðkomandi starfsmann. Við reynum að vinna svona mál með það í huga að aðgát skuli höfð í nærveru sálar og það á við um alla sem málinu tengjast.“ **– hh**

> **Við reynum að vinna svona mál með það í huga að aðgát skuli höfð í nærveru sálar.**
>
> Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum






Costco Wholesale  er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lægsta mögulega verðinu.

## Fyrirtækjaaðild

Þér er heimilt að sækja um fyrirtækjaaðild, ef þú átt eða rekur fyrirtæki.Til þess að gerast meðlimur hjá Costco, og byrja að spara, er nauðsynlegt að framvísa kennitölu fyrirtækis.
Árgjald fyrirtækjaaðildar er **3800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

## Einstaklingsaðild

Öllum einstaklingum, 18 ára og eldri, er heimilt að sækja um einstaklingsaðild.
Árgjald einstaklingsaðildar er **4800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

Costco Wholesale Cash

Sækið um aðild í dag og fáið gjafabréf í Costco og njótið sértilboða!*

## Skráning aðildarumsókna er hafin

### á www.costco.is

**Skráningarskrifstofur í Kauptúni eru opnar mánudaga til laugardaga 10-19 og sunnudaga 10-18.**

Costco Iceland, Kauptún 3, 210 Garðabær - Sími 532 5555 - Netfang costco@costco.is - www.costco.is

*Tilboðið gildir þegar þú sækir um aðild í Kauptúni fyrir opnunardag. Tilboðið er einungis hægt að nýta fyrsta aðildarárið. Bara eitt gjafabréf er í boði fyrir hvert heimili. Tilboðið er ekki hægt að yfirfæra á aðra meðlimi og gildir ekki með öðrum tilboðum. Gjafabréfin er ekki hægt að innleysa fyrir reiðufé. Costco tekur við greiðslum í formi reiðufés, kreditkorta eða debetkorta. Til þess að nýta tilboðið er nauðsynlegt að vera með aðild.









# Iðrun og yfirbót



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Flestar akademískar stéttir sækja menntun og fróðleik til útlanda að loknu grunnnámi. Kennarar í verkfræði, læknisfræði, félagsvísindum, arkitektúr og listum hafa flestir sótt framhaldsnám í virtum menntastofnunum í útlöndum. Margir hafa lokið doktorsprófi.

Listir standa með miklum blóma. Sama á við um læknisfræði, náttúruvísindi og raungreinar almennt. Sprengmenntað fólk hefur skilað sér heim eftir langt og strangt nám vestan hafs og austan. Myndast hefur lítill en kraumandi pottur alþjóðlegra strauma úr mörgum áttum. Í þessu felst mikill styrkur fyrir smáþjóð.

Til skamms tíma átti þetta ekki við um allar háskólastéttir. Undantekning var að löglærðir sæktu nám í útlöndum. Aðeins örfáir luku doktorsnámi, sumir frá Háskóla Íslands. Fyrir vikið höfðu kennarar við lagadeild Háskólans – einu menntastofnunina sem kenndi lögfræði lengst af – næstum allir með tölu numið öll sín fræði við einn og sama skólann, kennarar og nemendur.

Leiðir löglærðra sem náð hafa aldri til að gegna lykilstöðum – stjórnmálamanna, yfirmanna í ráðuneytum, æðstu stjórnenda lögreglu, dómara, saksóknara og prófessora – liggja víða saman. Með hóflegri alhæfingu má segja að allir hafi forsendur til að hafa skoðanir á öllum. Það býður heim hættunni á vanhæfi þvers og kruss. Ekki bætir úr skák að kunnáttufólkið lætur sjaldan í sér heyra af ótta við að stíga á tærnar á gömlum vini eða skólafélaga. Enda verður umfjöllun um dómsmál á Íslandi iðulega afar tilfinningaþrungin.

Nýir háskólar og alþjóðasamstarf menntastofnana er að færa þetta til betri vegar. Laganemar sækja hluta menntunar sinnar í skiptinámi og æ fleiri fara í framhaldsnám utan landsteinanna. Yngri lögfræðingar eru faglega miklu fjölbreyttari hópur en þeir eldri.

Myndin sem hér er dregin upp af valdamestu stétt landsins – stétt ráðsettra lögfræðinga – á ekki við um alla. Í röðum lögfræðinga eru góðir fagmenn. Vandinn er kerfislægur, ekki einstaklingsbundinn.

Mestar framfarir felast þó í því að réttarbætur eru sóttar til útlanda. Geirfinns- og Guðmundarmál hefðu aldrei orðið sá harmur, sem kallaður var yfir dómþola, foreldra þeirra, vini, börn og barnabörn, ef Mannréttindasáttmáli Evrópu og dómstóllinn í Strasbourg hefðu verið komnir til sögunnar fyrir 40 árum. Frá Strasbourg er stöðugt horft yfir öxlina á íslenskum dómurum, öllum til heilla.

Fagna ætti málaleitan Erlu Bolladóttur um leiðréttingu eftir öll rangindin. Ekki stóð steinn yfir steini í meðferð okkar frumstæða réttarkerfis gegn henni og félögum hennar. Þras um lagaskilyrði hljómar eins og þráhyggja eftir allt sem á undan er gengið. Tími er til kominn að arftakar í ömurlegu kerfi sem kallaði ólýsanlegan harm yfir fjölda fólks mann fram af manni í 40 ár sýni iðrun og yfirbót verk fyrirrennara sinna. Voðaverk kerfisins blasa við.

**Það býður heim hættunni á vanhæfi þvers og kruss. Ekki bætir úr skák að kunnáttufólkið lætur sjaldan í sér heyra af ótta við að stíga á tærnar á gömlum vini eða skólafélaga.**

OKKAR SÉRSVIÐ ER
Háræðaslitsmeðferðir
HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



# Afsakið mig

Í fyrradag las ég merkilega færslu frá konu sem vildi biðja mig opinberlega afsökunar.

Hún skrifaði sem sagt:

„…fyrir nokkrum árum, þá komu Baggalútsmenn í settið hjá honum og ég hrósaði þeim á Facebook-síðunni þeirra. En ég var samt frekar leiðinleg sko, ég sagði að þeir hefðu verið jafn skemmtilegir og mér fannst Logi vera óskemmtilegur!“

Það hefur nú margt verra verið sagt um mig og ég man reyndar ekkert eftir þessu. Það er líka tilgangslaust að dvelja við svona lagað. En ég verð samt að viðurkenna að ég hef þann sið, þegar ég sé eitthvað misjafnt um mig á netinu, að læka það. Ég hef greinilega gert það í þetta sinn, því konan skrifaði líka: „Ég vissi því að hann hafði lesið það sem ég skrifaði og það var nóg til þess að gera hnút í maganum sem hefur setið þar í nokkur ár.“

Stundum bæti ég meira að segja við ummælum og segist vera hjartanlega sammála. Bæði af því að mér finnst það fyndið og svo til að fólk átti sig á að það sem það skrifar sést í alvöru. Og getur meira að segja sært. Eftir mörg ár í þessum bransa er ég svo sem kominn með þykkan skráp. Ég hef verið kallaður ýmislegt og sumt hefur verið dónalegt og ruddalegt eða jafnvel bara undarlegt. Þannig er það bara. Eða hvað? Á það kannski ekki að vera þannig?

Ég var ánægður með þessa færslu – ekki af því að hún væri afsökunarbeiðni til mín, heldur vegna ástæðunnar fyrir því að konan hafði farið að hugsa um þetta gamla atvik. Hún hafði sem sagt verið að ræða við dóttur sína um framkomu á netinu. Um það hvernig fólk getur sagt ljóta hluti sem enginn þarf að heyra og hvernig vænsta fólk getur breyst í nettröll.

Það er enginn að segja að allir verði að vera sammála og allt sé gott og fallegt í heiminum. Það er heilbrigt að vera ósammála og deila um hluti og rökræða. Mér finnst það samt of sjaldan gerast að ummæli við fréttir bæti einhverju við og skilji mann eftir fróðari. Það nefnilega bætir engu við samræður að ausa bara yfir þær súru galli.

### Þetta er ekki flókið

Reglan er í alvöru einföld: Ef þú treystir þér ekki til að segja eitthvað við einhvern, augliti til auglits, þá er rökrétt að gera það ekki heldur á netinu.

Þetta er samt regla sem mörgum reynist erfitt að fara eftir, eða kannski hefur sumt fólk einhver önnur viðmið en ég um það hvað er eðlilegt að segja við aðra. Síðasta dæmið af mörgum er umræða um tvær konur sem óskuðu eftir fundi með forsetanum. Það er alveg sjónarmið að slík ósk sé undarleg og jafnvel óviðeigandi og að viðbrögð þeirra við að hafa ekki fengið fundinn umsvifalaust hafi ekki verið alveg eftir bókinni. En gusurnar sem þessar tvær konur hafa fengið yfir sig hafa ekki verið neinum til sóma.

Og því spyr ég: Myndi fólk halla sér yfir heita réttinn í fermingarveislunni og segja þeim að þær ættu bara að halda kjafti og mennirnir þeirra séu glæpamenn? Eða hnippa í þær í Krónunni til að benda þeim á að þær séu fávitar og frekjur? Ég held ekki.

### Hvað með mig?

Allt mögulegt gerist í hugsunarleysi (eins og til dæmis að finnast ég ekki skemmtilegur), og til þess að fækka slíkum tilvikum þarf maður að vanda sig og venja sig á að hugsa. Helst áður en maður framkvæmir. Ég veit að það hefur alveg komið fyrir að ég hef farið fram úr mér. Stundum af því ég hef ekki hugsað hlutina til hlítar en kannski oftar af því að ég hef verið að reyna að vera fyndinn. Og jafnvel þá skiptir máli með hvaða hug það er gert. Það á ekki að vera til að reyna að gera lítið úr einhverjum. Frekar að gera grín að einhverju, en jafnvel það getur verið erfitt. Kannski hef ég sært einhvern. Og ég get sagt, í fúlustu alvöru, að það langar mig ekki til að gera. Það er nefnilega svo minniháttar að vera sá sem særir.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




# 10.000 fermetra nýbygging til leigu við Skútuvog

Reitir fasteignafélag auglýsir eftir áhugasömum leigutökum vegna uppbyggingar á nýju 10.000 m² atvinnuhúsnæði við Skútuvog 8.

Fyrirhugað er að hanna og þróa húsið í samstarfi við leigutaka. Leigutökum gefst því kostur á að fá sérhannað húsnæði utan um starfsemi sína, einnig kemur til greina að semja við tvo eða fleiri aðila.

Fyrst og fremst er horft til þess að á lóðinni rísi nútímalegt vöruhús. Staðsetning lóðar er afar góð með tilliti til vörudreifingar enda stutt í hafnarsvæði Eimskips og Samskipa. Önnur starfsemi kemur einnig til greina en í aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir rýmisfrekri verslun, heildsölu, þjónustu og léttum iðnaði. Heimilt er að byggja 8.200m² að grunnfleti á lóðinni og 11.200 m² með milligólfum.

**Áhugasömum er bent á að hafa samband gegnum netfangið skutuvogur8@reitir.is eða í síma 575 9000.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Hattarmenn komnir aftur upp í Domino's-deildina




**Upp strax aftur** Höttur frá Egilsstöðum tryggði sér í gærkvöldi sæti í Domino's-deild karla á næsta tímabili eftir sigur á Ármanni. Viðar Örn Hafsteinsson, þjálfari Hattar, er því búinn að koma liðinu upp í úrvalsdeildina í annað sinn á þremur árum. Hann spilaði með liðinu í vetur og var með 13 stig í sigrinum í gær. Sigmar Hákonarson fagnar hér úrvalsdeildarsætinu ásamt félögum sínum í Hattarliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Þekkir vel hinar í klúbbnum

**Sara Björk Gunnarsdóttir varð í gær sú langyngsta sem nær að spila hundrað A-landsleiki fyrir Ísland. Landsliðsþjálfarinn sér hana alveg fyrir sér spila tvö hundruð landsleiki og hún sjálf segist eiga nóg eftir.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta tapaði 2-0 á móti heimsklassaliði Japans í öðrum leik sínum á Algarve-mótinu í gær en þrátt fyrir tap var þetta sögulegur dagur fyrir íslenska knattspyrnu.

Sara Björk Gunnarsdóttir varð þá sjöundi leikmaðurinn sem nær að spila hundrað landsleiki fyrir kvennalandsliðið en hún er sú langyngsta sem nær þeim merka áfanga. Sara bætti met Dóru Maríu Lárusdóttur um meira en tvö ár.

„Það er magnað að hún sé að ná þessu 26 ára. Ef Sara verður ekki óheppin með meiðsli og hugsar svona vel um sig eins og hún gerir þá getur hún náð 200 landsleikjum á sínum ferli," sagði Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska landsliðsins.

### Unun að vinna með henni

„Hún er einstakur íþróttamaður sem hugsar ótrúlega vel um sig. Það er unun fyrir mig að vinna með henni og fyrir liðsfélagana að taka þátt í þessari vegferð með henni," sagði Freyr.

„Þetta er rosalega stór áfangi og eitthvað sem ég get verið mjög stolt af," sagði Sara Björk Gunnarsdóttir. „Ég var mjög ung þegar ég var valin í landsliðið og ég hef verið að spila með því síðan. Við höfum fengið fleiri leiki með landsliðinu eftir að ég kom inn í landsliðið og það er fljótt að tikka," sagði Sara.

„Ég hefði auðvitað viljað vinna á þessum degi en þetta var mjög erfiður leikur og ef ég á að vera alveg hreinskilin þá áttum við ekki mikinn séns. Japönsku stelpurnar voru frábærar og þetta var fínt próf fyrir okkur," sagði Sara.

### Meiri og meiri ábyrgð

„Það er ótrúlegt að hugsa til baka og að þetta séu orðin tíu ár. Þetta er fljótt að líða. Hlutverk mitt hefur vaxið. Ég kom inn sem kjúklingur og síðan hef ég fengið meiri og meiri ábyrgð hjá liðinu og ákveðið leiðtogahlutverk. Það hefur bara gengið vel," sagði Sara.

Freyr færði hana aftar á völlinn þegar hann tók við. „Hún var ekki sátt við mig í byrjun og vildi fá að hlaupa oftar inn í teiginn til að skora mörk og svona. Ég held og vona það að hún sé sátt við mig í dag. Ég veit að Wolfsburg er mjög hrifið af þessu hlutverki líka. Ég og þjálfari Wolfsburg erum allavega sammála," sagði Freyr og hann hrósar Söru mikið.

### Fer fyrir rútuna alla daga

„Hún er aldrei sátt og er alltaf að horfa fram á við. Hún er þessi leiðtogi sem leiðir með fordæmi. Hún er ekki endilega sú sem er að tala við alla og klappa öllum á bakið. Hún er hins vegar alltaf til staðar og myndi fara fyrir rútuna alla daga. Allir vita það. Það spýtir ávallt eldmóði í liðsfélagana," sagði Freyr.

Sara Björk spilaði alla hina sex leikina þar sem íslensk landsliðskona náði að spila hundraðasta landsleikinn sinn eins og sést hér á töflunni til hliðar.

### Slatti af leikjum til viðbótar

„Ég þekki til hinna í klúbbnum," segir Sara í léttum tón en hvað verða landsleikirnir hennar margir á endanum? „Það er nóg eftir. Svo lengi sem mér líður vel, líkaminn heldur sér góðum, ég er að spila vel og er í toppstandi, þá vil ég halda áfram. Það á bara eftir að koma í ljós hversu mörgum leikjum ég get náð. Það verður örugglega slatti vona ég," sagði Sara Björk en fram undan er stórt ár með nóg af leikjum.

„Ég ætla ekki að fara segja tvö hundruð en ég reyni mitt besta. Það er svolítið langt í 200. landsleikinn," sagði Sara. Landsleikur númer 101 er væntanlega strax á móti Spáni á mánudaginn. ooj@frettabladid.is

## Hundrað landsleikja konur Íslands

**3. MARS 2017**
**Sara Björk Gunnarsdóttir**
26 ára - 5 mánaða - 3 daga
í **2-0** tapi fyrir Japan
**100.** leikur Söru

**7. MARS 2014**
**Þóra Björg Helgadóttir**
32 ára - 10 mánaða - 2 daga
í **2-1** sigri á Noregi
**68.** leikur Söru

**26. OKTÓBER 2015**
**Hólmfríður Magnúsdóttir**
31 árs - 1 mánaðar - 6 daga
í **6-0** sigri á Slóveníu
**87.** leikur Söru

**11. MARS 2013**
**Edda Garðarsdóttir**
33 ára - 7 mánaða - 24 daga
í **1-0** tapi fyrir Kína
**56.** leikur Söru

**22. SEPTEMBER 2015**
**Margrét Lára Viðarsdóttir**
29 ára - 1 mánaðar - 28 daga
í **2-0** sigri á Hvíta-Rússlandi
**85.** leikur Söru

**22. JÚNÍ 2010**
**Katrín Jónsdóttir**
33 ára - 22 daga
í **3-0** sigri á Króatíu
**32.** leikur Söru

**12. MARS 2014**
**Dóra María Lárusdóttir**
28 ára - 8 mánaða - 10 daga
í **2-1** sigri á Svíþjóð
**70.** leikur Söru



**Sara Björk hefur spilað 100 af síðustu 107 leikjum íslenska kvennalandsliðsins.**

## Nýjast

**Algarve-bikarinn**

**Japan - Ísland 2-0**
1-0 Yui Hasegawa (11.), 2-0 Hasegawa (15.).
**Lið Íslands:** Guðbjörg Gunnarsdóttir - Anna Björk Kristjánsdóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Sif Atladóttir - Rakel Hönnudóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir (46. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir), Málfríður Erna Sigurðardóttir (64. Sigríður Lára Garðarsdóttir), Hallbera Guðný Gísladóttir - Fanndís Friðriksdóttir (75. Dagný Brynjarsdóttir), Elín Metta Jensen (46. Katrín Ásbjörnsdóttir), Margrét Lára Viðarsdóttir (64. Berglind Björg Þorvaldsdóttir).

**Spánn - Noregur 3-0**

**Domino's-deild karla**

**Haukar - Snæfell 102-83**
**Stigahæstir:** Sherrod Wright 25, Hjálmar Stefánsson 20, Haukur Óskarsson 19, Kristján Leifur Sverrisson 14, Finnur Atli Magnússon 14 (11 frák.) - Christian David Covile 29, Maciej Klimaszewski 10, Sveinn Arnar Davíðsson 10.

**Þór Ak - Njarðvík 92-85**
**Stigahæstir:** George Beamon 31 (13 frák.), Darrel Lewis 24, Tryggvi Snær Hlinason 14 (8 frák.), Ingvi Rafn 13 (5 stoðs.), - Logi Gunnarsson 21, Myron Dempsey 18, Björn Kristjánss. 13 (9 stoðs.) Jóhann Ólafsson 13.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| KR | 32 | Keflavík | 20 |
| Tindastóll | 30 | Þór Ak. | 20 |
| Stjarnan | 30 | Njarðvík | 18 |
| Grindavík | 22 | Haukar | 14 |
| ÍR | 20 | Skallagrímur | 14 |
| Þór Þ. | 20 | Snæfell | 0 |

### ANÍTA MEÐ BESTA TÍMANN

Aníta Hinriksdóttir var með besta tímann í undanrásum í 800 metra hlaupi kvenna á EM í frjálsum innanhúss í Belgrad í Serbíu. Aníta fór kröftuglega fram úr mótherjum sínum í lokin og kom í mark á 2:02,82 mínútum. Engin hljóp hraðar. Aníta keppir í undanúrslitum klukkan sex í kvöld. Hlynur Andrésson var langt frá sínu besta og varð í 20. sæti í undanrásum í 3000 metra hlaupi.



## Um helgina

**Laugardagur**
12.20 **Man. Utd. - Bournem.** Sport
14.25 **Dortmund - Leverk.** Sport
15.10 **Eibar - Real Madrid** Sport
17.00 **WGC: Mexico** Golfstöðin
17.20 **Liverpool - Arsenal** Sport
19.40 **Barcelona - Celta** Sport
03.00 **UFC 209** Sport

**Sunnudagur**
13.20 **Tottenham - Everton** Sport
14.50 **FH - KA** Sport 2
15.50 **Sunderland - Man. City** Sport
17.00 **WGC: Mexico** Golfstöðin
19.05 **Skallagr. - Þór Þ.** Sport
20.30 **Knicks - Warriors** Sport 2

**Olísdeild kvenna:**
L 13.30 **Grótta - Stjarnan** Hertz-h.
L 13.30 **Fylkir - Fram** Fylkishöllin
L 13.30 **ÍBV - Valur** Vestmannaeyjar
L 16.00 **Haukar - Selfoss** Schenkerh.

**Olísdeild karla:**
S 16.00 **FH - Akureyri** Kaplakriki
S 16.00 **Afturelding - ÍBV** Varmá

**Domino's-deild karla:**
S 19.15 **Tindas. - Grindav.** Sauðárkr.
S 19.15 **Stjarnan - Haukar** Ásgarður
S 19.15 **Snæfell - KR** Stykkishólmur
S 19.15 **Skallagr. - Þór Þ.** Borgarnes




VERÐ FRÁ:
**2.590.000** kr.
Eyðsla frá 3,5 l/100 | $CO_2$ losun frá 90 g/km

**FRELSI TIL AÐ FARA**

Gæði Peugeot 2008 heilla þig strax. Draumabíllinn þinn sem vilt sparneytinn, snaggaralegan bíl með mikla veghæð og háa sætisstöðu. Bíllinn sem veitir þér frelsi til að fara þangað sem þú vilt. Peugeot 2008 er glæsilegur bíll með mjúkum línum sem hentar við fjölbreyttar aðstæður. Peugeot 2008 er framdrifinn, duglegur í snjónum og með stórt farangursrými, 16,5 cm veghæð og innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Puretech vélarnar eru þekktar fyrir sparneytni og fáanlegar bæði beinskiptar og sjálfskiptar.

**PEUGEOT 2008**

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN




Styrmir Kári við undirbúning sýningarinnar sem verður opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Myndir ársins kynntar í dag

„Myndirnar eru dekkri en áður. Það er ekki allt bjart og fallegt, kannski erum við að þroskast aðeins frá glansmyndinni," segir **Styrmir Kári Erwinsson** ljósmyndari sem situr í stjórn Blaðaljósmyndarafélags Íslands.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Metnaðurinn er sífellt að aukast," segir Styrmir Kári Erwinsson ljósmyndari í stjórn Blaðaljósmyndarafélags Íslands. Í dag verður sýning félagsins Myndir ársins opnuð. Sýning sem er haldin á hverju ári og skartar myndum frá liðnu ári – afrakstri blaðaljósmyndara frá árinu. Á sýningunni eru fréttamyndir, portrett-myndir, íþróttamyndir, myndir úr daglegu lífi, umhverfismyndir og tímaritamyndir.

Styrmir segir myndir sýningarinnar auðvitað spegla viðburði samfélagsins á síðasta ári. „Ólga í stjórnmálum og kosningar eru mjög áberandi, það eru nokkrar myndir af Guðna forseta og öðrum frambjóðendum og Sigmundi Davíð til dæmis," segir hann.

Hann segir íslenska ljósmyndun vera að breytast. „Myndirnar eru dekkri en áður. Það er ekki allt bjart og fallegt, kannski erum við að þroskast aðeins frá glansmyndinni," segir Styrmir.

> VIÐ ÞURFUM AÐ FJALLA MEIRA UM BRESTI SAMFÉLAGSINS OG SKAPA UMRÆÐU. SKYGGNAST Á BAK VIÐ GLANSMYNDINA.ÉG HELD AÐ VIÐ SÉUM Á LEIÐINNI ÞANGAÐ.

Eitt árið fékk félagið á sig harða gagnrýni frá erlendum yfirdómara í keppninni. Var gott að fá slíka gagnrýni? „Já, það er hollt og ég held að það hafi leitt gott af sér. Við þurfum að fjalla meira um bresti samfélagsins og skapa umræðu. Skyggnast á bak við glansmyndina. Ég held að við séum á leiðinni þangað," segir Styrmir. „Góð ljósmynd getur haft mikil áhrif og sagt flókna sögu. Það er mikilvægt að halda umræðu um fagið lifandi."

Félag blaðaljósmyndara var stofnað til að bæta aðstöðu og aðgengi. Styrmir segir sífellt þrengt að ljósmyndurum. „Okkar starfsumhverfi er alltaf að þrengjast. Á Alþingi er alltaf verið að þrengja enn meira að okkur. Við megum ekki trufla, en það er mikilvægt. Við verðum að fá að segja söguna frá ýmsum sjónarhornum. Það er óþægilegt að aðilar ritskoði sjálfa sig og samfélagið með því að leyfa ekki myndatökur. Meira frelsi er rétta leiðin," segir Styrmir.

## Háskóladagurinn er í dag

Sjö háskólar landsins kynna yfir 500 námsbrautir í HÍ, HR og LHÍ í dag frá kl. 12 til 16 og er tilvalið fyrir nemendur framhaldsskólanna að líta við og kynnast flestu því sem í boði er. Allir háskólar landsins standa að Háskóladeginum og er tilgangurinn að kynna fjölbreytt námsframboð sem í boði er á Íslandi. Kynningarnar fara fram í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Listaháskóla Íslands og boðið verður upp á fríar strætóferðir milli staða.

Á Háskóladeginum bjóða háskólarnir upp á ótal viðburði, kynningar og uppákomur. Einnig gefst gestum og gangandi tækifæri til að spjalla við nemendur, kennara, náms- og starfsráðgjafa um allt sem viðkemur námi í skólunum sjö, og fá upplýsingar um fjölbreytta námsmöguleika.

Það verða ekki bara námskynningar í boði á Háskóladeginum því hægt er að skemmta sér um leið. Gestum í HR gefst til dæmis tækifæri á að setjast upp í bílhermi og kanna viðbragðstímann þegar snjallsími er notaður við akstur, kanna kasthraða og styrk golfsveiflunnar. Boðið verður upp á akstur í loftknúnum bíl og og hægt verður að setja á sig sýndarveruleikagleraugu til þess að athuga hvort fólk sé haldið fælni. Í Háskóla Íslands verður Sprengjugengi HÍ með sýningar í Háskólabíói. Þar sýnir Háskóladansinn líka listir sínar og boðið verður upp á vísindabíó. Vísindasmiðjan verður á sínum stað þannig að öll fjölskyldan ætti að geta haft gaman af. Í Listaháskólanum springur reglulega eitthvað út sem tónlistarflutningur og gjörningar og í skoðunarferðum um húsnæðið verða verkstæðin í Laugarnesi skoðuð, vinnurými nemenda og nemendasýningar.



Háskóli Íslands er einn skólanna sem kynna starfsemi sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# ÖFLUGIR INNVIÐIR
## LÍFÆÐAR SAMFÉLAGSINS
# IÐNÞING
## 2017

**Silfurberg, Harpa fimmtudaginn 9. mars kl. 14.00–16.30**

**Öflugir innviðir eru undirstaða hagvaxtar** og velferðar og skila fjölbreyttum og góðum störfum til samfélagsins. Við þurfum skýra langtímasýn á uppbyggingu innviða. Mikilvægt er að sú uppbygging sé stöðug og jöfn hvort sem um er að ræða vegakerfið, flugvelli, ljósleiðara, mannauðinn, fjarskipti eða raforkuflutninga.

**Samkeppnishæfni Íslands er í húfi – öflugir innviðir eru lífæðar samfélagsins.**

## Dagskrá

- **Ávarp formanns SI** – Guðrún Hafsteinsdóttir

  **Ávarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**
  Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

- **Glímt við þjóðveginn – Samgöngur og uppbygging**
  **Ásthildur Sturludóttir**, stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur
  **Baldvin Einarsson**, framkvæmdastjóri hjá Eflu
  **Gylfi Gíslason**, framkvæmdastjóri JÁVERK
  **Jón Gunnarsson**, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

- **Ég á mér draum um straum – Raforka og orkuskipti**
  **Guðni A. Jóhannesson**, orkumálastjóri
  **Guðrún Halla Finnsdóttir**, verkefnastjóri viðskipta-þróunar hjá Norðuráli
  **Ragna Árnadóttir**, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar
  **Sveinn I. Ólafsson**, framkvæmdastjóri Verkís

- **Er ekki tími til kominn að tengja? – Samskipti og gögn**
  **Jóhann Þór Jónsson**, forstöðumaður viðskiptaþróunar og rekstrar hjá Advania
  **Orri Hauksson**, forstjóri Símans
  **Ragnheiður H. Magnúsdóttir**, viðskiptastjóri hjá Marel
  **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

- **Farðu alla leið**
  – Markmið og metnaður
  **Almar Guðmundsson**, framkvæmdastjóri SI

*Allir velkomnir – **skráning á si.is***

SI Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 17-0658




## MORO

Hægindastóll og skammel í svörtu eða brúnu gæðaleðri og grábrúnu eða rauðu slitsterku áklæði.



**40%**
**AFSLÁTTUR**

Stóll og skammel í áklæði
**113.988 kr.** ~~189.980 kr.~~



Stóll og skammel í leðri
**164.988 kr.** ~~274.980 kr.~~

## COSTA

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Vandað slitsterkt svart eða hvítt PU-leður og ljós- eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 305 × 215 × 84 cm.



RÝMUM FYRIR NÝJUM LITUM
**50%**
**AFSLÁTTUR**

**199.995 kr.** ~~399.990 kr.~~

## FRIDAY

Hornsófi 2H2
Dökkgrár eða brúnn.
Stærð:
300 x 300 x 90 cm.

**224.990 kr.** ~~299.990 kr~~



**25%**
**AFSLÁTTUR**



**20%**
**AFSLÁTTUR**

## KIRUNA

Tveggja og þriggja sæta sófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

3ja: 227 x 90 x 78 cm
**79.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

2ja: 162 x 90 x 78 cm
**69.900 kr.** ~~89.990 kr.~~



**22%**
**AFSLÁTTUR**

## ELLY

Þriggja sæta. Bleikt eða grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**69.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



**40%**
**AFSLÁTTUR**

## PRADO

Þriggja sæta retrosófi.
Fáalegur í gráu, dökkgráuog bláu áklæði.
Viðarfætur. Stærð: 182 x 86 x 82 cm

**59.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bildshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



## 43%
AFSLÁTTUR

**JOLENE**
Borðstofustóll.
Svart PU-leður og krómfætur.
7.990 kr. ~~13.990 kr.~~

# HELGAR SPRENGJA



**ALLAR KÄHLER VÖRUR**
**30–50%**
**AFSLÁTTUR**



**50%** AFSLÁTTUR

**ASTRO**
Hægindastóll, rautt og kakí áklæði.
29.995 kr. ~~59.990 kr.~~

**MANDAL**
Borðstofustóll.
Rauður,
hvítur,
svartur og
blár.



**50%** AFSLÁTTUR

4.995 kr. ~~9.990 kr.~~



**38%** AFSLÁTTUR

**DIMA**
Borðstofustóll. Hvítur eða svartur
með svörtum eða viðalitum löppum.
7.990 kr. ~~12.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

**EBBA**
Hægindastóll blátt sléttflauel.
35.990 kr. ~~59.990 kr.~~

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is





Sigríður Andersen segir skipta litlu máli í stóra samhenginu þó við myndum öll hætta að keyra bílana okkar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rétttrúnaðurinn kæfir umræðuna

**Sigríður Á. Andersen** dómsmálaráðherra vill meiri einkavæðingu í heilbrigðiskerfið og segir engar forsendur vera fyrir því að ríkið sé í fjölmiðlarekstri. Hún segir pólitíska rétttrúnaðarvagninn ekki á réttri leið í umhverfismálum og efast um tilvist kynbundins launamunar. Hún vill fleiri útlendinga til Íslands – til að stækka markaðinn.

Sigríður Andersen er sá stjórnmálamaður sem gjarnan telst lengst til hægri af þeim þingmönnum sem nú sitja á þingi. Hún gætti hagsmuna atvinnulífsins lengi vel hjá Viðskiptaráði áður en pólitíkin tók yfir og hagsmunir atvinnulífsins eru henni hugleiknir. Löngu áður en Sigríður var kosin á þing tók hún virkan þátt í pólitík með ýmsum hætti; í innra starfi Sjálfstæðisflokksins, sem pistlahöfundur í dagblöðum og í gamla morgunsjónvarpi Stöðvar 2. Pistlar hennar hafa gjarnan vakið athygli og sumir verið mjög umdeildir. Hún er gift Glúmi Björnssyni efnafræðingi og saman eiga þau tvær dætur. Sigríður gekk í Landakotsskóla, Hagaskóla, Menntaskólann í Reykjavík og þaðan í lögfræðideildina í HÍ.

„Ég kem af frjálslyndu, borgaralega þenkjandi Sjálfstæðisfólki. Ég hef alltaf haft áhuga á pólitík og starfað í henni með einhverjum hætti. Ég man eftir mér í barnaskóla að fara með innblásnar ræður um stöðu þjóðmálanna og skráði mig svo í Heimdall um leið og ég hafði aldur til, fimmtán ára. Ég hef alltaf pælt í þessu, hvernig þjóðfélagi við viljum búa í, hvað við viljum banna og hvort sé raunar ástæða til að banna hluti,“ útskýrir Sigríður, en hugsjónir hennar í pólitík eru nokkuð þekktar; hún vill lægri skatta, sem minnst afskipti ríkisvaldsins og styður einkaframtakið alla leið.

**Pólitískur rétttrúnaður**

Hún kallar eftir því að fleiri stígi fram og blandi sér í þjóðfélagsumræðuna og finnst bagalegt ef pólitískur rétttrúnaður heldur aftur af fólki í þeim efnum. „Menn eru ragir við að blanda sér í umræðuna. Ég hef stundum á tilfinningunni að Íslendingar eigi þetta ekki alveg til hjá sér, að tjá skoðanir sínar opinberlega, koma fram og skrifa greinar. Þetta er eitthvað sem mér finnst að eigi að hvetja til, helst strax í barnaskóla.“

Sigríður segist til að mynda sakna þess að sjá hugleiðingar dómara og lögmanna um lögfræði birtast opinberlega. „Þetta eru stéttir sem eiga að hafa þetta hlutverk í umræðunni, um þróun réttarins eins og hún verður utan dómstóla og löggjafans.“

Nú þegar læk á Facebook getur verið þrungið merkingu og orðið til þess að menn þurfi að lýsa sig vanhæfa til að fjalla um ákveðin mál, þá er blaðamanni spurn hvort þetta sé ekki vonlaus hugmynd.

„Auðvitað getur það verið erfitt. Við búum í litlu samfélagi. Það hefur nú alveg hvarflað að mönnum að flytja dómstólana bara aftur til Danmerkur, þó að ég sé reyndar ekki í þeim hópi. Við höfum hér tæki og tól til þess að vinna á hlutum eins og vanhæfi í málum og öðru, það eru til reglur um það sem eru í stöðugri þróun samhliða þess að samfélagið okkar breytist.“

**Við erum ekki varnarlaus**

Á dögunum var greint frá því að á árunum fyrir hrun hefðu nokkrir hæstaréttardómarar átt hluti í bönkunum og fyrirtækjum. Sigríður segir gríðarlega mikilvægt að slíkar upplýsingar liggi fyrir og menn upplýsi samviskusamlega um slíkt fyrirfram.

„En upp að einhverju marki verður að játa það að fólk verður einhvers staðar að geyma peningana sína, en þá þarf að liggja fyrir að þeir hafi þessa tilteknu hagsmuni og svo verða menn að gæta þess að taka ekki að sér mál þar sem hægt er að efast um að hlutleysis hafi verið gætt. Mér finnst það almennt hafa gengið vel. En svo koma upp svona tilvik, eins og gerðist núna, og það þarf að skoða þau vel. Hins vegar ætlar mitt ráðuneyti ekki í neina sérstaka vinnu við að skoða þetta tiltekna mál aftur í tímann.“

> MÉR FINNST EINFALDLEGA FRÁLEITT AÐ RÍKIÐ REKI FJÖLMIÐIL, MEÐ MARGAR RÁSIR OG MIKIL ÚTGJÖLD.

Hún segir það hlutverk lögmanna þeirra sem á sér telja brotið að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna. „Og ég treysti fyrrverandi kollegum mínum, lögmönnunum, til þess. Ef svona álitamál eru á lofti þurfa menn einfaldlega að kalla eftir upplýsingum og eftir atvikum krefjast endurupptöku mála. Við erum ekkert varnarlaus gegn þessu. En það þarf klárlega að hafa reglur sem halda mönnum á tánum – dómurum eins og öðrum. Hæstiréttur hefur þegar tekið upp reglur sem miða að því að upplýsa um hvers kyns hagsmunatengsl. En það fer betur á því að það séu settar reglur fyrir alla dómstólana og ég mun fara í það mál, í mínu ráðuneyti.“

Um málefni ráðuneytisins segir Sigríður engar stórfelldar breytingar verða á, frá því að Ólöf Nordal heitin hélt um stjórnartaumana.

**Þurfum að vera raunsæ**

„Hins vegar er komin ný ríkisstjórn og þar af leiðandi nýr stjórnarsáttmáli. Svo koma upp nýjar og óvæntar áskoranir eins og með þennan gríðarlega fjölda hælisumsókna sem nú berast okkur. Það þarf að bregðast við þeim fljótt. Ég hef lýst því yfir að ég vilji gera það með sama hætti og Ólöf [Nordal], stytta málsmeðferðartíma og reyna að vinna þessi mál hratt.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að vera opin fyrir útlendingum sem hingað vilja koma, almennt. Það eru hérna yfir þrjátíu þúsund útlendingar og eru langflestir á vinnumarkaði. Það er stundum talað um að Ísland sé lokað land, en það er það ekki. Og svo það sé fært til bókar þá gætum við aldrei verið án þessara útlendinga sem eru hér, hvort sem þeir komu hingað sem kvótaflóttamenn eða hælisleitendur eða eftir hefðbundnari leiðum.

Við þurfum samt að vera raunsæ. Við höfum ákveðið svigrúm og þessi ríkisstjórn vill fjölga í þeim hópi flóttamanna sem við tökum á móti á ári, en þá er líka mikilvægt að við gerum það almennilega. Þá skiptir máli að kerfið sé ekki allt undirlagt einhverjum tilhæfulausum hælisumsóknum eins og hefur verið undanfarið.“

**Sama gildi um alla**

Um helmingur umsækjenda um hæli kemur frá löndum Balkanskagans. Þessir hælisleitendur fá nær undanteknigarlaust synjun en dvelja samt hér mánuðum saman á meðan botn fæst í málin. Sérstaklega sækja Albanar í miklum mæli um hæli hér á landi. Samkvæmt bókum Útlendingastofnunar telst Albanía öruggt ríki, þó að margir Albanar hafi stigið fram og sagst ekki geta fengið heilbrigðisþjónustu í sínu landi eða óttist blóðhefnd, enda spilling talin mikil í landinu.

„Útlendingastofnun verður að vinna eftir reglum og verður að gæta jafnræðis. Á síðasta ári voru um 70 eða 80 prósent umsóknanna tilhæfulaus. Þar fer mikið fé, mannafli og tími. Við getum ekki staðið frammi fyrir mörgum svona árum án þess að eitthvað gefi sig hreinlega. Útlendingastofnun verður að veita ríkisborgararétt eftir hlutlægum reglum sem eiga að vera niðurnjörvaðar. En það tíðkast enn að menn séu að bera umsóknir undir Alþingi og á hverju ári eru einhverjir sem fá ríkisborgararétt með þessum hætti.

Þetta er ekki í anda þess gagnsæis og jafnræðis sem við viljum hafa. Eitt af því sem ég vil gera er að tryggja að það sé Útlendingastofnun sem sjái um þetta. Allt þetta fólk sem ber sínar umsóknir undir Alþingi á það sameiginlegt að uppfylla ekki skilyrðin fyrir því að fá hér hæli, þó að þetta fólk sé áreiðanlega vænt og gott og hafi alls kyns ástæður fyrir því að vilja setjast hér að.“

**Ísland of lítið**

*En þú sem stóðst í hagsmunagæslu fyrir atvinnulífið, er ekki einmitt ástæða til þess að fá hingað sem flestar vinnandi hendur og stærri markað?* „Já, Ísland er að mörgu leyti of lítið til þess að reka og bjóða upp á þá þjónustu sem fólk gerir kröfu um í dag. Það er ekki síst þess vegna sem við eigum að fagna því að hingað vilji koma fólk og setjast að – til að stækka markaðinn. Það er líka ástæða til þess að uppræta þessar óþörfu, tæknilegu hindranir sem venjulegt fólk sem hingað kemur í góðum tilgangi þarf að standa frammi fyrir, ótrúlegt flækjustig, margs konar leyfi og umsóknir á umsóknir ofan.“

Hún segir fólk sem vilji taka á móti fleiri flóttamönnum og hælisleitendum gjarnan líta á stjórnvöld sem sökudólginn í þessum efnum.

„En verkalýðsfélögin og Vinnumálastofnun í samráði við aðila á vinnumarkaði hafa að miklu leyti stjórnað flæði fólks til landsins. Það eru til reglur um að fólk sem hingað kemur til að starfa í ákveðinni stétt utan EES eigi erfiðara með að koma ef það vantar ekki fólk í nákvæmlega þá stétt. Ef fólk er ekki sérfræðingar á einhverju þröngu sviði, eins og til dæmis sushi-kokkur eða eitthvað, þá getur verið mjög erfitt fyrir fólk utan EES að fá leyfi til að vinna. Ég hefði áhuga á því að liðka þarna fyrir.

Að því sögðu eru auðvitað sjónarmið fyrir þessu. Atvinnumarkaðurinn ber ekki endalaust innflæði af til dæmis verkafólki. Við höfum búið mjög vel að því sem samfélag að hér er aldrei viðvarandi atvinnuleysi. Það þarf auðvitað að passa að sú staða breytist ekki.“

**Vildi helst leggja RÚV niður**

Sigríður hefur verið gagnrýnin í gegnum tíðina á það að ríkisútgjöld séu alltof há. *Nú þegar hún er orðin framkvæmdarvaldið, hvað hyggst hún gera í því ?* „Það er auðveldara að tala um en í að komast í mínu ráðuneyti. Þar höfum við stofnanir sem eru grundvallarstofnanir í samfélaginu; ef ríkisvaldið hefur á annað borð eitthvert hlutverk þá er það kannski þetta: rekstur dómskerfis, dómsvaldið, landvarnir og löggæsla. Að standa vörð um réttindi borgaranna, eignarrétt og líf og limi – og sjálfstæði ríkisins. Það sem stendur helst upp á mig er að tryggja að því takmarkaða fé sem mínu ráðuneyti er skammtað sé varið í það sem við teljum brýnast.“

Hins vegar telji hún að ríkið eigi til dæmis alls ekki að standa í rekstri fjölmiðla. Þar sé hægt að skera niður. „Með því er ég ekki endilega að ýta því út af borðinu að menn geti styrkt íslenska dagskrárgerð og annað – en það er hægt eftir öðrum leiðum. Mér finnst einfaldlega fráleitt að ríkið reki fjölmiðil, með margar rásir og mikil útgjöld. Ég geri enga kröfu til þess að fréttastofa ríkisins haldi hlutleysi eða að efnis-

tökin séu eitthvað sérstök. Á fréttastofu ríkisútvarpsins er bara fólk að vinna, sem hefur sínar skoðanir eins og annað fólk. Skoðanir reka mann áfram. Vonandi starfar fólk þar faglega, en kröfu um hlutleysi held ég að sé mjög erfitt að halda til streitu,“ útskýrir Sigríður og segir, aðspurð, kannski einhvern tíma hafa verið rök fyrir fjölmiðli í eigu ríkisins en sá tími sé löngu liðinn.

„Kannski var allt í lagi að halda þessu úti þegar það var heilmikið verk að kaupa tæki til útsendingar. Sú rök eru ekki lengur til staðar, það getur hver sem er gert þetta og þar fyrir utan er fullt af fjölmiðlum starfrækt í landinu. Það er ekki eins og þetta ágæta fólk sem vinnur á RÚV myndi hverfa þótt ríkið myndi hætta að reka miðilinn.“

*Er ekki fulllangt gengið að vilja leggja RÚV niður? Stofnunin hefur eftir allt saman lögbundið hlutverk og geymir vænan hluta menningararfs þjóðarinnar.* „Í pólitískum raunveruleika, þá ætla ég ekki að berjast fyrir því að RÚV verði lagt niður eða selt, en það gæti vel komið til greina að takmarka reksturinn við eins og eina útvarpsstöð. Það er möguleiki að taka stofnunina af auglýsingamarkaði en þá kemur þessi krafa um meira fjármagn frá ríkinu. Mér finnst þessi umræða raunar vera sérstök, því það er ekki hægt að vera endalaust í bútasaumi á ónýtu kerfi. Þetta er samkeppnisrekstur og ríkið á ekki heima í slíku umhverfi.“

**Einkavæða heilbrigðiskerfið**

Að sama skapi myndi Sigríður vilja hagræða í rekstri heilbrigðisþjónustu.

„Ég myndi vilja færa hana frekar í hendur einkaaðila. Ég myndi ekki endilega vilja draga úr fé til málaflokksins – en heilbrigðiskerfið er málaflokkur sem mun bara stækka, með nýrri tækni og breyttri aldurssamsetningu þjóðar. Þetta mun allt kosta. Ég held að það væri til velfarnaðar ef menn bæru meiri ábyrgð á því að gera sem mest úr þessum peningum, sem er kannski ekki í dag. En þetta er svo sem ekkert á dagskrá. Ég er með alls konar skoðanir sem eru ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar,“ segir Sigríður og hlær.

**Yfirgengileg skattlagning**

Hún hefur áður viðrað skoðanir sínar á kynbundnu launamisrétti, sem hún segir engan hafa fært sönnur fyrir að sé til. Þá hefur hún látið að sér kveða í umhverfismálum, og m.a. rætt að bifreiðar og bensín beri alltof háa skatta. Þó er hún hluti af ríkisstjórn sem lagði fram stjórnarsáttmála þar sem jafnlaunavottun og umhverfismál skipuðu stóran sess.

„Á síðasta kjörtímabili fannst mér ég raunar eini þingmaðurinn sem lét í sér heyra í þessum málaflokki. Í þessu efni vil ég til dæmis segja að bifreiðar eru ein stærsta fjárfesting hverrar fjölskyldu á eftir húsnæði og mér finnst einfaldlega yfirgengilegt hvernig bifreiðar og bensín er skattlagt. Kerfið er ekki gegnsætt og þetta er svo óendanlega flókið og margslaga. M.a. eru alls kyns skattar sem eiga að fara í aðgerðir gegn losun koltvísýrings,“ útskýrir Sigríður og heldur áfram:

„Ég segi, 70 prósent losunar hér á landi eru út af framræstu landi og ekki nema fjögur prósent frá bílum. Það segir manni að öll þessi skattlagning á bíla, sem er mjög íþyngjandi fyrir heimilin og hindrar endurnýjun bílaflotans, er gagnslaus.

Hafi menn raunverulegan áhuga á því að draga úr losun koltvísýrings á Íslandi ættu menn frekar að huga að því að endurheimta votlendið og leyfa bíleigendum að njóta vafans. Það er í mínum huga algjörlega ljóst að ef við ætlum að draga hér úr losun þá myndi ekki skipta máli þótt við myndum öll hætta að keyra bíla, það myndi hafa mjög lítil áhrif í stóra samhenginu. Þetta er mitt innlegg í loftslagsmál.

Á sama tíma fagna ég því að lögð sé áhersla á umhverfismál því fólk á að velta því fyrir sér hvernig við

> BIFREIÐAR ERU EIN STÆRSTA FJÁRFESTING HVERRAR FJÖLSKYLDU Á EFTIR HÚSNÆÐI OG MÉR FINNST EINFALDLEGA YFIRGENGILEGT HVERNIG BIFREIÐAR OG BENSÍN ER SKATTLAGT.

getum verndað umhverfi okkar og náttúru – en það er ekki bara einn pólitískur rétttrúnaðarvagn sem menn geta hoppað upp á og að hann keyri menn í einhverja alsælu – PC-vagninn stefnir ekki endilega í rétta átt í umhverfismálum.“

**Menn þurfa að læra heima**

Það er eins með jafnlaunavottunina, sem Viðreisn setti mjög á oddinn í kosningabaráttunni, henni finnst að áður en menn leggja af stað í mjög íþyngjandi aðgerðir þurfi menn að vinna heimavinnu sína. Hvað jafnlaunavottunina varðar segist Sigríður treysta jafnréttisráðherra til verksins, þó hún efist um tilvist kynbundins launamunar. „Ég mun greiða atkvæði með öllum stjórnarfrumvörpum. Það kemur mönnum alltaf á óvart – en það þýðir samt ekki að ég hafi skipt um skoðun.“

*Og hefur þú sjálf aldrei upplifað mismunun vegna kyns?* „Ég hef aldrei upplifað mig þannig að ég hafi ekki fengið eitthvað sem mér bar, yfirhöfuð, alls ekki því ég er kona.“

*En öfugt? Var gengið fram hjá Brynjari Níelssyni við ráðherraskipan?* „Ég held að það geti ekki verið. Er ekki alltaf sagt að Sjálfstæðisflokkurinn sé svo vondur við konur?“ segir Sigríður og hlær. „Ég held að mér hafi verið falið þetta embætti af því að mér var treyst til þess af forystu flokksins.“

**Ólíkleg vinátta á þingi**

Sigríður segir góðan anda innan ríkisstjórnarinnar, þó hún sé ekki hrifin af samsteypustjórnum.

„Draumaríkisstjórnin mín væri sú að hér væri minn flokkur bara við völd. En það er ekki raunsætt. Langflestir á Alþingi eru fínt fólk, þó við séum ekki alltaf sammála. Ég sat til dæmis við hlið Ögmundar Jónassonar á síðasta kjörtímabili og það fór vel á með okkur, þó hugmyndafræðilega sé langt á milli okkar. Menn héldu að við hefðum ekki gaman af þessu sjálf, en við náðum oft að mynda með okkur furðulegustu bandalög. Svo vorum við líka oftast bara sammála um að vera ósammála. Það er líka í lagi.“


# Sölu-sýning

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

## Í dag, laugardag, efnum við til sölusýningar í verslun okkar, Nóatúni 4.

Þar gefst tækifæri til að skoða allt það nýjasta sem við bjóðum.

Má þar nefna splunkunýjar uppþvottavélar frá Siemens og Bosch með til að mynda alveg einstakri Zeolith®-þurrkun, sem þurrkar allt eins og best verður á kosið, líka plastið. Síðan erum við alveg sérlega hrifin af nýja 60° C hraðkerfinu þar sem þvotturinn tekur aðeins 60 mínútur með þessum fína árangri.

Svo skuluð þið alveg endilega skoða bakstursofnana með brennslusjálfhreinsun sem fengu nýlega hæstu einkunn hjá sænska neytendablaðinu Testfakta. Nú fá burstinn og hreinsiklúturinn að hvíla sig því að sjálfhreinsunin sér um öll þrif. Siemens hefur framleitt ofna með brennslusjálfhreinsun í 47 ár eða síðan 1970. Er ekki kominn tími til að hætta að skrúbba ofninn?

**Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Veitum afslátt af öllum vörum sem ekki eru á Tækifærisverði.**

**Komið og njótið dagsins með okkur!**




Kíktu á nýja Tækifærisbæklinginn okkar!

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is






# Loksins orðin sjálfstæð

**Í bæ á Norðurlandi býður stolt kona á miðjum aldri blaðamanni í heimsókn í íbúð sína. Íbúðin er hennar eigin. Af því er hún stolt en ýmsu öðru líka er varðar baráttu hennar fyrir meira sjálfstæði og réttindum.**

Hún er um fimmtugt og bjó á Sólheimum í tíu ár áður en hún fékk aðstoð til þess að flytja burt. Hún vill ekki koma fram undir nafni. Við köllum hana Hönnu til að auðvelda frásögnina.

Íbúð Hönnu er skreytt medalíum og hennar eigin hannyrðum, nokkrar haganlega innrammaðar púslmyndir eru uppi á veggjum og ljósmyndir úr sveit úr æsku.

Hanna hefur áður fengið heimsókn frá starfsmanni Átaks, sem safnar sögum fatlaðs fólks, þar á meðal íbúa á Sólheimum, um reynslu þeirra. Í því kom fram að hún deilir á óljósar upplýsingar um greiðslur íbúa til Sólheima og bág kjör miðað við langan vinnutíma.

Hjá Átaki er lögð áhersla á að fólk með þroskahömlun tali sjálft fyrir hagsmunum og réttindum sínum.

Hanna er fædd og uppalin í sveit. Fyrstu uppvaxtarárin bjó hún við vondan aðbúnað. Afskipti barnaverndar voru tíð vegna ofbeldis.

Fjórtán ára gömul fór hún í fóstur. Hanna segist þá hafa búið við ágætan kost.

Fósturfjölskyldan flutti sig um set landshluta á milli í bæinn sem Hanna býr í núna. Þótt Hanna hafi þá verið komin á fullorðinsaldur lítur hún á bæinn sem stað þar sem hún er örugg og hafi fest rætur.

„Hér eru rætur mínar og mér finnst gott að vera komin aftur hingað. Hér kynntist ég góðu fólki sem hjálpaði mér,“ segir Hanna og á allra helst við konu í nærsveit sem hefur veitt henni góðan stuðning. „Ég fékk fyrst vinnu í kaupfélaginu og mér líkaði það mjög vel. Upp á síðkastið hef ég verið að vinna í leikskóla. Ég er í boccia. Mér finnst gaman að prjóna og hitta annað fólk. Ég á mína eigin íbúð, á allt í íbúðinni og geri flest allt sjálf. En fæ aðstoð við það sem ég þarf, það er nú ekki mikið,“ segir Hanna sem fær aðstoð við þrif og að læra að lesa sem hún hefur ekki náð tökum á.

### Líkaði vistin vel

Þegar Hanna vildi prófa sjálfstæða búsetu var ákveðið að hún færi á Sólheima. Hanna sagðist sjálf hafa verið nokkuð spennt fyrir því að fara og hafði heyrt að Sólheimar væru fallegur staður þar sem gaman væri að vera.

Og það var raunin fyrstu árin. Hönnu líkaði vistin vel. „Ég kom á Sólheima á föstudegi og fór að vinna á mánudegi á vinnustofu við að flokka tómata, gúrkur og paprikur, mér fannst fínt að vinna þar.“

Síðustu fjögur ár vistarinnar á Sólheimum fannst Hönnu þjónusta við íbúa skert og hún fór að finna til vaxandi óánægju.

„Seinustu fjögur árin fannst mér þetta hafa hrunið. Þá var hætt að vera þjónusta við okkur. Hætt að fara með okkur í Bónus einu sinni í viku sem tíðkaðist áður fyrr, hætt að fara með okkur í bíó, út að borða og ýmislegt fleira.“

*Veistu eitthvað af hverju þessum ferðum var hætt?* „Mér var sagt að það hefði verið af því að ríkið hætti að styrkja Sólheima.“

### Ósátt við óljósa innheimtu

Hanna bjó fyrst um sinn ein í íbúð en síðustu árin bjó hún með maka sínum. Hún er fráskilin í dag.

Hún segist finna fyrir viðhorfi fólks að íbúar á Sólheimum eigi að vera þakklátir fyrir aðbúnað sinn og ekki að tala um réttindi sín.

Hún segir marga hafa reynt að hjálpa til við að auka réttindi íbúa á Sólheimum. „Þeir sem reyna að aðstoða okkur, fræða okkur um mannréttindi okkar, þeir eru sko ekki í náðinni hjá stjórnendum,“ segir Hanna.

„Þegar maður fór í kaupstað þurftum við að borga þeim sem var að keyra okkur sérstaklega úr eigin vasa. Við fengum aldrei að vita hvað okkar peningar fóru í á Sólheimum. Við vorum látin borga og borga. Til dæmis þegar við bjugguð saman, ég og maki minn, og þó svo að við höfum búið saman þurftum við að borga jafn mikið fyrir Stöð 2 og netið. Við borguðum jafn mikið og þegar við bjugguð ein.

> **EINHVERN VEGINN FINNST MÉR ÞVÍ ALLTAF SNÚIÐ ÞANNIG AÐ ÞEIR SEM TJÁ SIG EÐA RÆÐA UM RÉTTINDI SÍN SÉU SÉRSTAKLEGA ERFIÐIR, ÓTRÚVERÐUGIR EÐA ANNAÐ SLÍKT. ÞAÐ ER GRAFIÐ UNDAN ÞEIM.**
>
> Guðrún Linda Björgvinsdóttir, leiðbeinandi



Við fengum aldrei launaseðla eða að fá að vita hvað við fengum útborgað. Útprentaðir seðlar voru eitthvað annað, eins konar uppgjör. Við reyndum oft að spyrja út í þetta en fengum ekki skýr svör,“ segir hún.

Hanna nær í möppur með gögnum sínum frá Sólheimum og sýnir hvernig upplýsingum til íbúa er háttað. Á nokkurs konar uppgjörsseðlum kemur fram að af örorkubótum er dregin húsaleiga og rekstrarkostnaður. Það er þessi tiltekni ósundurliðaði rekstrarkostnaður sem Hanna deilir á og finnst óréttlátur.

„Ég reyndi að fá réttindagæslumenn til að fá yfirlit yfir pappírana, eða það sem peningarnir fóru í. Fá þetta sundurliðað og útskýrt. En þeim tókst það ekki heldur.“

*Hvernig gekk dagurinn fyrir sig á Sólheimum?* „Það var alltaf morgunfundur klukkan níu. Eftir það tók vinnan við til fimm. Ég fékk mjög lág laun miðað við það sem ég fæ í dag þó svo ég vinni mun styttri vinnudag,“ segir Hanna en á uppgjörsseðlunum eru launin frá um tíu þúsund til þrjátíu þúsund krónur.

„Eftir vinnudaginn var hver í sínu horni. Mér leiddist þetta. Þarna var ég búin að ákveða að komast hingað. Ég var alltaf að hugsa hingað og láta mig dreyma um að búa hér og vinna.“

### Margt gott á Sólheimum

Hún vill taka það fram að sumt starfsfólk á Sólheimum leggi sig virkilega fram um að gera líf íbúa betra. „Það er svo margt gott á Sólheimum sem ætti að fá að vera áfram fallegt,“ segir Hanna og tiltekur sérstaklega starf í leiklist og ýmsum listgreinum. „Svo eru margir þarna sem eiga engan annan samastað. Þess vegna finnst mér að það verði að breyta framkomu við íbúa.“

Það urðu ákveðin kaflaskil í lífi Hönnu þegar hún fékk að fara á sjálfsstyrkingarnámskeið á Selfossi til Guðrúnar Lindu Björgvinsdóttur.

Á námskeiðinu var til að mynda farið yfir réttindi fatlaðs fólks. Guðrún Linda segist hafa bent þeim sem sóttu námskeiðið á leiðir til að tjá sig og frætt þau um skyldur Sólheima gagnvart þeim.

„Ég var beðin um að kenna þetta námskeið vegna þess að þau vissu lítið um réttindi sín. Ég kynnti þeim ákvæði mannréttindasáttmálans og benti þeim á ýmsar leiðir til að tjá sig um óánægju sína,“ segir Guðrún Linda sem segir íbúa hafa rætt töluvert um greiðslur, laun, mötuneyti, aðgengi og annað. „Ég benti þeim líka á leiðina að því að sækja um búsetu annars staðar,“ segir hún og bendir á að vegna reglna sveitarfélaga geti það verið flókið.

Henni finnst mikilvægt að fólk með fötlun tjái sig um eigin aðstæður og hafi til þess vettvang. „Einhvern veginn finnst mér því alltaf snúið þannig að þeir sem tjá sig eða ræða um réttindi sín séu sérstaklega erfiðir, ótrúverðugir eða annað slíkt. Það er grafið undan þeim og það er ólíðandi. Þess vegna er þetta markmið Átaks, félags fólks með þroskahömlun, afar mikilvægt.“

### Látin borga samt

Hanna segir spurð um reglur á Sólheimum og hvað íbúar máttu og máttu ekki gera að þeim hafi verið gert erfitt fyrir að fara í Bónus. Þá hafi hún greitt fyrir mötuneyti þrátt fyrir að nota það ekki.

*Eru einhverjar reglur á Sólheimum um það hvað þið megið og megið ekki gera?* „Þeir sem voru með bíl og bílpróf og gátu farið í Bónus máttu ekki taka okkur með, Sólheimar bönnuðu það.

Við gátum ekki farið í Bónus að versla og þurftum að kaupa í búðinni þar sem allt var miklu dýrara og svo lítið úrval. Síðan þurfti ég líka að borga í mötuneytið. Ég notaði ekki mötuneytið í fjögur ár og borgaði fyrir mat sem ég borðaði ekki.“

*Hvað tók við eftir Sólheima? Hvernig er lífið núna?* „Núna er ég frjáls og sjálfstæð. Ég þarf ekki að biðja um leyfi eða hafa starfsmann með mér þegar ég fer eitthvað. Það er flókið að komast af Sólheimum þegar þú ert fluttur þangað af ýmsum ástæðum. Ég myndi ekki vilja búa þarna aftur,“ segir Hanna frá. „Ég er búin að sanna fyrir fólki að ég geti gert hlutina sjálf.“

**visir.is** Viðtalið er í lengri útgáfu á Vísi. Þar er einnig hægt að hlusta á viðtalið.

## Nær sterkri tengingu við börn

Í nærsveit við bæinn þar sem Hanna býr starfar konan sem aðstoðaði hana við að komast frá Sólheimum, til starfa og til sjálfstæðrar búsetu. Konan er bóndi og þekkir Hönnu frá því hún bjó á bænum fyrir mörgum árum. „Hún hefur reynst mér og börnunum mínum vel og var mikið hjá okkur árum saman. Hún kom á bæinn til að aðstoða mig eftir að maðurinn minn lenti í slysi og var mikið hjá mér. Hún hefur mjög gott verksvit, er virkilega dugleg. Börn og dýr eru hænd að henni. Hún nær sterkri tengingu. Dýrin elta hana um og börn finna sig örugg í kringum hana,“ segir hún og bendir á að gáfur og gjörvileiki sé af ýmsu tagi.

„Mér finnst við hafa verið afar heppin að hafa kynnst henni,“ segir hún þegar blaðamaður kemur með þá athugasemd að Hanna sé heppin að eiga hana sem hauk í horni.

## Ráðuneytið vill svör

**10. SEPTEMBER 2015**
Réttindagæslumaður Suðurlands greindi réttindavakt velferðarráðuneytisins frá aðstæðum á Sólheimum. Allir íbúar þurfi að borga í mötuneyti staðarins hvort sem þeir nýta sér það eða ekki og að póstur til íbúa fari fyrst á skrifstofu framkvæmdastjóra. Þar sé hann opnaður. Sumt húsnæði sé of lítið. Akstursþjónusta lítil og að mati réttindagæslumanns eru einnig allt of lág vinnulaun greidd fötluðum einstaklingum.

**20. OKTÓBER 2015**
Upplýsingunum komið á framfæri við félagsmálastjóra uppsveita Árnessýslu á fundi í Hveragerði með honum og starfsmanni í þjónustu við fatlað fólk á svæðinu.

**30. OKTÓBER 2015**
Upplýsingunum komið á framfæri við framkvæmdastjóra Sólheima með bréfi.

**23. ÁGÚST 2016**
Réttindavaktin fer þess á leit við velferðarráðuneytið að það taki þetta mál til meðferðar.

**13. OKTÓBER 2016**
Ráðuneytið leitaði svara, með bréfi, hjá Velferðarþjónustu Árnesþings um hvað liði viðbrögðum við framangreindu erindi réttindavaktarinnar og hvort gripið hefði verið til ráðstafana í kjölfar fundarins með fulltrúum réttindavaktarinnar.

**8. DESEMBER 2016**
Svör eftirlitssveitarfélagsins bárust með bréfi og fram undan er af hálfu ráðuneytisins að kalla eftir nánari upplýsingum frá eftirlitssveitarfélaginu.





**KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTT NÁMSFRAMBOÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS. YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í BÆÐI GRUNN- OG FRAMHALDSNÁMI.**

Glæsileg dagskrá verður á háskólasvæðinu í dag þar sem í boði verða námskynningar, viðburðir og uppákomur sem sýna vísindin í litríku og lifandi ljósi.



„Aðstaðan í Háskóla Íslands er frábær, kennararnir fróðir og úrval áfanga mikið. Háskólatorg er hjarta skólans og þar hitti ég vini mína, fer á viðburði og læri.“

*Guðmundur Jóhann Guðmundsson*
*Félagsfræði*

# OPIÐ HÚS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Í DAG, LAUGARDAGINN 4. MARS KL. 12–16



PIPAR\TBWA • SÍA





**DAGSKRÁ** — hi.is

### ASKJA

| | |
|---|---|
| 12:20 | Stjörnuverið |
| 12:40 | Stjörnuverið |
| 13:00 | Stjörnuverið |
| 13:30 | Stjörnuverið (enska) |
| 14:00 | Stjörnuverið |
| 14:20 | Stjörnuverið |
| 14:40 | Stjörnuverið |
| 15:00 | Stjörnuverið (enska) |
| 15:30 | Stjörnuverið |
| 15:40 | Stjörnuverið |

*Kynning frá kl. 12–16 á öllu námi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.*

### AÐALBYGGING

| | |
|---|---|
| 12:50 | Japanskt dansatriði |
| 13:00 | Háskólakórinn |
| 13:30 | Kínverskur dreki |
| 14:00 | Háskólakórinn |
| 14:20 | Rússnesk þjóðdansakennsla |
| 14:40 | Rússnesk þjóðdansakennsla |

*Kynning frá kl. 12–16 á öllu námi Hugvísindasviðs.*

### HÁSKÓLABÍÓ

| | |
|---|---|
| 12:20 | Vísindabíó |
| 12:50 | Háskóladansinn |
| 13:00 | Sprengjugengið |
| 14:00 | Vísindabíó |
| 14:20 | Háskóladansinn |
| 14:30 | Sprengjugengið |
| 15:00 | Vísindabíó |

*Vísindasmiðjan opin 12–16*

### HÁSKÓLATORG

*Kynning frá kl. 12–16 á öllu námi Félagsvísindasviðs, Heilbrigðisvísindasviðs og Menntavísindasviðs.*

### STÚDENTAKJALLARINN

| | |
|---|---|
| 13:00 | Hinemoa |

Ertu með spurningar um námið við Háskóla Íslands?
Sendu þær á **#haskolasnappid**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# HÁSKÓLADAGURINN

**4. mars**

f /haskoladagurinn
haskoladagurinn.is
#hdagurinn

## Kynning á öllu háskólanámi á Íslandi

**Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands**
verða á Háskólatorgi Háskóla Íslands

**Háskóli Íslands**
kynnir nám sitt á Háskólatorgi, í Aðalbyggingu, Öskju og Háskólabíói

**Háskólinn í Reykjavík**
kynnir nám sitt í Háskólanum í Reykjavík

**Háskólinn á Bifröst**
kynnir nám sitt í Háskólanum í Reykjavík og á Háskólatorgi Háskóla Íslands

**Listaháskóli Íslands**
kynnir nám sitt í húsnæði skólans að Laugarnesvegi 91




# Skilið skömminni til okkar

**Gunnar Hrafn Jónsson** skrifar um reynslu sína en hann er nýútskrifaður af geðdeild. Hann segir geðdeild ekki eiga að vera endastöð fyrir fólk sem er við það að fyrirfara sér. Þjónustan þurfi að vera mun víðtækari.

**„Geðsjúkdómar eru ekkert til að skammast sín fyrir en aðgerðarleysi yfirvalda í málaflokknum er vítavert. Ég krefst þess, fyrir hönd fjölda örvæntingarfullra og útskúfaðra Íslendinga, að kollegar mínir taki höndum saman og bæti ráð sitt hvað þennan málaflokk varðar. Þangað til er skömmin okkar þingmanna og við eigum hana skilið,“ segir Gunnar Hrafn Jónsson þingmaður Pírata sem snýr aftur á þing.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Árið 2014 féllu að minnsta kosti 49 Íslendingar fyrir eigin hendi. Á sama ári misstum við fjögur mannslíf í umferðinni á Íslandi, sem er óvenjulega lág tala. Mikið hefur enda farið fyrir forvörnum í þeim málaflokki og ekki þarf að efast um gildi þeirra reglulegu herferða sem farið er í fyrir bættu umferðaröryggi hér á landi. Þeir fjármunir sem fara í slík verkefni skila sér aftur í margfalt verðmætara formi: mannslífum. Með framlögum til forvarna í umferðinni höfum við hlíft heilu fjölskyldunum við því svartnætti og þeirri sorg sem fylgir því að missa náinn ástvin í blóma lífsins.

Hvernig stendur þá á því að á hverju ári horfum við á eftir tugum ungmenna sem fyrirfara sér og lítið sem ekkert fer fyrir forvörnum í geðheilbrigðismálum? Allir sérfræðingar eru sammála um að geðsjúkdómar fylgja sama lögmáli og önnur lífshættuleg veikindi: Því fyrr sem gripið er inn í, því meiri eru líkurnar á bata. Það er frumskylda yfirvalda, þar á meðal okkar sem sitjum á hinu svokallaða háa Alþingi, að halda lífinu í landsmönnum. Við getum ekki skorast undan þeirri ábyrgð.

Þegar ég var tveggja ára gamall uppgötvaðist að ég hafði fæðst með eitt ónýtt lunga. Hætta var talin á að drepið myndi breiðast út og foreldrar mínir myndu horfa á eftir litla barninu sínu fara í gröfina stuttu eftir að það lærði að ganga. Ekkert var til sparað til að bjarga lífi litla barnsins sem ég var þá. Sérfræðingar voru kallaðir inn frá Svíþjóð og eftir langa og tvísýna skurðaðgerð varð ljóst að ég myndi lifa.

Nokkru seinna, þegar ég var kominn á unglingsár, uppgötvaðist að ég hafði fæðst með annan lífshættulegan galla en í þetta sinn var það heilinn sem var bilaður og ekki hægt að skera upp. Ég þjáðist af sjúklegu þunglyndi og var oftar en einu sinni hætt kominn. Fyrir utan þær vítiskvalir sem fylgja sjúkdómnum gegnsýrir hann allt lífshlaup þess sem af honum þjáist og bitnar ekki síst á aðstandendum sem koma jafnvel að lokuðum dyrum í geðheilbrigðiskerfinu á meðan barnið þeirra er úr öllum tengslum við raunveruleikann. Sem betur fer hafa margir gefið sig fram við fjölmiðla, sérstaklega á síðustu misserum, til að lýsa þeirri óhugnanlegu stöðu sem ríkir í þessum málum.

Þegar þú kemur með andlega veikan einstakling inn í kerfið í fyrsta sinn mætir þér kafkaískt völundarhús þar sem lítill hópur lækna og annarra sérfræðinga er að reyna að bjarga þeim lífum sem þeir geta án þess að hafa til þess fjármagn eða aðstöðu. Til að fá að leggjast inn þarf viðkomandi að vera í „bráðri sjálfsvígshættu“ – staðan er slík að það er ekki hægt að hjálpa öllum og því er fyrst og fremst verið að keppast við að halda lífinu í þeim allra veikustu. Tölfræðin sýnir að það gengur ekki vel.

**Mannréttindabrot**

Eitt einkenni sjúkdómsins er einmitt að sjá engar lausnir en maður þarf því miður ekki að vera veikur til að sjá að fyrir marga er það bara blákaldur raunveruleikinn. Þeir hafa bókstaflega í engin hús að venda og engar lausnir eru í boði nema í besta falli tímabundin vistun og örorka til frambúðar. Bráðamóttaka geðdeildar er ekki opin um kvöld og helgar, fólk er því vinsamlegast beðið um að missa ekki vitið utan skrifstofutíma heldur harka af sér. Það er ólíðandi mannréttindabrot sem yrði ekki liðið ef um nokkurn annan sjúkdóm væri að ræða, t.d. hjartasjúkdóm.

Þegar ég veiktist vegna heilagalla (andleg veikindi eru í raun líkamleg veikindi, það er bara líffærið heilinn sem er í ólagi) var ekki hringt til Svíþjóðar til að kalla út færustu sérfræðinga, jafnvel þó að ég hafi verið í alveg jafn mikilli lífshættu vegna þunglyndis og ég var vegna lungnagallans á sínum tíma. Eftir að hafa velkst um í kerfinu í mörg ár var ég svo heppinn að finna frábæran lækni sem gat hitt mig reglulega og komið mér aftur út í lífið með blöndu af lyfjagjöf og samtalsmeðferð – en það er ekki hlaupið að því að finna slíka verndarengla í kerfinu og fæstir eru svo heppnir.

**HVAÐ EIGUM VIÐ AÐ BÍÐA MARGAR VIKUR TIL VIÐBÓTAR? HVAÐ EIGUM VIÐ AÐ SEGJA VIÐ AÐSTANDENDUR ÞEIRRA SEM DEYJA Í MILLITÍÐINNI? AÐ VIÐ HÖFUM HAFT OF MIKIÐ AÐ GERA Í PÓLITÍSKU RIFRILDI Á ALÞINGI TIL AÐ HUGA AÐ GEÐHEILSU OG LÍFI FÓLKS Í LANDINU?**

**1**

**AÐ MEÐALTALI FYRIRFER SÉR ALLT AÐ EINN ÍSLENDINGUR Á VIKU.**

**Skaðinn skeður**

Áður en ég skrifaði þessa grein ræddi ég við sjúklinga, lækna og aðra sérfræðinga sem ég hef átt samskipti við vegna minna eigin veikinda. Eins og kom fram í fjölmiðlum hef ég verið í tímabundnu leyfi frá Alþingi vegna veikindanna sem tóku sig illa upp rétt fyrir jól. Þeir sem ég ræddi við voru einróma um að það sem skipti mestu máli væri að grípa inn í eins fljótt og auðið væri, en það væri ekki lengur hægt vegna fjárskorts og manneklu. Þú færð ekki þá aðstoð sem þú þarft fyrr en það er orðið of seint og skaðinn er skeður. Það er ekki bara gróft mannréttindabrot og lífsgæðaskerðing heldur gríðarlega kostnaðarsamt fyrir ríkið sem hefur þetta fólk á launum sem öryrkja alla ævi, eins langt og það svo nær. Mikil skammsýni hefur ríkt í þessum málaflokki allt of lengi. Það er hluti af ástæðunni fyrir að við Íslendingar eigum heimsmet í notkun geðlyfja.

Ég gæti skrifað greinabálk um allt sem þarf að gera í geðheilbrigðiskerfinu til að tryggja sjúklingum mannsæmandi líf og læknisþjónustu en við skulum byrja á því sem við vitum að virkar og getur dregið mjög úr álagi á geðheilbrigðiskerfið í heild sinni til lengri tíma. Það eru forvarnir, ekki síst í formi þess að þeir sem leita til heilsugæslunnar fái strax á því stigi greiningu og aðstoð. Sálfræðiþjónustu þarf að niðurgreiða og efna þarf gamalt loforð um að bjóða fólki hugræna atferlismeðferð í gegnum heilsugæslustöðvar. Geðdeild á ekki bara að vera endastöð fyrir fólk sem er við það að fyrirfara sér, þjónustan þarf að vera mun víðtækari og taka við fólki áður en í óefni er komið.

Þegar ég fór sjálfur nýlega inn á geðdeild mætti mér mikill skilningur en algjört aðstöðuleysi og greinilegur fjárskortur. Það eina sem virkar enn almennilega í þessu húsnæði geðdeildar er raunar starfsfólkið. Á geðdeild vinna miklar hetjur sem berjast fyrir lífi skjólstæðinga sinna á hverjum degi en þurfa að horfa á eftir tugum þeirra í gröfina á hverju ári þegar allir vita að hægt væri að gera betur með auknum framlögum til málaflokksins. Ég get ekki ímyndað mér hvað það tekur á sál þeirra sem vinna þetta óeigingjarna starf.

Það er ekkert verðmætara en mannslíf og við verðum að taka höndum saman til að gera geðheilbrigðismál að forgangsatriði og ópólitísku máli sem varðar alla landsmenn jafn mikið og umferðaröryggi. Skítt með flokkspólitík, skítt með rifrildi um peninga, skítt með allt saman þangað til að við sem sitjum á Alþingi getum raunverulega horft í spegil og sagt að við höfum gert allt sem í okkar valdi stóð til að bjarga þessu vanrækta fólki frá dauða og glötun. Ég hef fundið það á eigin skinni að það er allt annað að vera líkamlega eða andlega veikur hér á landi, andlega veikir mæta afgangi með kerfisbundnum hætti og það eyðileggur heilu fjölskyldurnar.

**Eigum skömmina skilið**

Að meðaltali fyrirfer sér allt að einn Íslendingur á viku og ákveðinn hluti þeirra lífa verður að skrifast á áralangt aðgerðarleysi yfirvalda í geðheilbrigðismálum – ég get ekki og vil ekki hafa fleiri slík mannslíf á samviskunni. Hvað eigum við að bíða margar vikur til viðbótar? Hvað eigum við að segja við aðstandendur þeirra sem deyja í millitíðinni? Að við höfum haft of mikið að gera í pólitísku rifrildi á Alþingi til að huga að geðheilsu og lífi fólks í landinu? Geðsjúkdómar eru ekkert til að skammast sín fyrir en aðgerðarleysi yfirvalda í málaflokknum er vítavert. Ég krefst þess, fyrir hönd fjölda örvæntingarfullra og útskúfaðra Íslendinga, að kollegar mínir taki höndum saman og bæti ráð sitt hvað þennan málaflokk varðar. Þangað til er skömmin okkar þingmanna og við eigum hana skilið.

**Gunnar Hrafn Jónsson**

# SPENNU-ÞRUNGIN

Réttarfarsdrama sem veltir upp ágengum spurningum um sekt, ábyrgð og refsingu




„Harmsaga ungrar konu sem er fyrir rétti ásökuð um fjöldamorð ... frábært skáldverk.“
**KIRKUS REVIEW**

„Ótrúlega vel skrifuð.“
**DAGENS NYHETER**



Malin Persson Giolito ólst upp á Djursholm og starfaði sem lögfræðingur í Brussel. *Kviksyndi* hefur vakið mikla athygli og verið seld til fjölmargra landa.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-15 | **www.forlagid.is**




Gunnar Börkur Jónasson og Þorleifur Örn Gunnarsson eru í fámennum hópi karlkyns grunnskólakennara. Þeir segja það lykilatriði að fjölga fyrirmyndum barna í kennarahópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hvar eru allir karlarnir?

Grunnskólakennararnir **Gunnar Börkur Jónasson** og **Þorleifur Örn Gunnarsson** eru með ólíka reynslu og menntun en skýra sýn á skólakerfið. Þeir segja sárlega vanta fleiri karla í kennslu. Strákar og stelpur líði fyrir litla fjölbreytni og einhæfar fyrirmyndir.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Allar rannsóknir benda til þess að það séu foreldraviðtölin sem kennarar kvíði mest fyrir, já og að halda uppi aga í kennslustofunni.“ Þetta segir Gunnar Börkur Jónasson, alltaf kallaður Börkur, sem hefur verið grunnskólakennari síðan 1979. Í 25 ár hefur hann kennt yngstu börnum grunnskólans og er nánast eins og nál í heystakki þegar kemur að karlkyns kennurum hjá yngstu börnunum. Karlkyns grunnskólakennarar eru í dag tæplega 17 prósent félagsmanna í Félagi grunnskólakennara, en viðmælendur Fréttablaðsins í dag eru sammála um að karlar sækist frekar eftir að kenna eldri nemendum.

„Ég var í foreldraviðtölum í síðustu viku og því fylgdi rosalegt álag. Maður þarf að geta sagt óþægilega hluti á nærgætinn hátt en þannig að fólki finnist gott að hafa heyrt þá. Stundum þarf maður að segja hluti sem eru bæði erfiðir fyrir börnin og foreldrana að heyra,“ segir Þorleifur Örn Gunnarsson, nýr kennari, og útskrifaðist síðasta haust frá Columbia-háskóla í New York með áherslu á kennslu samfélagsgreina. Það er afar sjaldgæft að íslenskir kennarar fari til Bandaríkjanna í framhaldsnám. Þorleifur fór utan með Fulbright-skólastyrk í rassvasanum.

> **ÞAÐ ERU STAÐALMYNDIR SEM STRÁKAR OG STELPUR GANGAST UPP Í. STELPURNAR FÁ SVO HRÓS FYRIR AÐ VERA FÍNAR OG DUGLEGAR EN STRÁKARNIR HÁVÆRIR OG STERKIR.**
>
> Þorleifur Örn Gunnarsson

„Ég tók ekki beina leið í gegnum kerfið heldur fór ég í eitt ár í sálfræði og eitt ár í stjórnmálafræði áður en ég fann mig í kennslufræðunum. Svo byrjaði ég í mastersnáminu hér heima og var í því í nokkrar vikur en fann að ég var ekki að fá nýja vídd í mína þekkingu og vildi nýjar áskoranir.“

Börkur hefur yfirgripsmikla reynslu af kennslu en Þorleifur mikla og sérhæfða menntun í kennslu. Börkur kennir yngstu börnunum við Háteigsskóla en Þorleifur kennir miðstiginu á Seltjarnarnesi.

### Kennaraskortur yfirvofandi

Í liðinni viku hafa fréttir verið sagðar af kennaraskorti en Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri ná ekki að útskrifa nægilega marga kennara til að viðhalda nýliðun í greininni. Frá 2009 til 2016 hefur nýnemum í kennaradeildinni fækkað um meira en þriðjung, úr 1.925 í 1.294. Við þetta má bæta að aðeins 55 prósent nýnema í kennaranámi við Háskóla Íslands héldu áfram á annað ár. Á árunum 2012 til 2016 lauk tæplega helmingur þeirra sem byrjuðu námi. Á síðustu áratugum hefur karlkyns kennurum líka fækkað margfalt.

„Ég upplifði mig ekki eina strákinn á menntavísindasviði á meðan ég var í námi en kynjahlutfallið sló mig við útskriftina. Ég er svo aftarlega í stafrófinu svo ég horfði á eftir allri strollunni og hafði þá bara ekki gert mér grein fyrir hlutföllunum. Á þremur árum horfði ég á eftir mörgum strákum falla úr námi án þess að útskrifast og í júní 2012 voru sex strákar að útskrifast af 95 kandídötum,“ segir Þorleifur. Hann tekur sem dæmi samnemanda sinn sem ákvað að hætta í námi og fara aftur á sjóinn. Sá var að stofna fjölskyldu og launin sem buðust á landi voru ekkert í líkingu við það sem bauðst á sjónum.

„Ef við tölum um karlkyns yngri barna kennara þá eru þeir nánast ekki til. Við erum tveir hér í Háteigsskóla yfir fimmtugu sem ég held að skipti töluverðu máli fyrir yngri börn. Ég held að það skipti verulegu máli ef hægt væri að mynda ➡

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn mánudaginn 20. mars 2017 kl. 20

Fundurinn verður haldinn í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Ferðafélagið Útivist

ÚTIVIST
Laugavegi 178 • Sími 562 1000 • www.utivist.is




***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

teymi með báðum kynjum til að vinna með árgangana. Það þýðir ekki að karlar séu endilega betri en konur, eða öfugt. Það bara skapar fleiri möguleika fyrir börnin,“ segir Börkur.

Þorleifur tekur undir þetta og segist finna það hvernig börnin tengja mismunandi við ólíka kennara. „Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir stétt sem fjallar um mannleg samskipti, að ég tali nú ekki um þroska barna, að nemendur fái bæði fyrirmyndir og möguleikann á að tengja við ólíkan reynsluheim fólks. Ef börn missa alveg af möguleikanum á að tengja við reynsluheim karla og fá karlkyns fyrirmyndir sem eru gjarnan aðeins mýkri og sinna meiri umönnun, þá held ég að það vanti mikið upp á menntunina, bæði fyrir stelpur og stráka. Ég held að stelpur græði alveg jafn mikið á því að hafa karlkyns kennara og strákar.“

## Tilgangslaust að ofkeyra börn

„Þegar ég var að byrja, og þannig er það sennilega ennþá, leituðu karlarnir meira í faggreinakennsluna og kennslu í efri stigum skólans. Þeir forðast að kenna yngri börnunum af því hún hefur það orðspor á sér að maður þurfi að haga sér á þennan eða hinn háttinn til að geta kennt litlum börnum. En það eina sem þarf til að kenna litlum börnum er bara að vera svolítið almennilegur,“ segir Börkur. Það liggur í loftinu að viðhorfið sé að kennsla yngri barna þyki ekki jafn fín og ekki jafn krefjandi fyrir metnaðarfulla kennara, og kennsla eldri barna með flóknara námsefni. Börkur er ósammála þessu mati.

„Þetta er auðvitað sambland af mjög mörgu. Þú þarft að vera vel að þér í kennslufræðum og vera vel að þér til að miðla efni til ungra barna á mismunandi hátt því þau eru ólík. Að ég tali nú ekki um þetta einstaklingsmiðaða nám og skóli fyrir alla. En svo þarftu að vera stöðugt vakandi fyrir andlegri, félagslegri og tilfinningalegri líðan barnanna. Þú þarft að geta metið ástand hópsins og einstaklinganna samhliða. Svo greinir fólk svolítið á um hvar áherslurnar eigi að liggja hjá þessum hópi, er það á faglega hlutann, lestur, skrift og reikning, því auðvitað þarf nemandi að kunna það þegar komið er upp í fimmta, sjötta og sjöunda bekk. Það hjálpar. En það má ekki bara keyra á það heldur þarf barninu líka að líða vel andlega og vera sælt.“

Það má kannski koma fram að blaðamaður falaðist eftir viðtali við Börk því það er umtalað hjá foreldrum barna, sem hann hefur kennt, að hann leyfi þeim börnum sem þurfa útrás í kennslustund að fá hana. Börn hafa til dæmis fengið að fara út úr kennslustofunni og hlaupa úr sér mestu orkuna áður en náminu er haldið áfram. „Ég held að það þurfi að nálgast öll börn á mjög sveigjanlegan hátt. Um leið og maður er farinn að ofkeyra einhvern þá bregst hann alltaf við á neikvæðan hátt. Þú prófar auðvitað alltaf hvað má leggja á einstaklinga þannig að það komi að einhverju gagni en það er tilgangslaust að berja einhverju í einhvern sem er ekki tilbúinn. Það á bæði við um stráka og stelpur.“

## Skóli nútíðar betri

Íslendingar eiga heimsmet í rítalínnotkun og nokkuð hefur verið fjallað um ofgreiningar barna. Á fimmtudag var greint frá því í fréttum að hvergi í Evrópu væri jafn hátt hlutfall barna greint með sérþarfir eins og á Íslandi. Sextán prósent íslenskra barna eru í dag greind með sérþarfir en annars staðar í Evrópu er hlutfallið á bilinu fimm til sjö prósent. Íslenskir drengir mælast illa í lestrarkönnunum PISA. Samkvæmt niðurstöðum lesskimunar í Reykjavíkurborg árið 2011 gátu um 70 prósent nemenda lesið sér til gagns.

Börkur hefur kennt í tæpa fjóra áratugi en segist ekki finna fyrir því að börn nútímans séu mikið frábrugðin börnum síðustu aldar. „Skólinn hefur breyst mjög mikið. Skólinn horfir mikið betur á nemendahópinn sem heildstæðan hóp sem þarf að koma til móts við. Að halda því fram að skólinn í gamla daga hafi verið betri en skólinn í dag er meiriháttar firra. Metnaðurinn í dag er margfaldur á við það sem hann var fyrir þrjátíu árum síðan,“ segir hann og bætir við að áður fyrr hafi samt verið mikið auðveldara að vera kennari. „Af því það skipti sér enginn af þér.“



Gunnar og Þorleifur hafa svipaða sýn. Börkur er búinn að vera kennari í hátt í fjörutíu ár en Þorleifur er nýútskrifaður frá Columbia-háskóla í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




ÉG HEF ALDREI VILJAÐ GERA OF MIKIÐ ÚR ÁLAGI Á KENNARA EN ÞETTA ER ÖÐRUVÍSI STARF EN MÖRG ÖNNUR STÖRF OG FÓLK VIRÐIST EIGA DÁLÍTIÐ ERFITT MEÐ AÐ HORFAST Í AUGU VIÐ ÞAÐ.

Gunnar Börkur Jónasson

Börkur segist finna fyrir því að hann vinni í faglegu umhverfi þar sem starfsmenn bæti hver annan. „Það hvernig tekið er á málum eins og einelti og félagslegri einangrun var bara villimennska í gamla daga. Þó í dag sé gagnrýnt að við gerum ekki nóg þá eru framfarirnar gífurlegar.“

Þorleifur tekur undir þetta. „Ég held að við séum að horfa til þess að þeir sem koma til kennslu séu býsna vel undirbúnir faglega. Þeir eru með góðan bakgrunn í þeim kjörsviðum sem þeir læra til. Svo ég tali fyrir mig sem ungan kennara þá er stærsti munurinn á því að byrja að kenna úthaldið yfir lengri tíma. Til að byrja með er maður að svamla í djúpri sundlaug. En við erum með góðan hóp sem er að reyna að kenna krökkum á Íslandi.“

Hann teiknar á blað bogadregna línu sem sýnir hæðir og lægðir, öldudali og toppa. Því næst dregur hann línu þvert í gegn og sýnir miðgildið. „Ég held að þessi hópur sé samt að sumu leyti þreyttur. Það er búið að vera viðvarandi hærra meðalálag á kennurum. Verkefni eins og innleiðing á nýju námsmati, nýir einkunnarskalar og allt það sem bæst hefur við á undanförnum árum hefur þarna áhrif en stéttinni finnst hún ekki hafa fengið borgað fyrir það. Það var svolítið trist stemning að koma nýr inn í miðri kjarabaráttu í haust. Því þá nennir enginn að gera neitt. Það drepur niður alla nýsköpun ef manni finnst vinnan ekki metin að verðleikum.“

„Ég hef aldrei viljað gera of mikið úr álagi á kennari,“ segir Börkur, „en þetta er öðruvísi starf en mörg önnur störf og fólk virðist eiga dálítið erfitt með að horfast í augu við það og vilja taka kennarastarfið og leggja það á borðið eins og hvert annað skrifstofustarf.“

„Já, það er eins og þeir sem haldi um pyngjuna hafi áhyggjur af því hvort verið sé að vinna af alvöru í skólunum. Það er eins og það skorti skilning á því að kennarastarfið er skapandi starf. Það er hópur af fólki að sérsníða námsefni fyrir nemendur, eða nálgast viðfangsefnið mismunandi til að viðhalda áhuga. Og það er skapandi nálgun. Maður er samt ekki skapandi eftir pöntunum heldur kemur andinn yfir fólk. Ef ég er að vinna að einhverri góðri hugmynd þá er ég tilbúinn að vera frameftir á daginn á milli þess sem úthaldið er kannski minna. En þó ég sitji í skólanum frá tvö til fjögur, samkvæmt viðveruskyldu, þá er ekkert víst að það fáist sama framleiðnin út úr því,“ segir Þorleifur.

## Kynin ekki svo ólík

Niðurstöður síðustu PISA-rannsóknar birtust fyrir jól og sýndu að þriðjungur drengja í tíunda bekk getur ekki lesið sér til gagns. Illugi Gunnarsson, þáverandi menntamálaráðherra, lét þá hafa eftir sér að sú staðreynd að hópurinn gæti ekki lesið sér til gagns væri ógn við lýðræðið í landinu.

Þorleifur og Börkur segjast ekki upplifa að það sé mikill munur á strákum og stelpum í skólakerfinu. Sérstaklega ekki á fyrstu árum skólagöngu barnanna. Sumar stelpur séu lakar í lestri en aðrar góðar og það sama eigi við um strákana.

„Ég vil ekki segja að það sé einhver eðlismunur á milli kynjanna. Ég held að þetta séu einstaklingar sem eru mismunandi en ég held að það sé skortur á því að vissir nemendur fái aðgang að kennurum sem henti þeim. Að hluta til er það líka skortur á körlum í stéttinni,“ segir Þorleifur. Aðspurðir hvers vegna strákarnir mælist samt lakari í lestri en stelpurnar segjast þeir ekki hafa svörin á reiðum höndum. Þorleifur nefnir að kannski þurfi öflugri fyrirmyndir fyrir stráka í skólastarfi.

„Ég held að það sé alveg lykilatriði í því að meta hvort kerfið sé hentugt börnum, hvort í því séu fjölbreyttir möguleikar fyrir þau til að læra. Það hlýtur að velta á fagmennsku og gæðum kennarans hverju sinni að hann hafi þekkingu og innsýn til að takast á við ólíkar þarfir nemenda. Það er algjört grundvallaratriði að nemendur hafi möguleika á að læra á sínum forsendum. Ef hlutirnir eru ekki að virka þarf að bæta kennsluaðferðir.“

Börkur tekur undir það. „Menn halda að þetta sé vélrænt starf og að það sé bara hægt að búa til kennsluáætlun og svo geti þetta rúllað einhvern veginn. En það er ekki svoleiðis. Það þarf stöðugt að laga kerfið að nemendunum, bæði strákum og stelpum. Sumir segja að stelpur þroskist fyrr og strákarnir nái þeim seinna og það má vel vera að það sé eitthvað til í því. En sumir strákar rúlla upp lestrarnámi strax í sex ára bekk. Það er ekki eins og allir strákar geti ekki lesið og allar stelpur geti það.“

Þorleifur segir þó að oft brjótist hegðan drengjanna út ólíkt hegðun stelpnanna. Þeir séu meira út á við á meðan stelpurnar séu hlédrægari. „En það eru staðalmyndir sem strákar og stelpur gangast upp í. Stelpurnar fá svo hrós fyrir að vera fínar og duglegar en strákarnir háværir og sterkir.“

Það bendir kannski til þess að strákarnir verði að fá jákvæða athygli og umbun fyrir að vegna vel í náminu. Með öðrum orðum þurfa að vera jákvæðir hvatar fyrir þá til að leggja á sig í skólastofunni. Samfélagið þurfi í raun að leggja fram sömu gildi fyrir stráka og stelpur, en því sé ábótavant í dag.

„Það sem mér finnst samt nærtækast að benda á er lítill fjöldi karlmanna í kennslunni. Ég sé það svart á hvítu að það voru ákveðnir strákar pínulítið upp á kant við kerfið en tengja við mig þegar ég byrjaði að kenna. Koma mín inn í þann hóp var þannig jákvæð,“ heldur Þorleifur áfram.

„Já, eftir því sem ég eldist finn ég hvað það verður erfiðara að lesa í líðan tíu til tólf ára stelpna. Það er erfiðara fyrir mig að komast inn í þeirra hugarheim,“ nefnir Börkur.

„Ég gæti líka trúað því að það séu tvö mengi nemenda, annar hópurinn tengir meira við konur og hinn meira við karla. Ef það skortir alveg á karlamengið held ég að stelpurnar sem eru í hópnum sem tengir betur við karla komi samt til með að spjara sig betur en strákarnir sem eru í sama mengi.“

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 4. MARS 2017 LAUGARDAGUR

# LÍFIÐ TÓK MIKLUM BREYTINGUM

**IceCare kynnir** Bio Kult Candéa hylkin veita öfluga vörn gegn candida sveppnum í meltingarvegi. Unnur Gunnlaugsdóttir segir notkun hylkjanna það eina sem hafi virkað í baráttu hennar við síendurtekin meltingaróþægindi.

Unnur Gunnlaugsdóttir fékk fyrst sveppasýkingu fyrir fjórtán árum og fékk í kjölfarið síendurtekin óþægindi. „Ég hef prófað allt til að losna við candida sveppinn, allt frá grasalækningum til lyfseðilsskyldra lyfja til að losna við þennan ófögnuð en ekkert hefur virkað. Ég minnkaði líka mjög neyslu á einföldum kolvetnum en það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanlíðan, ég var orðin mjög þunglynd,“ segir Unnur.

Hún segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum eftir að hún fór að taka inn Bio Cult Candéa hylkin. „Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja candida sveppnum. Að auki get ég loksins farið í sund og nýt þess að fara í sund reglulega með börnunum mínum, þvílíkur munur.

Ég mun hiklaust halda áfram að nota Bio Kult Candéa og mæli með Bio Kult Candéa hylkjunum.“

Bio Kult Candéa hylkin henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Bio Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og grape seed extract. Það virkar sem öflug vörn gegn candida sveppnum í meltingarvegi kvenna og karla. Candida í meltingarvegi getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni candida sveppsins geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál.

Bio Kult Candéa er öflug vörn gegn candida sveppnum á viðkvæðum svæðum hjá konum.

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu IceCare, www.icecare.is og heimsækið Facebook-síðu IceCare til að taka þátt í léttum leik.

**Bio Kult Candéa hylkin fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.**




IceCare
Þín heilsa



**Unnur segir notkun á Bio Kult Candéa hylkjunum hafa breytt lífi sínu. Hún er laus við síendurtekin óþægindi af candida sem hrjáðu hana áður í mörg ár.**


## AMÍNÓ LIÐIR

Liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr sæbjúgu úr hafinu við Ísland.

**Inniheldur**
sæbjúgu, vatnsrofin þorskprótín, túrmerik, D vítamín , C vítamín og mangan.






*Snorri Snorra*
*„Virkar vel á mína liði“*

## AMÍNÓ LÉTT

Seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun vegna glúkómannan.

**Inniheldur**
vatnsrofin þorskprótín, glúkómannan og króm-pikkólínat.






*Guðrún Lilja*
*„Finn góðan mun á mér“*

## AMÍNÓ 100%

Fyrir fólk sem vill auka neyslu á hreinu fiskpróteini.

**Inniheldur**
einungis vatnsrofin þorskprótín úr villtum íslenskum þorski.






*Guðjón Ágúst*
*„Mun kraftmeiri í ræktinni“*

# ÆSKA LANDSINS KEPPIR Í HÖNNUN

Unglingar frá félagsmiðstöðvum hvaðanæva af landinu koma saman í Laugardalshöllinni í dag og keppa í hönnun. Þemað er Gyðjur og goð og býst **Victor Berg Guðmundsson**, framkvæmdarstjóri Samfés, við fjölda fólks á öllum aldri.

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is



Mikið verður um að vera í Laugardalshöllinni þegar keppt verður í fatahönnun, förðun, fantasíuförðun og hárgreiðslu í hönnunarkeppninni STÍLL 2017. Að auki verður flottasta hönnunarbókin verðlaunuð, sem og besta heildarhönnunin. Keppnin er á vegum Samfés fyrir félagsmiðstöðvar á Íslandi og eru keppendur á aldrinum 13-16 ára. Þeir hafa unnið hörðum höndum að undirbúningi og mikil spenna er fyrir keppninni.

„Þarna kemur æska Íslands fram með frábæra hönnun og margir að stíga sín fyrstu skref í átt að framtíðinni. Þetta er stór og mikill viðburður en ár hvert ákveður Ungmennaráð Samfés þema sem unglingarnir túlka og vinna út frá. Keppnin er nú haldin í sextánda sinn og í þetta skiptið var ákveðið að halda hana í mars en ekki í nóvember eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Við vildum færa viðburðinn nær Hönnunarmars,“ útskýrir Victor en hann vonast til að sjá sem flesta áhorfendur. „Keppnin hefur stækkað og orðið flottari með hverju árinu. Keppendur eru um tvö hundruð talsins og eru



**Frá klukkan eitt er hægt að fylgjast með undirbúningi keppninnar.**



**Hugmyndauðgin fær að njóta sín í fantasíuförðun.**

tveir til fjórir saman í liði. Í fyrra voru um tvö þúsund áhorfendur í salnum. Það væri gaman að fylla höllina í dag en það er frítt inn og allir velkomnir,“ segir Victor, sem er viss um að keppnin mun auka áhuga ungmenna á hönnun.

Dómnefndin samanstendur af virtum aðilum úr heimi hönnunar, tísku, förðunar og hárgreiðslu. Victor segir keppendur vel undirbúna en undankeppnir hafa þegar verið haldnar um land allt. „Hóparnir byrja að vinna að sínu atriði klukkan eitt og hægt er að fylgjast með undirbúningnum en sýningin sjálf hefst klukkan þrjú. Þeir sem hrepptu þrjú efstu sætin í Danskeppni Samfés og sigurvegarar í Rímnaflæði, Leðjubois, koma fram í dómarahléi. Með þessum viðburði viljum við hjá Samfés skapa vettvang fyrir unglingana til að koma fram.“

Keppnin er komin í nokkuð fastar skorður og í fyrra kom út handbók til að tryggja að allir ynnu eftir sömu reglum. „Keppendur þurfa að skila möppu þar sem koma þarf fram hvaðan þeir fengu hugmyndina, hvernig þeir framkvæma hana, hvaða efni er notað og eins þarf að skila inn reikningum því hámark er á hversu miklu má eyða í hönnunina o.fl.,“ segir Victor.

Sterk hefð er fyrir þátttöku í STÍL og um leið er gaman að fá nýliða til leiks, að sögn Victors. „Okkur finnst vænt um þessa keppni og vonum að sem flestir komi að sjá hönnuði framtíðarinnar.“



**Unglingarnir sýna ótrúlegt hugmyndarflug í hönnun sinni.**



> Þarna kemur æska Íslands fram með frábæra hönnun og margir að stíga sín fyrstu skref í átt að framtíðinni. Þetta er stór og mikill viðburður en ár hvert ákveður Ungmennaráð Samfés þema sem unglingarnir túlka og vinna út frá. Keppnin er nú haldin í sextánda sinn og í þetta skiptið var ákveðið að halda hana í mars.
>
> Victor Berg Guðmundsson




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Sigríður Inga Sigurðardóttir, *sigriduringa@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


Guðmundur Steinsson
Húsið
Leikstjórn
Benedikt Erlingsson
Frumsýnt 10. mars
Tryggðu þér miða á leikhusid.is
eða í síma 551 1200












Daniel Radcliffe sem Harry Potter.

# Í FÓTSPOR HARRY POTTER Í LONDON

**Mikill fjöldi ferðamanna kemur til Lundúna til að upplifa Harry Potter-staði. Þetta á bæði við um þá sem eru eldri og yngri. Oft koma heilu fjölskyldurnar saman til að skoða umhverfi Potters og lifa sig inn í stemninguna frá bíómyndunum. Best er að undirbúa ferðina tímanlega.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Nýja Hogwarts-lestin í Warner Bros-stúdíóinu í London er þriggja tíma ævintýri þar sem skoða má ýmsa hluti, búninga, tækni og fleira frá upptökum á Harry Potter. Stúdíóið hefur verið notað í tíu ár við gerð myndanna. Það kostar 8.890 íslenskar krónur að fara um svæðið og er algjörlega þess virði fyrir aðdáendur myndanna. Þann 31. mars verður opnaður „The Forbidden Forest“ eða bannaði skógurinn sem verður mikið ævintýri að sjá. Einlægir Harry Potter aðdáendur verða að heimsækja þennan stað. Hogwarts Expressen fær mjög góða dóma á Trip Advisor. Best er að kaupa miða á netinu áður en lagt er af stað í ferðina. www.wbstudiotour.co.uk

Magnað leikrit, Harry Potter and the Cursed Child, er sýnt í Palace Theatre um þessar mundir. Það getur verið erfitt að fá miða á leikritið svo gott er að vera tímanlega í því að kaupa miða. Best er að fara inn á heimasíðu leikhússins til að kaupa miðana, www.harrypottertheplay.com

Að heimsækja Mister Fogg-pöbbinn, sem er í leikhúshverfinu, er góð hugmynd. Gamlar innréttingar setja svip á umhverfið og starfsmenn ganga í búningum. Þarna er hægt að fá mjög góðan mat í hádeginu í anda Harry Potter. Heimilisfangið er: Mister Fogg’s tavern, 58 St. Martin's Lane.

Sælgæti kemur töluvert við sögu í Harry Potter-myndunum og -bókunum. Hardys sem staðsett er í Covent Garden býður upp á ferskt nammi í anda Harry Potter. Litríkar karamellur og súkkulaðibitar. Sælgætið er ekki ódýrt en full ástæða til að heimsækja sjoppuna engu að síður. www.hardyssweets.co.uk

Í Hamley’s leikfangabúðinni á Regent Street er hægt að kaupa alls kyns Harry Potter dót á fjórðu hæðinni. Galdrastafir og dúkkur, jafnvel í fullri stærð. Það er skemmtilegt að ganga um hæðina og skoða gríðarlega fjölbreytt úrval leikfanga.



Götumynd úr Harry Potter hjá Warner Bros í London.



Líkön sem gerð voru fyrir myndirnar hjá Warner Bros.

The Georgian House-Hótel í London hefur breytt sumum herbergjum sínum í Harry Potter stíl. Gestum á að líða eins og þeir séu að verja nótt í Hogwarts sem Harry Potter-aðdáendur kannast vel við. Hótelið aðstoðar við skoðunarferðir um Harry Potter- svæði. Sjá www.georgianhousehotel.co.uk/wizard-chambers

Þá er um að gera að heimsækja King’s Cross-stöðina en þar tekur Harry Potter lestina í Hogwarts-skólann. Fyrir þá sem vilja ferðast víðar þá eru margar senur í Harry Potter teknar upp í skosku hálöndunum, til dæmis í Glen Coe. Þar má sjá Hagrids-stofu úr myndinni Harry Potter and the Prisoner of Azkaban.

Durham er í Norður-Englandi en þar var mikið tekið upp fyrir fyrstu tvær Harry Potter myndirnar. Allt byrjaði þetta þó í Edinborg í Skotlandi þar sem höfundurinn, J.K. Rowling, settist inn á kaffihús með nýfædda dóttur sína og byrjaði að skrifa. Nú hafa bækurnar selst í meira en 300 milljónum eintaka. Kaffihúsið, The Elephant House í Edinborg, er sagt vera fæðingarstaður Harry Potter. Síðasti kaflinn í síðustu bókinni var hins vegar skrifaður í svítu á Balmoral lúxushótelinu í Edinborg.

Svo er eiginlega nauðsynlegt fyrir þá sem heimsækja London að fara á Ritz-hótelið í síðdegiste en það gerði einmitt prófessor Umbridge. Það er reyndar ævintýri líkast að koma inn á Ritz-hótelið. Silfurbúnaður og postulín er borið á borð fyrir gesti í glæsilegum salarkynnum þar sem stórar kristalsljósakrónur hanga í loftum. www.theritzlondon.com


30-70% afsláttur
af völdum vörum!
FRÁBÆR stemning og Coke og prince polo í boði fyrir gesti!
Stærðir 36-56
KRINGLUKAST!
Nýjar vörur á frábæru tilboðsverði dagana 2-6.mars.
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
BLÚSSA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. 42-56
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
AÐHALDS-BOLUR ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
Einnig til í stuttur!
AÐHALDS-BOLUR ÁÐUR 7.990 NÚ 3.990 st. 42-56
Aðhaldsbolur er eitt af því sem allar konur ættu að eiga, hann nýtist vel til að móta, stinna og slétta og hentar einstaklega vel undir sparifatnað
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# ÁHUGAVERÐUR HÁSKÓLADAGUR

**Elísabet Inga Sigurðardóttir** nemi í lögfræði við Háskóla Íslands verður einn af kynnum Háskóladagsins á Háskólatorgi en Háskóladagurinn fer fram á þremur stöðum í dag milli klukkan 12 og 16. Hún segir bæði fróðlegt og skemmtilegt fyrir fólk að mæta á Háskóladaginn en sjálf segir hún daginn hafa hjálpað sér við val á sínu námi.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is





Elísabet Inga verður ein af kynnunum á Háskólatorgi í dag. MYND/ANTON BRINK



Ýmsar skemmtilegar uppákomur verða í háskólunum á höfuðborgarsvæðinu í dag. MYND/KRISTINN INGVARSSON

„Háskóladeginum er ætlað að kynna það fjölbreytta nám sem er í boði í háskólum á Íslandi í dag en allir sjö háskólar á Íslandi kynna starfsemi sína þann dag,“ segir Elísabet Inga en kynningarnar fara fram á þremur stöðum í borginni, í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. „Það er mjög gaman að fara á alla þrjá staðina og lítið mál því frír strætó gengur á milli þessara staða á meðan á Háskóladeginum stendur frá klukkan 12 til 16,“ útskýrir Elísabet Inga. Aðrir háskólar á borð við Háskólann á Hólum, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðaháskólann og Bifröst verða með kynningar á neðri hæð Háskólatorgsins.

### FJÖLBREYTTAR UPPÁKOMUR

En fyrir hverja er Háskóladagurinn? „Alla sem huga að því að hefja nám í háskóla. Margir eru að stíga úr menntaskóla en einnig er nokkur fjöldi eldra fólks sem hyggst sækja nám,“ svarar Elísabet Inga. Hún telur stærsta kostinn við Háskóladaginn þann að fólk kemst í tæri við nemendur og kennara og geti þannig spurt út í námið og félagslífið. „Fyrir utan kynningar á námi verða ýmsar uppákomur hér í HÍ,“ segir hún og nefnir sem dæmi stjörnuver í Öskju þar sem hægt er að fræðast um stjörnurnar undir stjörnuhimni. Í aðalbyggingu má fylgjast með japönsku dansatriði, hlusta á háskólakórinn, sjá kínverskan dreka og læra rússneska þjóðdansa. Í Háskólabíói verður vísindabíó, háskóladansinn kemur líkt og sprengjugengið sem sýnir ýmsar tilraunir.

### FÉLAGSLÍFIÐ SKIPTIR MÁLI

Elísabet Inga verður kynnir á Háskólatorgi Háskóla Íslands á Háskóladaginn. Þar svarar hún spurningum frá gestum og gangandi og kynnir viðburði. Elísabet hefur sjálf góða reynslu af því að fara á Háskóladaginn. „Ég man tilfinninguna að koma inn í þennan risaháskóla. Svo fékk maður poka og sankaði að sér alls konar bæklingum sem maður las seinna. Út frá háskóladeginum valdi ég lögfræðina og spiluðu þar helst inn í samtöl mín við nemendur deildarinnar sem töluðu svo vel um námið og félagslífið,“ segir Elísabet Inga sem telur félagslífið ekki síður mikilvægt en hið akademíska nám. Sjálf tekur hún virkan þátt í stúdentapólitíkinni. „Stúdentapólitíkin er mjög góð reynsla inn í lífið, fyrir utan að maður kynnist fólki úr öllum deildum háskólans sem er verðmætt,“ segir hún og hvetur alla til að mæta á Háskóladaginn.

# HAGNÝTT TÆKNINÁM Á HÁSKÓLASTIGI

**Tæknifræðinám á vegum Háskóla Íslands á vettvangi Keilis** hefur verið starfrækt síðan 2009. Námið heyrir undir Rafmagns- tölvuverkfræðideid HÍ en kennslan fer fram á Ásbrú þar sem öll nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi.




„Það er í raun sama hvar við berum niður; í hátækni- og þekkingarfyrirtækjum, nýsköpunarfyrirtækjum, orkufrekum iðnaði eða hjá framleiðslufyrirtækjum. Alls staðar er þörf fyrir tæknifræðimenntað fólk,“ segir Sverrir.



Að sögn Sverris er gríðarleg þörf fyrir fólk með menntun af þessu tagi. MYND/ANTON BRINK

Einn megintilgangur námsins er að bjóða upp á hagnýtt tækninám á háskólastigi með sterka tengingu við atvinnulífið. Kenndar eru tvær námsleiðir: Mekatrónik tæknifræði, sem á íslensku mætti útleggja sem véla- og tölvutæknifræði og iðntæknifræði fyrir efnaog líftækniiðnað.

Mekatrónik fjallar um hverskonar sjálfvirkan tölvustýrðan búnað. Iðntæknifræðin byggir upp hagnýta þekkingu á efnafræði, efnaferlum og líftækni. Sömuleiðis þá tækniþekkingu sem þarf til að hanna og reka tilsvarandi framleiðsluferli.

Háskóli Íslands er stærsti eignaraðili Keilis. Undirtititll Keilis er miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, sem undirstrikar það hlutverk að tengja menntun við atvinnulíf og nýsköpun. Keilir hefur meðal annars byggt upp tengsl við hátækni-, orku- og framleiðsluiðnað og rímar það vel við áherslur tæknifræðinámsins um sterka tengingu við atvinnulífið. Þá býður Keilir upp á öfluga rannsóknarog tilraunaaðstöðu sem er sérsniðin að þörfum tæknifræðinámsins.

„Þetta nám þarf sitt rými. Það hefði verið ansi dýrt að byggja aðstöðuna upp í 101 og mun nærtækara að nýta þá aðstöðu sem er fyrir hendi hjá Keili. Um leið er hægt að tengja námið því þekkingarsamfélagi sem þar hefur orðið til,“ segir Sverrir Guðmundsson, forstöðumaður tæknifræðináms Háskóla Íslands og Keilis.

Í náminu er fléttað saman bóklegum fögum, verkefnavinnu og raunverulegum verkefnum sem ýmist tengjast nýsköpun eða eru unnin í beinu samstarfi við fyrirtæki. Þannig öðlast nemendur færni í að leysa raunveruleg verkefni en auk þess býður fyrirkomulagið upp á gagnvirk tengsl milli nemenda og atvinnulífs. Náminu lýkur svo með fimm mánaða lokaverkefni með hagnýtri áherslu, þar sem nemendur vinna ýmist að eigin nýsköpunarhugmyndum eða að krefjandi verkefnum í samstarfi við fyrirtæki. Kennsla fer fram allt árið, fyrir utan sex vikna sumarfrí, og eiga nemendur þannig kost á að ljúka náminu á þremur árum. Þeir geta því komist fyrr út á vinnumarkaðinn. Að útskrift lokinni geta nemendur sótt um lögverndað starfsheiti tæknifræðings.

Tæknifræðin þjónar að sögn Sverris þörfum atvinnulífsins fyrir stuttu tækninámi á háskólastigi með áherslu á beina hagnýtingu. Megin áherslan er á öfluga tækniþekkingu samhliða færni við að beita henni á raunveruleg verkefni tengd atvinnulífi og nýsköpun.“

Að sögn Sverris er gríðarleg þörf fyrir fólk með menntun af þessu tagi og nýtist hún mun víðar en margir halda. „Það er í raun sama hvar við berum niður; í hátækni- og þekkingarfyrirtækjum, nýsköpunarfyrirtækjum, orkufrekum iðnaði eða hjá framleiðslufyrirtækjum. Alls staðar er þörf fyrir tæknifræðimenntað fólk.“

Aðspurður segir hann hátæknifyrirtæki eins og Marel og Össur kannski skýrustu dæmin um mögulegan starfsvettvang nemenda að námi loknu. „Auk þess mætti nefna það að sjávarútveginn er sífellt að verða tæknivæddari og þarf orðið mikið á tæknifræðimenntuðu fólki að halda hvað varðar sjálfvirkan búnað og fullnýtingu afurða. Eins fara okkar nemendur til starfa hjá hugbúnaðarfyrirtækjum, sprotafyrirtækjum og verkfræðistofum svo dæmi séu nefnd. Þá hafa einhverjir stofnað sín eigin fyrirtæki og aðrir farið í framhaldsnám í tæknifræði eða skyldum greinum.“

Frekari kynning á náminu verður í Öskju í dag á milli klukkan 12 og 16.



**MOSS** HOTEL | LAVA COVE

# HÖFUM OPNAÐ FYRIR UMSÓKNIR

Bláa Lónið opnar í haust nýja heilsulind, hágæða hótel og veitingastaði þar sem áhersla verður lögð á einstaka upplifun gesta. Leitin að metnaðargjörnu fólki til að taka þátt í þessu ævintýri er nú formlega hafin.

IS

## STÖRF Í BOÐI:

- Yfirmaður Concierge þjónustu
- Concierge þjónusta
- Einkaþjónn
- Farangurs- og gestaþjónusta
- Bílastæðaþjónusta
- Yfirmaður gestamóttöku
- Gestamóttaka
- Yfirmaður herbergisþrifa
- Herbergisþrif
- Ræstingar

Umsóknir og nánari upplýsingar á **bluelagoon.is/atvinna** eða í síma **420 8800**
Umsóknarfrestur er til 25. mars nk.

## NOW ACCEPTING APPLICATIONS

In autumn, 2017, Blue Lagoon will be opening an underground spa, a 62-room luxury hotel, and signature restaurants. The search for ambitious individuals to take part in this adventure is officially on.

EN

## AVAILABLE POSITIONS:

- Concierge manager
- Concierge
- Butler
- Luggage and guest services
- Valet services
- Reception manager
- Receptionists
- Housekeeping manager
- Housekeeping
- Cleaning crew

For more info and applications go to **careers.bluelagoon.com** or call **420 8800**
Application deadline is March 25

Frábær starfsandi
Great team spirit

Góð fríðindi
Good benefits

Þjálfun og fræðsla
Training provided

Rútuferðir til og frá vinnu
Bus rides to and from work

2-2-3 vaktavinna eða dagvinna
2-2-3 shift or day shift

BLUE LAGOON
ICELAND

# ERT ÞÚ ELEVEN?

**Eleven Experience er alþjóðlegt ferðaþjónustufyrirtæki sem leitast við að veita viðskiptavinum sínum einstaka og persónulega þjónustu.** Eleven býður upp á lúxus gistingu á heimsmælikvarða og skipuleggur ógleymanlegar ævintýraferðir og upplifanir sérsniðnar að óskum hvers og eins.

**Eleven Experience** hóf rekstur á jörðinni Deplum í Skagafirði í apríl 2016. Deplar er gamalt bóndabýli sem búið er að breyta í lúxus gistiaðstöðu með 13 svítum. Á Deplum er fullbúið eldhús, tveir barir, heilsulind o.fl. ElevenExperience á Íslandi leitar nú að starfsmönnum fyrir Depla. Um er að ræða spennandi og krefjandi störf með mikla möguleika og tækifæri fyrir réttu manneskjurnar.



## EXPERIENCE MANAGER

**HELSTU VERKEFNI:**
Samskipti við gesti og söluskrifstofu Eleven erlendis.
Samskipti við innlenda og erlenda ferðaþjónustuaðila.
Skipulagning einstakra og ógleymanlegra ferða fyrir gesti.
Önnur tilfallandi verkefni.

**HÆFNISKRÖFUR:**
Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði.
Rík þjónustulund og frumkvæði.
Góð tölvukunnátta er skilyrði.
Mikil skipulagshæfni og sveigjanleiki í starfi.
Hæfileiki til að vinna að mörgum hlutum í einu.
Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg.
Reynsla úr ferðaþjónustu/leiðsögn er kostur.

**Frekari upplýsingar má nálgast í síma 588-1800 á virkum dögum.**

## ASSISTANT LODGE MANAGER

**HELSTU VERKEFNI:**
Aðstoð við stjórn og rekstur Depla.
Framfylgja stöðlum fyrirtækisins.
Þróa verklagsreglur.
Veita framúrskarandi þjónustu.
Þróa rekstraráætlanir.
Áætla og fylgjast með útgjöldum.

**HÆFNISKRÖFUR:**
Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði.
Rík þjónustulund og frumkvæði.
Mikil skipulagshæfni og sveigjanleiki í starfi.
Góð tölvukunnátta er skilyrði
Reynsla í stjórnun og þjálfun starfsfólks er kostur.

**Umsóknarfrestur er til 10. mars nk. Umsóknir og ferilskrá á ensku sendist á JOB@ELEVENEXPERIENCE.COM merkt "EM Deplar" eða "ALM Deplar".**

ELEVEN
DEPLAR FARM
ICELAND

WWW.ELEVENEXPERIENCE.COM

---

# Rafkaup

## SÖLUMAÐUR ÓSKAST

## ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Hefurðu áhuga á ljósum og lýsingu?

Okkur vantar sölumann í verslun okkar í Ármúla 24. Í starfinu felast öll almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning, innkaup, áfylling og fleira.

Um fullt starf er að ræða, en hlutastarf kemur einnig til greina. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Við erum að leita að einstaklingi sem hefur reynslu af verslunarstörfum, getur unnið sjálfstætt og hefur góða þjónustulund. Stundvísi, gott skipulag og góð íslenskukunnátta skilyrði.

Ef þú hefur áhuga og telur að starfið henti þér, sendu þá umsókn og ferilskrá á atvinna@rafkaup.is fyrir 10. mars.

**Rafkaup hf. - Ármúla 24 - 108 Reykjavík**
**585 2800 - rafkaup.is**

---

# HEFUR ÞÚ ÁSTRÍÐU FYRIR MARKAÐSMÁLUM OG RANNSÓKNUM?

Gallup leitar að öflugum liðmanni. Starfið sem í boði er felur í sér að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu á sviði markaðs- og viðhorfsrannsókna.

**Starfssvið:**

- Öflun nýrra viðskiptavina og verkefna
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini
- Hönnun rannsókna og verkefnastjórnun
- Kynning og túlkun niðurstaðna sem og önnur eftirfylgni
- Þróun rannsóknaraðferða og mælitækja

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla / þekking á sviði rannsókna
- Reynsla / þekking á sviði markaðsmála
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku

**Viðkomandi þarf einnig að:**

- Hafa mikla þjónustulund
- Eiga gott með að vinna sjálfstætt og með öðrum
- Eiga auðvelt með að tala fyrir framan hóp
- Vera metnaðarfull(ur)
- Búa yfir miklu frumkvæði

**Umsóknarfrestur er til og með 12. mars 2017**

Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skal senda á Ragnheiði Dagsdóttur hjá Capacent ráðningum
ragnheidur.dagsdottir@capacent.is

Gallup er stærsta rannsóknarfyrirtæki landsins og starfar m.a. á sviði markaðs-, ímyndar-, þjónustu- og starfsmannamála.

GALLUP

Hönnunarsafn Íslands

# Forstöðumaður

Forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess í samráði við stjórn. Hann stjórnar daglegum rekstri, skipuleggur sýningar á vegum safnsins og sér um aðra starfsemi þess.

Í umsókn skal gera grein fyrir hvernig umsækjandi mætir öllum neðangreindum kröfum. Jafnframt er óskað eftir greinargerð að hámarki 2 bls. þar sem umsækjandi lýsir framtíðarsýn sinni fyrir Hönnunarsafn Íslands.

Ráðið verður í starfið tímabundið til fimm ára.

Umsóknarfrestur
**20. mars**

**Hlutverk og ábyrgð**
- Yfirumsjón með þeim málaflokkum sem undir safnið heyra.
- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri og starfsemi safnsins.
- Ábyrgð á stefnumótun.
- Frumkvæði í þróun og innleiðingu nýjunga.
- Samstarf við stjórn safnsins, starfsmenn og aðra aðila sem tengjast því.
- Skipulagning á þjónustu safnsins gagnvart gestum auk kynningarmála og markaðssetningar.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4655**

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði hönnunar eða lista. Framhaldsmenntun æskileg.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Víðtæk þekking á innlendri og alþjóðlegri hönnun.
- Hæfni til að veita forystu, stjórnunar- og skipulagshæfileikar.
- Framsýni, áræðni og metnaður í starfi.
- Þjónustu- og samskiptahæfni.
- Góð tungumálakunnátta og mikil hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.

GARÐABÆR

Hönnunarsafn Íslands er viðurkennt safn og leiðandi safnastofnun á sviði hönnunar. Þar fara fram rannsóknir, miðlun og varðveisla á hönnun, einkum frá aldamótunum 1900.

Í safninu er boðið upp á sýningar allt árið og ýmsa viðburði sem miðla þekkingu á hönnun til allra aldurshópa. Til safnsins er leitað álitsgjafar um íslenska hönnun en jafnframt hefur safnið frumkvæði að rannsóknum og kemur að samstarfsverkefnum með fjölda stofnana innanlands og utan á sviði hönnunarsögu.

Safnið er ein af stofnunum Garðabæjar og er rekið í samræmi við mannauðsstefnu bæjarins. Það er staðsett í hjarta bæjarins á Garðatorgi. Heimasíða Hönnunarsafnsins er: www.honnunarsafn.is

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Verkefnastjórar

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) leitar að öflugum verkefnastjórum í krefjandi og skapandi verkefni. FSR sækist eftir faglegu og metnaðarfullu starfsfólki og leggur áherslu á að allt starfsfólk sýni frumkvæði, fagmennsku og þjónustulund. Stofnunin starfar í krefjandi umhverfi og er hæft starfsfólk grunnstoð hennar.

## Verkefnastjóri útgáfu- og upplýsinga

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4647**

Helstu verkefni
- Umsjón með upplýsingamiðlun FSR.
- Umsjón með skilamötum og útgáfumálum, s.s. ársskýrslu, árangursskýrslum og ársáætlunum.
- Ritstjórn og umsjón með vef FSR.
- Umsjón með innri vef FSR.
- Ýmis textaskrif og önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur
Allar upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur er að finna á vefslóð starfsins á vef Capacent sem og á www.starfatorg.is

## Verkefnastjóri mannvirkja

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4645**

Helstu verkefni
- Umsjón með verklegum framkvæmdum.
- Verkefnastjórnun við undirbúning framkvæmda og/eða við verklegar framkvæmdir.
- Ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um húsnæðismál.
- Rýni útboðsgagna og gerð umsagna um áætlunargerð.
- Áætlana- og samningagerð.
- Aðkoma að frumkvæðisverkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur
Allar upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur er að finna á vefslóð starfsins á vef Capacent sem og á www.starfatorg.is

fsr

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins, FSR, er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

FSR er í fararbroddi við að innleiða vistvænar vinnuaðferðir og upplýsingalíkön mannvirkja (BIM) í byggingariðnaði á Íslandi. FSR vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi ISO 9001 og er stöðugt unnið að því að auka gæði í starfsemi stofnunarinnar.

Um er að ræða tímabundna ráðningu í hvert starf til eins árs með möguleika á fastráðningu í framhaldi af því.

Umsóknarfrestur
**20. mars**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


# Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**www.capacent.is**



Þau **Maren** og **Jón Kolbeinn** hafa fengist við verkfræðistörf hjá Isavia í tæp 4 ár og á þeim tíma unnið að uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Þannig eru þau hluti af góðu ferðalagi.

17 - 0704 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

Leitað er að starfsmönnum sem hafa lipra og þægilega framkomu, eiga auðvelt með að vinna undir álagi, sýna af sér frumkvæði í starfi, eru skipulagðir í verkum sínum og áhugasamir.

## FLUGVALLARSTARFSMENN

Helstu verkefni eru björgunar- og slökkviþjónusta, eftirlit með flugbrautum og flugvallarmannvirkjum. Umsjón og framkvæmd snjóruðnings og hálkuvarna ásamt ýmiss konar tækjavinnu sem og önnur störf tengd rekstri flugvallarins.

**Hæfniskröfur:**
- Aukin ökuréttindi
- Stóra vinnuvélaprófið er kostur
- Reynsla af snjóruðningi og hálkuvörnum er æskileg
- Reynsla af slökkvistörfum er kostur
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Góð tök á íslenskri og enskri tungu, ásamt grunntölvukunnáttu

Umsækjendur þurfa að standast læknisskoðun og gangast undir þolpróf áður en til ráðninga kemur.

## BIFVÉLAVIRKI/VÉLVIRKI

Helstu verkefni eru viðgerðir og viðhald á öllum tækjum og bifreiðum Keflavíkurflugvallar. Einnig nýsmíði í málmi, rennismíði, suðuvinna og viðgerðir á gömlu efni. Viðkomandi tekur þátt í snjóruðningi, ísingarvörnum og öðrum verkefnum flugvallaþjónustu eftir þörfum.

**Hæfniskröfur:**
- Meirapróf er skilyrði
- Vinnuvélapróf er kostur
- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða vélvirkjun er æskilegt
- Starfsreynsla í faginu og reynsla af rafmagns-, glussa- og tölvukerfum í bílum og tækjum
- Góð tök á íslenskri og enskri tungu, ásamt grunntölvukunnáttu

Jafnlaunaúttekt PwC

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

STARFSSTÖÐ: **KEFLAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **19. MARS 2017**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia




# Sumarstörf

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma leita eftir einstaklingum til tímabundinna starfa næsta sumar:

## Almenn garðyrkjustörf, flokkstjórar og vélamenn

### Starfssvið
- Störfin tilheyra garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og felast í almennri umhirðu útsvæða s.s. slátt, gróðursetningu og illgresishreinsun í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði við Suðurgötu og Kópavogskirkjugarði
- Ráðningartími er 10-14 vikur frá miðjum maí

--------

### Hæfniskröfur almenn garðyrkjustörf
- Umsækjandi sé fæddur árið 2000 eða fyrr
- Stundvísi og samviskusemi

--------

### Hæfniskröfur flokkstjóra
- Reynsla af garðyrkjustörfum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og samviskusemi

--------

### Menntun og hæfniskröfur vélamanna
- Dráttarvélaréttindi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og samviskusemi

Umsókn berist skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík fyrir **20. mars 2017**, merkt "**Sumarstörf**".

Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðunni **www.kirkjugardar.is** og senda rafrænt.

## Verkstjórar í garðyrkju

### Starfssvið
- Stýra starfi við umhirðu og framkvæmdir í kirkjugörðunum í samstarfi við garðyrkjumenn

### Hæfniskröfur verkstjóra
- Leitað er að einstaklingum fæddum 1996 eða fyrr til að stýra starfi við umhirðu og framkvæmdir í kirkjugörðunum í samstarfi við garðyrkjumenn
- Frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í starfi
- Skipulagshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og þekking á garðyrkju og ræktun kostur

Umsókn berist skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík fyrir **20. mars 2017**, merkt "**Verkstjóri í garðyrkju**", eða á netfang kari@kirkjugardar.is

## Starf í Bálstofu

### Starfssvið
- Leitað er að einstaklingi til afleysingar við bálfarir

### Hæfniskröfur
- Stundvísi, heiðarleiki og natni við vinnu
- Hentar vel t.d fyrir háskólanema

Upplýsingar gefur Þorgrímur G Jörgensson í síma 898 4207.
Umsóknir berist fyrir **1. apríl 2017** á netfang kari@kirkjugardar.is

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

ORF LÍFTÆKNI

# STÖRF Í BOÐI
## HJÁ ORF LÍFTÆKNI

BIOEFFECT

### GJALDKERI & INNHEIMTUSTÖRF

Félagið leitar eftir áreiðanlegum og dugmiklum einstaklingi til að taka að sér starf gjaldkera og innheimtur fyrir félagið og dótturfélag þess, BIOEFFECT ehf. Einnig koma til ýmis störf er tengjast umsýslu á skrifstofu félaganna.

**Starfssvið:**

- Greiðslur reikninga
- Eftirlit með greiðslum á kröfum gagnvart skuldunautum
- Innheimtur ógreiddra reikninga
- Samskipti við lánardrottna og skuldunauta, innlenda sem erlenda
- Samskipti við banka, þ.m.t. vegna faktoring þjónustu
- Önnur tengd verkefni sem upp kunna að koma

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla í gjaldkerastarfi
- Reynsla af innheimtustörfum, þ.m.t. gagnvart erlendum aðilum
- Haldbær færni í ensku
- Þekking á NAV bókhaldskerfi æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum

intellecta

Nánari upplýsingar varðandi störfin veitir Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) í síma: 511-1225.

Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.
Umsóknarfrestur er til og með **13. mars 2017**.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

### SÖLUFULLTRÚI BIOEFFECT Á ÍSLANDI

Félagið óskar eftir að ráða metnaðarfullan og dugmikinn einstakling í starf sölu-og kynningarfulltrúa í söludeild BIOEFFECT vara fyrirtækisins. Um er að ræða 50-60% starf með möguleika á fullu starfi í framtíðinni.




**Starfssvið:**

- Heimsóknir í verslanir og taka niður pantanir
- Tryggja góða framsetningu á vörum í verslunum
- Kynningar í verslunum
- Önnur tengd verkefni sem upp kunna að koma

**Viðkomandi þarf að geta unnið að hluta til um helgar og á álagstímum og hafa bíl til umráða til að sinna starfinu.**

**Hæfniskröfur:**

- Sterkir sölumannshæfileikar
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Lipurt og jákvætt viðmót
- Frábær þjónustulund
- Geta unnið sjálfstætt og í hópi
- Reynsla af sölu í snyrtivörum er kostur

### NÁNAR UM ORF LÍFTÆKNI

ORF Líftækni er íslenskt líftæknifyrirtæki sem framleiðir frumuvaka með plöntu-erfðatækni, þar á meðal EGF frumuvakann (Epidermal Growth Factor). ORF Líftækni er eina fyrirtækið í heiminum í dag sem framleiðir húðvörur með þessari aðferð en þær eru markaðssettar undir vörumerkinu BIOEFFECT sem er nú þegar í fremstu röð á húðvörumarkaði. Vörurnar eru seldar í 28 löndum í yfir 1000 verslunum erlendis.

Upplýsingar um félagið má finna á **www.orf.is** og **www.bioeffect.com**

Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna annast klíníska hluta erfðafræðirannsókna Íslenskrar erfðagreiningar

Meðal rannsókna má nefna Heilsurannsókn ÍE (*www.heilsurannsokn.is*) sem er viðamikil rannsókn á áhrifum erfða á heilsu þar sem þátttakendur gangast undir ýmsar mælingar og klínísk próf



# læknir óskast
## í 100% starf

### Starfslýsing

Læknirinn mun gegna mikilvægu hlutverki við skipulag rannsókna og umsjón klínískra prófa, m.a. áreynsluprófa og svefnmælinga, og veita þátttakendum ráðgjöf varðandi niðurstöður mælinga.
Einnig mun læknirinn taka virkan þátt í gæðamati og þróun rannsókna.

### Hæfniskröfur

- Íslenskt lækningaleyfi
- Góð íslenskukunnátta
- Reynsla af vísindavinnu er kostur

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um

Umsóknir óskast sendar ásamt starfsferilsskrá á netfangið: *atvinna@rannsokn.is* fyrir 12. mars 2017.

**Frekari upplýsingar veitir:** Íris Hrönn Guðjónsdóttir rekstrarstjóri í síma 5202800

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ RANNSÓKNAVERKEFNA

www.rannsokn.is



# SUMARSTÖRF
## hjá Reykjavíkurborg

Umsóknarfrestur er til 27. mars
www.reykjavik.is/sumarstorf

Reykjavíkurborg óskar eftir starfsfólki í fjölbreytt afleysinga- og sumarstörf.
Störfin eru margvísleg og snerta daglegt líf borgarbúa með ýmsum hætti.
Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnustaður landsins með rúmlega átta þúsund starfsmenn.
Við leitum að sumarstarfsfólki til að hjálpa okkur við að gera Reykjavík
að lifandi og fallegri borg sem veitir borgarbúum á öllum aldri þjónustu.

### Aðstoð við umsóknir

Í Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-5 er hægt að fá aðstoð við gerð umsókna
alla virka daga frá kl. 9.00 - 17.00.
Atvinnuráðgjafar Hins Hússins verða auk þess með opið á þriðjudögum
frá kl. 17.00 - 20.00 og á fimmtudögum frá kl. 17.00 - 22.00 út umsóknartímann.

---

## KOLLGÁTA
arkitektúr - hönnun
Kaupvangsstræti 29, 600 Akureyri

Teiknistofan Kollgáta ehf. á Akureyri leitar að arkitekt til starfa við fjölbreytt verkefni teiknistofunnar víða um land.

Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa reynslu í gerð sér- og verkteikninga og hafa góða þekkingu á AutoCad.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá og afriti af prófskírteinum á netfangið kollgata@kollgata.is.

---

Viking village
Fjörukráin
HOTEL
& Restaurants
ICELAND

## Fjörukráin auglýsir

eftir söng- og hljóðfæraleikara í Víkingasveitina sína.

Hann þarf að geta gengið á milli borða og skemmt matargestum.

Einnig vantar okkur þjóna í kvöld og -helgarvinnu.

Upplýsingar gefnar í síma **893-6435** eða í tölvupósti á netfangið **birna@fjorukrain.is**.

***Um er að ræða líflegt og skemmtilegt starf á kvöldin og um helgar tvo til þrjá tíma í senn.***

---



Flugvirkjun haust 2017

Hagnýtt og krefjandi nám sem gefur góða atvinnumöguleika. Kennt í samstarfi við LRTT. Umsóknarfrestur til 15.apríl - upplýsingar á Flugskoli.is

www.flugskoli.is

---

# Sérfræðingar í ráðningum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

---

## LIND FASTEIGNASALA

**Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.**

**Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.**

**Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is**

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is
Uppspretta ánægjulegra viðskipta

# SUMARSTARF

*Fyrirtæki í sölu- og þjónustu á sláttuvélum óskar eftir að ráða duglegan sumarstarfsmann.*

Reynsla í sölu- og þjónustustörfum er kostur auk færni í mannlegum samskiptum. Góð tölvukunnátta, stundvísi og heiðarleiki áskilinn. Áhugi á vélum er kostur.

**Vinnutími er frá kl. 08:00 – 18:00.**

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar **www.hhr.is** og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á skrifstofu heilbrigðisþjónustu.

Meginhlutverk velferðarráðuneytisins er að stuðla að heilbrigði og félagslegri velferð landsmanna. Ráðuneytið hefur virðingu, fagmennsku, framsýni og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu heilbrigðisþjónustu. Skrifstofan annast verkefni varðandi skipulag heilbrigðisþjónustu og undir hana falla verkefni sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana, heilsugæslu sem og heilbrigðisþjónusta utan stofnana, á hjúkrunar- og dvalarheimilum, auk sjúkratrygginga.

Starfið felst meðal annars í að vinna að stefnumörkun í heilbrigðismálum og fylgja eftir faglegri þróun heilbrigðisþjónustu. Starfið krefst lausnamiðaðrar og skapandi hugsunar sem gerir ríka kröfu um skipulag, faglega þekkingu og samskiptahæfni.
Um er að ræða tímabundið starf til eins árs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í klínískum greinum á sviði heilbrigðisvísinda.
- Starfsreynsla úr heilbrigðisþjónustu.
- Þekking og reynsla af vinnu við stefnumörkun og stjórnun.
- Hæfni í að miðla upplýsingum með skýrum hætti.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að taka virkan þátt í teymisvinnu.
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg.

Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsferil og starfsheiti, ásamt rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið, skulu berast velferðarráðuneytinu, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, eða á postur@vel.is eigi síðar en **15. mars 2017**. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Upplýsingar um starfið veitir Vilborg Ingólfsdóttir skrifstofustjóri, (vilborg.ingolfsdottir@vel.is).

---

# Vínbúðin Akureyri óskar eftir aðstoðarverslunarstjóra

Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Þjónusta við viðskiptavini
- Sala, birgðahald og umhirða búðar
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

**Hæfnikröfur**

- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af verkstjórn
- Góð framkoma, jákvæðni og rík þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á Navision kostur

Starfshlutfall er 100% og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. mars nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veita:** Elsa Ágústa Eysteinsdóttir, akureyri@vinbudin.is, 462 1655 og Emma Á. Árnadóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

VÍNBÚÐIN

---




# Verkefnastjóri framkvæmda

Ert þú byggingarverkfræðingur eða byggingartæknifræðingur og langar að starfa sem verkefnastjóri við framkvæmdir Landsnets með aðsetur á Akureyri eða í Reykjavík?

Starfið heyrir undir framkvæmda- og rekstrarsvið. Hlutverk sviðsins er að stýra framkvæmdum við uppbyggingu og endurnýjun á flutningskerfi Landsnets ásamt viðhaldi og rekstri kerfisins. Um er að ræða áhugavert starf í öflugum hópi verkefnastjóra.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Verkefnastjórn nýframkvæmda og endurnýjunar á flutningsmannvirkjum
- Þátttaka í verkefnateymi við hönnun og undirbúning framkvæmda
- Gerð og eftirfylgni framkvæmda-, kostnaðar- og greiðsluáætlana
- Samskipti við hagsmunaaðila innan sem utan fyrirtækisins
- Gerð útboðsgagna og verksamninga
- Umsjón með verklegri framkvæmd, rekstri og uppgjöri verksamninga

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði
- Haldbær reynsla og þekking á verkefnastjórnun framkvæmdaverka
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum og virðing fyrir samstarfsmönnum og umhverfi
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri

**Um Landsnet**
Við flytjum raforku á Íslandi og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð sem er í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar og að ná sátt um þær leiðir sem farnar verða. Við viljum taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna.

Við berum umhyggju hvert fyrir öðru og viljum skapa góðan vinnustað með spennandi verkefnum. Við höfum að leiðarljósi gildin okkar: samvinnu, ábyrgð og virðingu.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2017.** Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is. **Við hvetjum jafnt konur sem karla til þess að sækja um.**

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Unnur Helga Kristjánsdóttir, yfirmaður verkefnastjórnunar framkvæmda, 563 9300, unnur@landsnet.is og Ásta Þorsteinsdóttir, sérfræðingur mannauðsmála, 563 9300, mannaudur@landsnet.is.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is



# Spennandi störf í ferðaþjónustu

Raufarhóll ehf. er fyrirtæki sem er að byggja upp aðstöðu við Raufarhólshelli í Þrengslum þar sem boðið verður upp á skipulagðar hellaferðir frá og með júní mánuði. Við leitum að glaðværum og áhugasömum einstaklingum til að starfa með okkur á nýjum og spennandi vettvangi í ferðaþjónustu á Íslandi.

## Leiðsögumenn

Við leitum að leiðsögumönnum til að hafa umsjón með og skipuleggja ferðir fyrirtækisins. Eftirfarandi atriði og bakgrunnur er kostur í starfi leiðsögumanns:

- Leiðsögumannapróf er kostur en ekki nauðsyn.
- Reynsla úr störfum innan ferðaþjónustu.
- Reynsla úr starfi björgunarsveita.
- Þekking og þjálfun í skyndihjálp (wilderness first response mikill kostur).
- Aukin ökuréttindi eru kostur.
- Jarðfræðiáhugi og áhugi á útivist.
- Reynsla úr fjalla- og gönguferðum.
- Þokkaleg, líkamleg hreysti.
- Enskukunnátta nauðsynleg en önnur tungumálkunnátta kostur.
- Góð mannleg samskipti, þjónustulund og jákvæðni.

## Afgreiðsla

Við leitum að einstaklingi í móttöku ferðamanna, miðasölu, bókanir og önnur tilfallandi verkefni. Eftirfarandi atriði eru nauðsynleg:

- Enskukunnátta nauðsynleg en önnur tungumálkunnátta kostur.
- Góð mannleg samskipti, þjónustulund og jákvæðni.
- Færni í að bregðast við óvæntum aðstæðum.

**Vinsamlega sendið umsóknir og ferilskrá til info@thelavatunnel.is merkt „umsókn" fyrir 15. mars 2017.**

Gert er ráð fyrir að viðkomandi starfsmenn hefji störf um miðjan maí eða eftir samkomulagi. Um framtíðarstörf er að ræða en einnig verður ráðið í sumarstörf.

**Frekari upplýsingar um starfsemina má finna á www.thelavatunnel.is eða í síma 760 1000.**

www.thelavatunnel.is
Sími: 519 1616 / 760 1000
Info@thelavatunnel.is

THE LAVA TUNNEL

# SIGLÓ - ATVINNA

**JE vélaverkstæði á Siglufirði** óskar eftir að ráða starfskraft til framtíðar í víðtæka vélaverkstæðisvinnu. Menntun og eða reynsla sem nýtist á því sviði æskileg. Vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið **starfsumsokn.je@simnet.is**

Öllum fyrirspurnum verður svarað.

## Lausar stöður hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

# SÁLFRÆÐINGAR

**Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) óskar eftir að ráða 2 sálfræðinga til starfa hjá stofnuninni. Stöðurnar veitast frá 1. maí 2017 eða eftir nánara samkomulagi.**

### 100% starf verkefnisstjóra ABG verkefnis og barna- og unglingasálfræðings.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Óskað er eftir sálfræðingi í starf verkefnisstjóra verkefnisins Aðstoð við börn og ungmenni með geðrænan vanda á Austurlandi (ABG verkefnið).
ABG verkefnið er á vegum HSA, sem vinnur það í samstarfi við Skólaskrifstofu Austurlands, Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, Félagsþjónustu Fjarðabyggðar, Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólann á Egilsstöðum. Markmið þess er að efla, bæta og samþætta þjónustu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur á öllu Austurlandi, sem glíma við geðræn vandamál. Auk þess að stýra verkefninu starfar verkefnisstjórinn sem klínískur barna- og unglingasálfræðingur innan þess.

**Hæfniskröfur**

Starfsleyfi sem sálfræðingur frá Embætti landlæknis.
Æskilegt:
- Reynsla af verkefnastjórnun og samstarfi stofnana á sviði velferðar- og heilbrigðissmála.
- Reynsla af greiningu og meðhöndlun geðræns vanda barna og unglinga/fullorðinna.
- Þekking og reynsla af hugrænni atferlismeðferð (HAM).
- Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika.
- Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði.
- Íslenskukunnátta áskilin.

### 100% starf sálfræðings innan heilsugæslu HSA.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Óskað er eftir sálfræðingi í heilsugæslu HSA til að veita almenna sálfræðiþjónustu.

**Hæfniskröfur**

Starfsleyfi sem sálfræðingur frá Embætti landlæknis.
- Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika.
- Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði.
- Íslenskukunnátta áskilin.



Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og stofnanasamningi HSA. Umsóknum skal skilað rafrænt til HSA með því að fylla út umsóknarform á vefsíðu stofnunarinnar; www.hsa.is, undir flipanum „laus störf."

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, og ef við á, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

**Nánari upplýsingar veita:**
**Guðjón Hauksson, forstjóri HSA, s. 470-3050 og 774-5030, netf. gudjonh@hsa.is og Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is**

**Umsóknarfrestur er til 23. mars 2017.**

**www.hsa.is**

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpavogi til Bakkafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað. Á þjónustusvæði HSA eru auk þess fimm heilsugæslustöðvar, en alls eru starfsstöðvarnar ellefu talsins. HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.

# VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Lögfræðingur á skrifstofu heilbrigðisþjónustu

Meginhlutverk velferðarráðuneytisins er að stuðla að heilbrigði og félagslegri velferð landsmanna. Ráðuneytið hefur virðingu, fagmennsku, framsýni og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu heilbrigðisþjónustu. Skrifstofan annast verkefni varðandi skipulag heilbrigðisþjónustu og undir hana falla verkefni sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana, heilsugæslu sem og heilbrigðisþjónusta utan stofnana, á hjúkrunar- og dvalarheimilum og sjúkratryggingar.

Starfið felst einkum í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna, svo sem samningu lagafrumvarpa og reglugerða, afgreiðslu stjórnsýsluerinda, gerð álitsgerða og þátttöku í stefnumótun í málaflokknum. Starfið krefst lausnamiðaðrar og skapandi hugsunar sem gerir ríka kröfu um skipulag, faglega þekkingu og samskiptahæfni.

Um er að ræða tímabundið starf til eins árs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- BA/BS gráða og embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Starfsreynsla á sviði lögfræði sem nýtist í starfi.
- Æskilegt er að umsækjendur hafi góða þekkingu á sviði stjórnsýslu- og stjórnskipunarréttar.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að taka virkan þátt í teymisvinnu.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði.
- Góð enskukunnátta er skilyrði og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Kostur er að umsækjandi hafi þekkingu á þeim málaflokkum sem undir skrifstofuna heyra.

Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla, jafnt sem konur, til að sækja um störfin.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsferil og starfsheiti, ásamt rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið, skulu berast velferðarráðuneytinu, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, eða á postur@vel.is eigi síðar en **15. mars 2017**. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Upplýsingar um starfið veitir Vilborg Ingólfsdóttir skrifstofustjóri, (vilborg.ingolfsdottir@vel.is).



# Viltu vera með á spennandi vegferð?

## Hæfileikar:

- **Brennandi áhugi** á fólki
- **Ástríða fyrir** þjónustu
- **Færni í** samskiptum
- **Á auðvelt með að læra** á nýja tækni og miðla henni
- **Tekur breytingum og nýjum** áskorunum fagnandi

Við leitum að starfsfólki á þjónustusvæði okkar í Kringlunni sem mun taka þátt í að móta bankaþjónustu til framtíðar.

Hlutverk starfsmanna er að mæta viðskiptavinum með jákvæðu og glaðlegu viðmóti, sýna áhuga, þjónustulund og leiðbeina með stafrænar lausnir.

Bankaþjónusta snýst um samskipti. Hæfileikann til að setja sig í spor viðskiptavinarins, mæta honum þar sem hann er staddur og leiðbeina um hvernig best er að leysa viðfangsefni hans, stór og smá.

Um er að ræða full störf og hlutastörf og vinnutími getur verið sveigjanlegur.

Opnunartími þjónustusvæðisins mun fylgja opnunartíma Kringlunnar.

Þú getur sótt um á arionbanki.is/storf

**Nánari upplýsingar um störfin veita Ingvar Breiðfjörð forstöðumaður, sími 444 6736, netfang ingvar.breidfjord@arionbanki.is og Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri, sími 444 6364, netfang hildur.sigurdardottir@arionbanki.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 19. mars**

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-15-024

Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og árið 2015 hlutum við Jafnlaunavottun VR.

**Saman látum við góða hluti gerast.**

Arion banki
– fyrir framtíðina

HVITA HUSID - 17-0579

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérnámsst. Í heilsugæsluhjúkrun | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Suðurland | 201703/440 |
| Sérnámsstaða,heimilislækningar | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Hveragerði | 201703/439 |
| Aðstoðarverslunarstjóri | ÁTVR, Vínbúðin | Akureyri | 201703/438 |
| Húsasmiður | Vegagerðin | Hvammstangi | 201703/437 |
| Vélamaður | Vegagerðin | Akureyri | 201703/436 |
| Yfirlæknir barnaskurðlækninga | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201703/434 |
| Sérfræðingur í barnahjúkrun | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201703/433 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, fíknigeðdeild | Reykjavík | 201703/432 |
| Deildarlæknir | Landspítali, húð- og kynsjúkdómadeild | Reykjavík | 201703/431 |
| Verkefnisstjóri | Háskóli Íslands, uppl.- og þjónustuborð | Reykjavík | 201703/430 |
| Tölfræðingur | Háskóli Ísalnds, heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201703/429 |
| Sjúkraliði, tímabundið | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201703/428 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201703/427 |
| Sálfræðingur, ABG verkefnið | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Austurland | 201703/426 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Austurland | 201703/425 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri, barnadeild | Akureyri | 201703/424 |
| Ljósmæður | Landspítali, meðg.- og sængurlegud. | Reykjavík | 201703/423 |
| Ljósmæður | Landspítali, fæðingarvakt | Reykjavík | 201703/422 |
| Starfsmaður, vísindarannsóknir | Landspítali, lungnadeild | Reykjavík | 201703/421 |
| Yfirlæknir | Landspítali, fíknigeðdeild | Reykjavík | 201703/420 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201702/419 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, skurðstofur | Reykjavík | 201702/418 |
| Sérnámsst. í heilsugæsluhjúkrun | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201702/417 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201702/416 |
| Sumarstörf, hlutastörf | ÁTVR, Vínbúðin | Landið | 201702/415 |
| Sumarstörf | ÁTVR, Vínbúðin | Landið | 201702/414 |
| Sumarstörf | ÁTVR, dreifingarmiðstöð | Reykjavík | 201702/413 |
| Lífeindafræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201702/412 |
| Starfsmaður | Landspítali, vísindaranns. lungnad. | Reykjavík | 201702/411 |
| Afgreiðslumaður í veitingasölu | Vatnajökulsþjóðgarður | Skaftafell | 201702/410 |
| Vaktstjóri í veitingasölu | Vatnajökulsþjóðgarður | Skaftafell | 201702/409 |



## Starfsmaður í gestamóttöku

**101 Hótel auglýsir eftir brosmildum og lífsglöðum einstaklingum á dagvaktir (8:00-20:00) og næturvaktir (20:00-8:00)**
**Starfið er fjölbreytt og felst m.a í móttöku gesta, bókunum, uppgjöri og símavörslu.**
**Unnið er á 2 -2 -3 vöktum allt árið um kring og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af störfum í gestamóttöku og/eða önnur þekking sem nýtist í starfi.
- Góð tölvukunnátta og/eða Navision kerfi.
- Góð töluð og rituð íslenska og enska
- Snyrtimennska
- Stundvísi og sveigjanleiki í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Jákvætt lífsviðhorf
- Reyklaus

Vinsamlegast sendið kynningarbréf og ferilskrá merkt **„Gestamóttaka 101 hótel“** á netfangið **job@101hotel.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2017**

101 hotel
reykjavik

101 Hotel - Hverfisgata 10, - 101 Reykjavik – Iceland
Tel: +354 580-0101 | 101hotel@101hotel.is



# CCP IS HIRING!

## Director of Financial Planning & Analysis

The person will lead and manage the FP&A team of CCP which act as the analytical engine of the company to provide insights and support optimal business decision making. This role reports to the CFO.

Please apply at **ccpgames.com/jobs**

CCP




# 100%
## krefjandi og skemmtilegt

# Vilt þú taka þátt í að móta eftirsóknarverðan vinnustað?

Mannauðs- og markaðsstjórn RB leitar að öflugu samstarfsfólki í tvö krefjandi og skemmtileg störf. Um er að ræða teymi sem vinnur á sviði Mannauðs- og markaðsstjórnar og telur níu manns. Helsta hlutverk sviðsins er að styðja við markmið RB – að auka gæði og hagkvæmni í upplýsingatækni fyrir fjármálaþjónustu á Íslandi. Teymið sinnir mjög ólíkum og fjölbreyttum verkefnum, þar sem góð þjónusta og aukinn árangur eru helstu markmiðin. Í teyminu er áhugamaður um heildræna heilsu, ljóðskáld, hlaupari, hjólari og fleira skemmtilegt fólk.

## Markaðsstjóri

Markaðsstjóri starfar í teymi með öðrum sérfræðingum sviðsins og framkvæmdastjóra þess og kemur að nokkuð fjölbreyttum verkefnum, þó með sérstaka áherslu á markaðssetningu, viðburði og ímyndarmál. RB starfar á fyrirtækjamarkaði og hefur fáa en stóra viðskiptavini.

**HELSTU VERKEFNI**

- Markaðssetning RB
- Innri markaðssetning
- Almannatengsl
- Skipulag og stýring ýmissa viðburða, t.d. árleg fagráðstefna, hjólreiðamótið RB Classic o.fl.

## Sérfræðingur í fræðslu- og starfsþróunarmálum

Viðkomandi mun starfa í teymi með öðrum sérfræðingum sviðsins og framkvæmdastjóra þess og kemur því að fjölbreyttum verkefnum, þó með sérstaka áherslu á fræðslu- og starfsþróunarmál fyrirtækisins, enda þekking okkar starfsfólks okkur sérlega mikilvæg.

**HELSTU VERKEFNI**

- Uppfærsla og viðhald starfs- og hæfnigreininga
- Greining þjálfunarþarfa
- Skipulag innanhúss fræðslustarfs og mælingar á árangri fræðslu
- Mælingar, greiningar og úrvinnsla tölulegra upplýsinga, m.a. fyrir Intellectual Capital Report

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á www.rb.is eða hjá Herdísi Pálu Pálsdóttur, framkvæmdastjóra Mannauðs- og markaðsstjórnar, herdis@rb.is, sími 569 8877. ***Hægt er að sækja um á www.rb.is til 12. mars 2017.***

**BJÖRGVIN SMÁRI KRISTJÁNSSON**
**STARFSMAÐUR Á FJÁRMÁLASVIÐI**

„Það skemmtilegasta við RB er fólkið – það kemur skemmtilega á óvart, ásamt því sem er í boði til að brjóta upp daginn, til dæmis pool, fússball og fleira. Margir halda eflaust að hér séu einungis risaeðlur sem séu fastar í kassanum sínum en það gæti ekki verið mikið fjarri sannleikanum."





**ÍRIS HLÍN VÖGGSDÓTTIR**
**ÖRYGGISSTJÓRN**

„Það sem fékk mig til að hefja störf hjá RB var vinnustaðurinn og hve vel er hugsað um starfsfólkið. Ég hlakka til að koma til vinnu á hverjum degi að hitta þetta yndislega fólk."

**RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni** sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megin greiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og vátryggingafélög. Framtíðarsýn RB er að auka gæði og hagkvæmni fjármálaþjónustu á Íslandi.

**REIKNISTOFA BANKANNA** | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is




## TÖLFRÆÐINGUR ÓSKAST TIL STARFA VIÐ RANNSÓKN Á HEIMSVÍSU

Auglýst er eftir tölfræðingi til starfa við vísindarannsóknina Blóðskimun til bjargar – Þjóðarátak gegn mergæxlum. Markmið hennar er að rannsaka árangur skimunar fyrir góðkynja einstofna mótefnahækkun (MGUS) sem er forstig mergæxlis. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Landspítala, Krabbameinsfélag Íslands, Binding Site í Bretlandi og Memorial Sloan Kettering krabbameinsmiðstöðina í New York.

**Helstu verkefni:**

- Tölfræðileg úrvinnsla tengd rannsókninni
- Tölfræðivinna við fjölda doktorsverkefna sem tengjast blóðskimunarverkefninu beint sem og ótengd verkefni.
- Lifunargreiningar, áhættugreiningar sem og önnur tilfallandi tölfræðileg úrvinnsla gagna.

**Helstu menntunar- og hæfniskröfur:**

- BS próf í tölfræði, stærðfræði eða sambærilegur raungreinagrunnur
- Reynsla af úrvinnslu stærri rannsóknarverkefna á sviðum heilbrigðisvísinda er kostur
- Reynsla af því að vinna í teymi er æskileg

Hægt er að sækja um og fá allar nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ: **http://www.hi.is/laus_storf**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2017**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

# Vantar þig rafvirkja?

**Get bætt við mig verkefnum á höfuðborgarsvæðinu.**

Löggiltur rafverktaki með áratuga reynslu.

Áhugasamir hafi samband: **box@frett.is**



100 NÝ STÖRF Á ÁRINU | 13 ÞÚSUND FERMETRA HÁTÆKNISETUR | 75 MILLJARÐA FJÁRFESTING | 7 LYF Í ÞRÓUN

## RAFVIRKI OG VÉLVIRKI

Hrafnista leitar að metnaðarfullum hjúkrunarfræðingi með áhuga á öldrunarhjúkrun og stjórnun. Aðstoðardeildarstjóri er staðgengill deildarstjóra í fjarveru hans og aðstoðar hann að jafnaði með ýmis verkefni tengd rekstri og stjórnun deildarinnar. Um er að ræða 100% starf, unnið er aðra hvora helgi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla af stjórnun
- Viðbótarnám er kostur
- Góð þekking og reynsla af Rai-mælitækinu kostur
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfileikar

## Hjúkrunarfræðingar

Hrafnista leitar að hjúkrunarfræðingum til starfa í fjölbreytt og skemmtileg störf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót

Þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsmanna Hrafnistuheimilanna tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Störfin hjá Hrafnistu eru fjölbreytt og skemmtileg. Gerð er krafa um heiðarleika, dugnað, stundvísi og góða framkomu. Íslenskukunnátta er nauðsynleg. Við hlökkum til að vinna með þér!

Umsóknarfrestur er til 17. mars. Sótt er um á www.hrafnista.is. Allar nánari upplýsingar eru veittar hjá Fast ráðningum í síma 552 1606, einnig hjá lind@fastradningar.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær

## » Ráðningarþjónusta

Vegna aukinna umsvifa óskar rótgróin málningarvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu eftir að ráða sölumann í verslun og lagerstarfsmann. Vinnutími er frá kl. 08:00/09:00 til kl. 17:00/18:00 virka daga og frá kl. 10:00 til kl. 14:00 einn laugardag í mánuði.

# Sölumaður

### » Starfssvið

· Litaráðgjöf, sala og almenn vöruráðgjöf til viðskiptavina

### » Hæfniskröfur

· Menntun og/eða reynsla af málningar- eða myndlistarstörfum kostur en ekki skilyrði

· Rík þjónustulund og söluhæfileikar

· Reynsla og þekking sem nýtist í starfinu

# Lagerstarfsmaður

### » Starfssvið

· Almenn lagerstörf

· Vörumóttaka og pantanatiltekt

### » Hæfniskröfur

· Reynsla af sambærilegum störfum kostur

· Heiðarleiki, stundvísi og hæfni í mannlegum samskiptum

· Skipulagshæfileikar og vönduð vinnubrögð

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin.

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfin þar.**




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Stígamót

## Ráðgjafi óskast á Stígamót

**Stígamót óska eftir ráðgjafa til þess að sinna viðtalsþjónustu og hópastarfi með fólki sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi.**

**Hæfni:**
- Gerð er krafa um háskólanám sem nýtist í starfi, t.d. í félagsráðgjöf, sálfræði, náms- og starfsráðgjöf, kynjafræði eða skyldum greinum.
- Hvers kyns þekking eða reynsla af vinnu með kynbundið ofbeldi er kostur
- Reynsla af ráðgjöf er kostur
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar

Um er að ræða fullt starf. Starfsemi Stígamóta er krefjandi, gefandi og fjölbreytt grasrótarstarf sem byggir á femínískri sýn á samfélagið.

Umsóknir sendist til Steinunnar Gyðu- og Guðjónsdóttur á netfangið steinunn@stigamot.is **fyrir 20. mars.**
Öllum umsóknum verður svarað.



JOHAN RÖNNING
www.ronning.is

JAFNLAUNAVOTTUN VR
VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2016
Fyrirmyndarfyrirtæki VR 6 ár í röð




# Er kraftur í þér?

## Starfsmaður í þjónustudeild

**Johan Rönning** óskar eftir að ráða hörkuduglegan liðsmann í þjónustudeild fyrirtækisins að Klettagörðum 25, Reykjavík. Þjónustudeild sér um alla umsýslu á vörum félagsins gagnvart viðskiptavinum og útibúum. Um er að ræða framtíðarstarf þar sem viðkomandi hefur möguleika á að vinna sig upp innan fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**
- Öguð og áreiðanleg vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Lyftararéttindi kostur

**Starfið felst í:**
- Tiltekt og frágangi á pöntunum
- Samskiptum við viðskiptavini
- Öðrum tilfallandi störfum innan þjónustudeildar

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.
**Upplýsingar** veitir Hallur Vilhjálmsson þjónustustjóri í síma 5200 800 eða hv@ronning.is.
Umsóknum skal skilað fyrir **17. mars**.



Johan Rönning hf. var stofnað árið 1933. Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra, Sindra Vinnuföt og Efnissölu G.E. Jóhannssonar. Hjá félaginu starfa 95 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Grundartanga, Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagörðum 25 í Reykjavík. Johan Rönning hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.

PIPAR\TBWA • SÍA • 171132

**REYKJAVÍK** Klettagörðum 25 Sími 5 200 800
**SELFOSSI** Eyravegi 67 Sími 4 800 600
**AKUREYRI** Draupnisgötu 2 Sími 4 600 800
**REYÐARFIRÐI** Nesbraut 9 Sími 4 702 020
**REYKJANESBÆ** Hafnargötu 52 Sími 4 207 200
**HAFNARFIRÐI** Bæjarhrauni 12 Sími 5 200 800
**GRUNDARTANGA** Mýrarholtsvegi 2 Sími 5 200 830



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

UNITED NATIONS UNIVERSITY
Fisheries Training Programme

## Starfsmaður við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Hafrannsóknastofnun leitar eftir starfsmanni í 50% starf við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Sjávarútvegsskólinn er eining innan Hafrannsóknastofnunar og að mestu fjármagnaður með framlögum Íslands til þróunarsamvinnu. Starfsemi skólans tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verkefni og hlutverk skólans snýr aðallega að eflingu stofnana í samstarfslöndum til að þróa sjávarútveg og stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda sjávar og vatna. Aðal verkefni Sjávarútvegsskólans er sex mánaða nám á Íslandi fyrir starfandi fagfólk í sjávarútvegi í samstarfslöndum skólans í Afríku, Asíu og eyríkjum Karíbahafsins. Námið er á framhaldsstigi með áherslu á hagnýtingu þekkingar. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans: www.unuftp.is.

Starfsmaðurinn þarf að geta sinnt margvíslegum verkefnum við skólann, meðal annars fylgja eftir umsóknum, skipuleggja og undirbúa komur nema og annarra gesta skólans, annast móttöku þeirra og vera þeim til aðstoðar meðan á dvöl þeirra stendur hér á landi, auk þess að sinna ýmsum tilfallandi verkefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Umsækjandi skal hafa lokið háskólamenntun og hafa gott vald á ensku. Góð tölvufærni áskilin.

Umsækjandi verður að vera skipulagður, búa yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu, og vera góður í mannlegum samskiptum. Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja umsagnaraðila sem leita má til varðandi frekari upplýsingar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. mars n.k**

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsreynslu skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is)

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna sinnir rannsóknum og ráðgjöf um nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Hafrannsóknastofnun hefur um tveggja áratuga skeið rekið Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, í samstarfi við Matís, HÍ, HA, Hólaskóla og önnur fyrirtæki og stofnanir á Íslandi og erlendis.




Hvað ætlar þú að gera í sumar ?

Okkur vantar TOPP starfsmenn í hreinsun, slátt og önnur garðyrkjustörf.

Sendu endilega inn umsókn á www.gardlist.is.

Góð laun í boði !

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Tunguhálsi 7 | 110 Reykjavík | 554 1989 | www.gardlist.is


# Skrímslasetrið auglýsir eftir starfsfólki

**Skrímslasetrið á Bíldudal auglýsir eftir umsjónarmanni og tveimur almennum starfsmönnum í sumar**

Í störfunum felst m.a. móttaka gesta, veitinga- og minjagripasala ásamt öðrum tilfallandi störfum. Í starfi umsjónarmanns felst til viðbótar öll almenn umsjón með daglegum rekstri. Viðkomandi aðilar þurfa að hafa gott vald á íslensku og ensku og fleiri tungumál er kostur, jákvætt hugarfar, þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.

Skrímslasetrið opnar 15. maí og er opið til 15. september.

**Áhugasamir hafi samband í síma 894 8503 eða sendi póst á netfangið skrimsli@skrimsli.is**

The Icelandic Sea Monster Museum · Skrímslasetrið Bíldudal

KRUMMAKOT

# Leikskólinn Krummakot í Eyjafjarðarsveit vill ráða starfsfólk - framtíðarstarf.

**Um er að ræða tvær 100% stöður leikskólakennara/leiðbeinanda**

Leikskólakennari, leikskólaliði eða starfsmaður með aðra menntun sem nýtist í starfi og/eða reynslu af vinnu með ungum börnum óskast til starf í leikskólann Krummakot.

Leikskólinn er í Hrafnagilshverfi, aðeins tíu kílómetra sunnan Akureyrar.

**Við mat á umsóknum er horft til eftirfarandi:**

- Leyfisbréf sem leikskólakennari, uppeldismenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Metnaður og áhugi til að þróa gott skólastarf
- Lipurð í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Sjá nánar á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar **www.esveit.is**

Frekari upplýsingar veitir Hugrún Sigmundsdóttir leikskólastjóri í síma 464-8120, netfang hugruns@krummi.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2017.** Umsóknum skal fylgja ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur. Umsóknir skal senda til leikskólastjóra á netfangið hugruns@krummi.is

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika. Þá sinnir Seðlabankinn jafnframt viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, þekkingu, sveigjanleika og jákvæðum samskiptum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Störf í upplýsingatækniþjónustu

Seðlabanki Íslands auglýsir eftir starfsmönnum í upplýsingatækniþjónustu. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Upplýsingatækniþjónusta er eining innan rekstrar- og starfsmannasviðs bankans og annast þróun, rekstur og viðhald á tölvukerfi og hugbúnaði bankans.

## Sérfræðingur í viðskiptagreind (BI)

**Helstu verkefni:**

- Uppbygging á viðskiptagreindarumhverfi bankans.
- Framsetning upplýsinga með þar til gerðum BI tölum.
- Þarfagreining, skjölun og gerð leiðbeininga fyrir notendur umhverfisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í tölvunarfræðum, hugbúnaðarverkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á viðskiptagreind og uppbyggingu vöruhúsa
- Þekking á upplýsingasöfnun, gagnaskilum og gæðum gagna
- Þekking á SQL Server og tengdum tólum
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum

## Gagnagrunnsstjóri

**Helstu verkefni:**

- Uppbygging og umsjón með SQL Server umhverfi bankans.
- Gagnagrunnshönnun og tæknileg úrlausnarefni.
- Aðgangsstýringar og öryggismál.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í tölvunarfræðum, hugbúnaðarverkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á SQL Server og tengdum tólum
- Þekking á viðskiptagreind og uppbyggingu vöruhúsa er kostur
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Færni í mannlegum samskiptum

Seðlabankinn leitar eftir starfskröftum með þjónustulund, metnað, frumkvæði, sjálfstæði, ögun í vinnubrögðum og áhuga á að takast á við krefjandi verkefni. Bankinn býður upp á gott starfsumhverfi og góða möguleika á endurmenntun/símenntun.

Nánari upplýsingar um störfin veita Arnar Freyr Guðmundsson, forstöðumaður upplýsingatækniþjónustu, netfang afg@cb.is, sími 569-9600 eða Íris Guðrún Ragnarsdóttir, starfsmannastjóri, netfang iris.g.ragnarsdottir@sedlabanki.is

Sótt er um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is en umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2017. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.




STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# Vínbúðin Akureyri óskar eftir aðstoðarverslunarstjóra

Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Þjónusta við viðskiptavini
- Sala, birgðahald og umhirða búðar
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

**Hæfnikröfur**
- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af verkstjórn
- Góð framkoma, jákvæðni og rík þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á Navision kostur

Starfshlutfall er 100% og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. mars nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veita:** Elsa Ágústa Eysteinsdóttir, akureyri@vinbudin.is, 462 1655 og Emma Á. Árnadóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

VÍNBÚÐIN

# Bílstjóri óskast

## ÓJ&K/SD óskar eftir hraustum og drífandi bílstjóra í fullt starf

Starfið felur í sér að keyra vörur til viðskiptavina. Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í almennum samskiptum nauðsyn.

ÓJ&K Ó. Johnson & Kaaber ehf — SD Sælkeradreifing ehf.



Umsóknir sendist á:
kjartan@ojk.is
merkt **OJK/SD lager**
fyrir 13. mars. n.k.

# Ert þú ekki gera ekki neitt týpa?

Motus ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar (Credit Management Services).

Hjá Motus starfa rúmlega 150 starfsmenn á 12 starfsstöðvum um land allt. Meðal viðskiptavina Motus eru fjölmörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

intrum justitia

Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia, sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði kröfustjórnunar.

## Motus óskar eftir að ráða ráðgjafa í sölu á þjónustulausnum.

Í starfinu felst ráðgefandi sala á þjónustulausnum Motus, samskipti við viðskiptavini, greining og ráðgjöf, auk tilboða- og samningagerðar.

Viðkomandi þarf að búa yfir söluhæfileikum, frumkvæði, jákvæðni og drifkrafti. Í starfinu reynir á sjálfstæð vinnubrögð og virka þátttöku í teymisvinnu.

Viðskiptafræðimenntun og/eða reynsla af sölustörfum er kostur en ekki skilyrði. Um er að ræða 100% framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki í nýju og glæsilegu vinnuumhverfi við Borgartún.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir starfsmannastjóri Motus í síma 440 7122. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu okkar www.motus.is. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 12. mars 2017.

motus

# HÓPBÍLAR

Vegna aukinna umsvifa leitum við að

## BÍLSTJÓRA Í FULLT STARF

TIL AÐ SINNA AKSTRI Í AKSTURSÞJÓNUSTU FATLAÐS FÓLKS OG ALDRAÐRA

**Hæfniskröfur:**
- D/D1 réttindi (rútupróf)
- Íslenskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Góð mannleg samskipti
- Hreint sakavottorð

**Nánari upplýsingar og móttöku umsókna veita:**
Ágúst gusti@hopbilar.is
s. 599-6073
Hildur hildur@hopbilar.is
s. 599-6070
**www.hopbilar.is**

Stígamót

## Starfskraftur með þekkingu á málefnum fatlaðs fólks óskast á Stígamót

**Stígamót óska eftir starfskrafti til að sinna þróunarverkefni um málefni fatlaðs fólks.**

**Helstu verkefni:**
- Þróa áfram þjónustu Stígamóta við fatlað fólk og auka sýnileika hennar
- Efla tengsl við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og faghópa sem vinna með fötluðu fólki
- Fræðsla um kynferðisofbeldi og þjónustu Stígamóta
- Viðtalsráðgjöf fyrir fólk sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi

**Hæfni:**
- Háskólanám sem nýtist í starfi, t.d. í þroskaþjálfafræði, fötlunarfræði, félagsráðgjöf, sálfræði, kynjafræði eða öðrum skyldum greinum
- Þekking og reynsla af vinnu með kynbundið ofbeldi er kostur
- Reynsla af kynningar- og fræðslustarfi er kostur
- Reynsla af ráðgjöf er kostur
- Frumkvæði, sjálfsstæð vinnubrögð og góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

Gert er ráð fyrir að verkefnið sé til 9 mánaða með möguleika á framtíðarstarfi ef vel tekst til. Hlutastarf kemur einnig til greina. Starfsemi Stígamóta er krefjandi, gefandi og fjölbreytt grasrótarstarf sem byggir á femínískri sýn á samfélagið. Fólk með fötlun er hvatt til þess að sækja um starfið.

Umsóknir sendist til Steinunnar Gyðu- og Guðjónsdóttur á netfangið steinunn@stigamot.is **fyrir 20. mars.**
Öllum umsóknum verður svarað.

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

UNITED NATIONS UNIVERSITY
Fisheries Training Programme

## Verkefnastjóri við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Hafrannsóknastofnun leitar eftir verkefnastjóra í 100% starf við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Sjávarútvegsskólinn er eining innan Hafrannsóknastofnunar og að mestu fjármagnaður með framlögum Íslands til þróunarsamvinnu. Starfsemi skólans tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verkefni og hlutverk skólans snýr aðallega að eflingu stofnana í samstarfslöndum til að þróa sjávarútveg og stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda sjávar og vatna. Aðal verkefni Sjávarútvegsskólans er sex mánaða nám á Íslandi fyrir starfandi fagfólk í sjávarútvegi í samstarfslöndum skólans í Afríku, Asíu og eyríkjum Karíbahafsins. Námið er á framhaldsstigi með áherslu á hagnýtingu þekkingar. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans: www.unuftp.is.

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
Umsækjandi þarf að búa yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu og geta sinnt fjölbættum verkefnum. Jafnframt þarf viðkomandi að vera góður í mannlegum samskiptum og hafa mjög gott vald á ensku. Starfið krefst færni í upplýsingatækni- og miðlun. Umsækjandi skal hafa lokið framhaldsnámi og hafa áhuga á að kynna sér sjávarútveg og þróunarsamvinnu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og viðeigandi stéttarfélags. Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og viðeigandi reynslu, ásamt nöfnum tveggja umsagnaraðila sem leita má til varðandi frekari upplýsingar.
**Umsóknarfrestur er til og með 25. mars n.k.** og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsreynslu skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is)

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna sinnir rannsóknum og ráðgjöf um nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Hafrannsóknastofnun hefur um tveggja áratuga skeið rekið Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, í samstarfi við Matís, HÍ, HA, Hólaskóla og önnur fyrirtæki og stofnanir á Íslandi og erlendis.

## Project Manager at the United Nations University Fisheries Training Programme (UNU-FTP)

The Marine and Freshwater Research Institute (MFRI) seeks a project manager at the UNU-FTP, which is a unit within the MFRI and is financed primarily by Icelandic development cooperation. The work of the UNU-FTP is guided by the Sustainable Development Goals of the UN and focuses on building capacity in institutions tasked with the development of fisheries and sustainable use of marine living resources. The core activity of the UNU-FTP is a six-month post-graduate training in Iceland for fisheries professionals in partner countries in Africa, Asia, and the Caribbean. The training emphasises applied policy relevant research in fisheries. Further information can be found on the website of the programme: www.unuftp.is.

**Qualifications**
Applicants must be able to work in teams and independently. The project manager is responsible for complex tasks. An excellent command of spoken and written English is required. The project manager must have good communication skills and proficiency in web-based media. Applicants should have completed graduate studies and have an interest in fisheries and development cooperation.

Salaries are according to wage agreements between the Ministry of Finance and the appropriate union. Information on education (copies of certificates) and relevant experience, and the names of two people able to give professional reference should be included in the application.

**The deadline for applications is 25th of March 2017** and the applicant should be able to start work as soon as possible. Applications should be sent to umsokn@hafogvatn.is or delivered to the reception of the Marine and Freshwater Research Institute, Skúlagata 4, 101 Reykjavik. The job is equally suited for men and women. All applicants will be informed when the position has been filled.
For further information contact Kristin Helgadottir, human resources manager (kristin.helgadottir@hafogvatn.is)

The Marine and Freshwater Research Inistitute conducts research and monitoring of marine and freshwater ecosystems and provides advice on the sustainable utilsation and conservation of living aquatic resources. For the past two decades, the MFRI has administered the UNU-FTP in cooperation with Matís Food Research Insitute, The University of Iceland, the Univeristy of Akureyri, Holar University College and other institutions and companies in Iceland and abroad.




## TÖLFRÆÐINGUR ÓSKAST TIL STARFA VIÐ RANNSÓKN Á HEIMSVÍSU

Auglýst er eftir tölfræðingi til starfa við vísindarannsóknina Blóðskimun til bjargar – Þjóðarátak gegn mergæxlum. Markmið hennar er að rannsaka árangur skimunar fyrir góðkynja einstofna mótefnahækkun (MGUS) sem er forstig mergæxlis. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Landspítala, Krabbameinsfélag Íslands, Binding Site í Bretlandi og Memorial Sloan Kettering krabbameinsmiðstöðina í New York.

**Helstu verkefni:**
- Tölfræðileg úrvinnsla tengd rannsókninni
- Tölfræðivinna við fjölda doktorsverkefna sem tengjast blóðskimunarverkefninu beint sem og ótengd verkefni.
- Lifunargreiningar, áhættugreiningar sem og önnur tilfallandi tölfræðileg úrvinnsla gagna.

**Helstu menntunar- og hæfniskröfur:**
- BS próf í tölfræði, stærðfræði eða sambærilegur raungreinagrunnur
- Reynsla af úrvinnslu stærri rannsóknarverkefna á sviðum heilbrigðisvísinda er kostur
- Reynsla af því að vinna í teymi er æskileg

Hægt er að sækja um og fá allar nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ: **http://www.hi.is/laus_storf**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2017**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ




## REKSTRARSTJÓRI HÚSASMIÐJUNNAR Í REYKJANESBÆ

### Leitum að sterkum leiðtoga í krefjandi stjórnunarstarf

**Ábyrgðarsvið**
- Rekstur og stjórnun verslunar
- Að framfylgja stefnu fyrirtækisins
- Ráðgjöf, þjónusta og sala til viðskiptavina
- Tilboðsgerð

**Hæfniskröfur**
- Þjónustulund, áhugi og metnaður
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af verslun og þjónustu æskileg
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Menntun sem nýtist í starfi

**Í boði er**
- Krefjandi stjórnunarstarf hjá góðu fyrirtæki
- Gott og öruggt starfsumhverfi
- Góður starfsandi
- Rekstrarstjóri tilheyrir hópi lykilstjórnenda fyrirtækisins

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking



**Umsóknir berist fyrir 17. mars n.k. og sendast til atvinna@husa.is**

Byggjum á betra verði



# Spennandi störf í ferðaþjónustu

Raufarhóll ehf. er fyrirtæki sem er að byggja upp aðstöðu við Raufarhólshelli í Þrengslum þar sem boðið verður upp á skipulagðar hellaferðir frá og með júní mánuði. Við leitum að glaðværum og áhugasömum einstaklingum til að starfa með okkur á nýjum og spennandi vettvangi í ferðaþjónustu á Íslandi.

**Leiðsögumenn**

Við leitum að leiðsögumönnum til að hafa umsjón með og skipuleggja ferðir fyrirtækisins. Eftirfarandi atriði og bakgrunnur er kostur í starfi leiðsögumanns:

- Leiðsögumannapróf er kostur en ekki nauðsyn.
- Reynsla úr störfum innan ferðaþjónustu.
- Reynsla úr starfi björgunarsveita.
- Þekking og þjálfun í skyndihjálp (wilderness first response mikill kostur).
- Aukin ökuréttindi eru kostur.
- Jarðfræðiáhugi og áhugi á útivist.
- Reynsla úr fjalla- og gönguferðum.
- Þokkaleg, líkamleg hreysti.
- Enskukunnátta nauðsynleg en önnur tungumálkunnátta kostur.
- Góð mannleg samskipti, þjónustulund og jákvæðni.

**Afgreiðsla**

Við leitum að einstaklingi í móttöku ferðamanna, miðasölu, bókanir og önnur tilfallandi verkefni. Eftirfarandi atriði eru nauðsynleg:

- Enskukunnátta nauðsynleg en önnur tungumálkunnátta kostur.
- Góð mannleg samskipti, þjónustulund og jákvæðni.
- Færni í að bregðast við óvæntum aðstæðum.

**Vinsamlega sendið umsóknir og ferilskrá til info@thelavatunnel.is merkt „umsókn“ fyrir 15. mars 2017.**

Gert er ráð fyrir að viðkomandi starfsmenn hefji störf um miðjan maí eða eftir samkomulagi. Um framtíðarstörf er að ræða en einnig verður ráðið í sumarstörf.

**Frekari upplýsingar um starfsemina má finna á www.thelavatunnel.is eða í síma 760 1000.**

**www.thelavatunnel.is**
Sími: 519 1616 / 760 1000
Info@thelavatunnel.is

THE LAVA TUNNEL

---

Tímaritin **Land og saga** og **Icelandic Times** leitar að öflugu sölufólki sem hefur brennandi áhuga á ferðamanna-iðnaðinum og reynslu og þekkingu á sölumennsku!

Góð laun í boði fyrir rétta manneskju.

**Sendu umsókn ásamt ferilskrá á netfangið info@icelandictimes.com**

ICELANDIC TIMES LAND&SAGA

Síðumúli 1 • 108 Rvk • www.icelandictimes.com

---

# BIRTINGARÁÐGJAFI Á BETRI STOFU

**Við leitum að þér**

Þú þarft:

- að hafa gaman að tölum
- að hafa góða þekkingu á Excel og tölvum almennt
- að njóta þess að vinna hratt og að mörgu í einu

Við leitum að öflugum og skemmtilegum starfsfélaga til að vinna framúrskarandi birtingarráðgjöf.
Þekking á markaðsfræðum og reynsla af fjölmiðlum kostur.

Staðan er laus fljótlega.

Umsóknir sendist á **atvinna@bestun.is** fyrir 12. mars nk.

bankastræti 9 | 562 2700
101 reykjavík | www.bestun.is

bestun birtingahús

---

# RAFVIRKJAR ÓSKAST

Rýmd ehf óskar eftir að ráða hressa og duglega rafvirkja til starfa. Nemar koma einnig til greina. Spennandi og krefjandi verkefni framundan.

Starfið býður upp á fjölbreytt starfsumhverfi í samvinnu við góðan hóp starfsmanna. Viðkomandi verða að geta hafið störf fljótlega.

Fyrirspurnir sendist á netfangið **sissi@rymd.is** eða hafa sambandi við Sigstein í síma **767 0901**

Rýmd Rafverktakar

---



# Verkstjóri RARIK á Austurlandi

RARIK ohf. auglýsir eftir verkstjóra rafiðnaðarmanna fyrirtækisins á Austurlandi. Hér er um fjölbreytt starf að ræða við stjórnun á öflugum vinnuflokki sem vinnur við viðhald, viðgerðir og nýframkvæmdir á dreifikerfi RARIK á Austurlandi. Verkstjóri er með aðsetur í starfstöð RARIK á Egilsstöðum.

**Starfssvið**

- Skipulagning vinnuflokks og utanumhald um verk
- Vinna við dreifikerfið
- Ábyrgð á tækjum og búnaði
- Samskipti við verktaka og viðskiptavini
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

**Hæfniskröfur**

- Góðir skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Sveinspróf í rafvirkjun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Öryggisvitund
- Drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Bílpróf

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um, nánari upplýsingar veitir Bergur Már Hallgrímsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Austurlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 15. mars n.k. og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

*RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.*

RARIK

**RARIK ohf • Dvergshöfða 2 • 110 Reykjavík • Sími 528 9000 • www.rarik.is**

---



**1. Kokkur í Ferðaþjónustu sumarið 2017**

Ferðaþjónustan Fjalladýrð á Möðrudal á Fjöllum óskar eftir kokk í vel búið eldhús veitingastaðarins Fjallakaffi frá 15.maí – 1.okt.

**2. Matráður tímabundið ( 15.mars – 15.maí)**

Óskum sem fyrst eftir heiðarlegum, snyrtilegum, skipulögðum og þjónustulunduðum einstaklingi við eldamennsku fyrir nokkra öðlinga við smíðavinnu í þrjá mánuði – möguleiki á sumarstarfi eða út árið. Einnig þarf viðkomandi að geta sinnt léttum afgreiðslustörfum og þrifum í ferðaþjónustu staðarins. Enskukunnátta æskileg.

**3. Leiðsögumaður í Öskju- og Kverkfjallaferðir sumarið 2017**

Óskum eftir reyndum, staðkunnum einstaklingi með góða almenna þekkingu og hæfni í mannlegum samskiptum. Rík þjónustulund, glaðlyndi og góð enskukunnátta skilyrði.

Nánari upplýsingar og umsóknir sendist á:
**fjalladyrd@fjalladyrd.is**




# VERKEFNASTJÓRI Í MARKAÐSDEILD

**Markaðsdeild 365 leitar að öflugum og metnaðarfullum verkefnastjóra.**
**Viðkomandi þarf að geta unnið vel í hópi sem og tekið sjálfstæða ábyrgð á eigin verkefnum.**

**Helstu verkefni:**
· Teymisvinna og umsjón með einstökum verkefnum
· Samskipti við auglýsingastofu
· Samskipti við hagsmunaaðila innan 365
· Notkun samfélagsmiðla í markaðsstarfi

**Hæfniskröfur:**
· Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
· Reynsla af markaðsstarfi
· Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
· Færni í mannlegum samskiptum
· Góð færni í ræðu og riti á íslensku

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: **www.365.is** undir „laus störf“.

Umsóknarfrestur er til og með 12. mars.

Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.

**365** er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. Fyrirtækið starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; að sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og síma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa rúmlega 400 manns.

365

# Vilt þú vinna á Þingvöllum ?

## Landvarsla - Þingvellir

*Þjóðgarðurinn á Þingvöllum auglýsir eftir landvörðum.*

**Starfstímabil og fyrirkomulag**
Um er að ræða sumarstarf frá maí til ágúst. Um vaktavinnu er að ræða og er starfsmönnum ekið til og frá vinnu. Landverðir geta þurft að gista á Þingvöllum.

**Helstu verkefni**
Starf við landvörslu felst m.a. í eftirliti með náttúru og umhverfi Þingvalla, umgengni, veiði, tjaldsvæðum og þjónustu við ferðamenn ásamt því að sinna umferðarstjórnun. Landverðir sjá um fræðslu, upplýsingagjöf og móttöku gesta, sinna léttu viðhaldi á innviðum ásamt upplýsingagjöf í þjónustumiðstöð og á Haki. Landverðir hafa einnig eftirlit með því að lög þjóðgarðsins séu virt

**Hæfniskröfur og starfskjör**
- Reynsla af landvörslu eða landvarðarréttindi er kostur en ekki skilyrði
- Grunnþekking í skyndihjálp er kostur en ekki skilyrði
- Kunnátta í íslensku og ensku er skilyrði. Frekari tungumálakunnátta er kostur
- Ökuréttindi og hæfni til að aka jeppum, bæði sjálf- og beinskiptum er skilyrði
- Umsækjendur skulu hafa hreint sakarvottorð
- Reynsla af útivist og náttúrutúlkun er kostur
- Umsækjandi þarf að búa yfir frumkvæði, vera jákvæður og með ríka þjónustulund
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri
- Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og Starfsgreinasambands Íslands.

## Afreiðslustarf – Þingvellir

*Þjóðgarðurinn á Þingvöllum óskar eftir afgreiðslufólki.*

**Starfstímabil og vaktafyrirkomulag**
Um er að ræða sumarstarf frá maí til ágúst. Um vaktavinnu er að ræða og er starfsmönnum ekið til og frá vinnu.

**Helstu verkefni**
Starfið felur í sér afgreiðslu, upplýsingagjöf, bílastæðavörslu og aðra þjónustu í gestastofu þjóðgarðsins á Hakinu og/eða í þjónustumiðstöð.

**Hæfniskröfur og starfskjör**
- Viðkomandi verður að vera jákvæður, snyrtilegur, ábyrgur og með ríka þjónustulund og tala a.m.k. íslensku og ensku.
- Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og Starfsgreinasambands Íslands.

**Umsóknarfrestur er til 18.3.2017**
**Ferilskrá skal fylgja umsókn og skulu umsóknir sendar á gudjona@thingvellir.is**
Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.
Allar nánari upplýsingar um störfin veitir Guðjóna Sigurðardóttir rekstrarstjóri, á netfangið **gudjona@thingvellir.is**

# Aðstoðarskólastjóri í Kópavogsskóla

Kópavogsskóli er heildstæður grunnskóli með um 340 nemendur og 60 starfsmenn. Í skólanum er sérdeild fyrir nemendur á mið- og unglingastigi og dægradvöl fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Unnið er samkvæmt uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar og skólinn er heilsueflandi grunnskóli. Lögð er áhersla á skapandi og framsækið skólastarf og ýmis þróunarverkefni eru í gangi. Í Kópavogsskóla er allir nemendur í 5. – 10. bekk með spjaldtölvur og mikil áhersla er lögð á einstaklingsmiðun náms og fjölbreytta kennsluhætti. Einkennisorð skólans er vinátta, virðing, vellíðan. Góður starfsandi er í skólanum og vinnuaðstæður góðar.

**Ráðningarhlutfall og tími**
Starfshlutfall er 100% og ráðning frá 1. ágúst 2017. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði.
- Viðkomandi verður að vera með framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða diplóma að lágmarki) á sviði uppeldis- og menntunarfræða, stjórnunar eða sambærilegrar menntunar sem fellur að skólastarfinu.
- Reynsla af stjórnun og/eða faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í grunnskólastarfi er skilyrði.
- Umsækjendur þurfa að hafa metnað og búa yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi og framsækið skólastarf í samvinnu við alla aðila skólasamfélagsins.
- Mjög góð þekking á kennslu- og uppeldisfræðum.
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun.
- Mikilvægt er að viðkomandi hafi forystu- og skipulagshæfileika og góða samskiptahæfni.

**Frekari upplýsingar**
Umsókn skal fylgja yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf grunnskólakennara, greinargerð um sýn umsækjanda á skólastarf og önnur gögn sem umsækjandi telur að styðji umsókn sína. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Bent er á að samkvæmt lögum verða umsækjendur að skila sakavottorði. Viðamiklar upplýsingar um Kópavogsskóla og skólastarfið er að finna á **www.kopavogsskoli.is**. Einungis er hægt að sækja um starfið á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2017.**

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Ásmundsson skólastjóri í síma 441 3400 eða gsm. 899 0137. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið **goa@kopavogur.is**.

**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.**

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Baug

Leikskólakennari í leikskólann Kópastein

**Grunnskólar**
- Skólaliði í Álfhólsskóla
- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla

**Velferðasvið**
- Ritari í afgreiðslu
- Stuðningsaðili í liðveislu, tilsjón og persónulega ráðgjöf

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fjármálasvið**
» Innheimtufulltrúi - sumarstarf

**Fjölskylduþjónusta**
» Félagsráðgjafi í barnavernd - afleysing
» Félagsráðgjafi í ráðgjafateymi - afleysing

**Grunnskólar**
» Deildarstjóri á yngsta stigi - Hraunvallaskóli
» Deildarstjóri tómstundamiðstöðvar - Áslandsskóli
» Deildarstjóri tómstundamiðstöðvar - Víðistaðaskóli
» Frístundaleiðbeinandi - Víðistaðaskóli

**Leikskólar**
» Deildarstjóri - Hvammur
» Leikskólakennari - Hvammur
» Leikskólakennari - Tjarnarás

**Málefni fatlaðs fólks**
» Þroskaþjálfi - Blikaás
» Þroskaþjálfi - heimili fatlaðs fólks í Berjahlíð
» Þroskaþjálfi - heimili fatlaðs fólks í Setbergi
» Sumarstarf á skammtímavistun fyrir fatlað fólk

**Framtíðarstörf, sumarstörf og tímabundin störf á heimilum fatlaðs fólks:**
» Setbergi
» Blikaási
» Erluási
» Steinahlíð
» Smárahvammi
» Berjahlíð

**Sumarstörf fyrir 17 ára og eldri**

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

# SUMARSTARF

*Fyrirtæki í sölu- og þjónustu á sláttuvélum óskar eftir að ráða duglegan sumarstarfsmann.*

Reynsla í sölu- og þjónustustörfum er kostur auk færni í mannlegum samskiptum. Góð tölvukunnátta, stundvísi og heiðarleiki áskilinn. Áhugi á vélum er kostur.

**Vinnutími er frá kl. 08:00 – 18:00.**

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar **www.hhr.is** og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

# Aðalskoðun

**Aðalskoðun hf.** óskar eftir að ráða bifvélavirkja til starfa við skoðun ökutækja á höfuðborgarsvæðinu. Um framtíðarstarf getur verið að ræða en einnig erum við að leita að starfsmanni í sumarafleysingar. **Umsóknarfrestur er til 21. mars.** Sveinspróf í bifvélavirkjun skilyrði.

Aðalskoðun leggur áherslu á fagleg vinnubrögð við skoðun ökutækja og ríka þjónustulund, en í starfinu felast eðlilega mikil samskipti við viðskiptavini.

**Nánari upplýsingar veita Árni Stefánsson þjónustustjóri og Hörður Harðarson fagstjóri. Sími 590 6900.**

**Umsóknir sendist til Árna Stefánssonar, arni@adalskodun.is.** Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað að loknum umsóknarfresti.

**Aðalskoðun hf.** er faggild óháð skoðunarstofa sem starfrækir í dag fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu ásamt skoðunarstöð í Reykjanesbæ. Aðalskoðun sinnir einnig skoðunum í Grundarfirði, Ólafsfirði og Reyðarfirði.

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Verkefnastjóri mannvirkja | Framkvæmdasýsla ríkisins | Reykjavík | 201703/471 |
| Verkefnastjóri útgáfu og uppl. | Framkvæmdasýsla ríkisins | Reykjavík | 201703/470 |
| Sérfræðingur | Hafrannsóknastofnun | Ólafsvík | 201703/469 |
| Sérfræðingur | Hafrannsóknastofnun | Ólafsvík | 201703/468 |
| Verkefnisstjóri, Sjávarútvegsskóli | Hafrannsóknastofnun | Reykjavík | 201703/467 |
| Starfsmaður, Sjávarútvegsskóli | Hafrannsóknastofnun | Reykjavík | 201703/466 |
| Markaðs- og rekstrarstjóri | Háskóli Íslands, Vigdísarstofnun | Reykjavík | 201703/465 |
| Doktorsnemi í jarðeðlisfræði | Háskóli Íslands, Jarðvísindastofnun | Reykjavík | 201703/464 |
| Sérfræðingur í stærðfræði | Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun | Reykjavík | 201703/463 |
| Lögregluvarðstjóri | Lögreglustjórinn á Vestfjörðum | Ísafjörður | 201703/462 |
| Sérfræðingur í viðskiptagreind | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201703/461 |
| Gagnagrunnsstjóri | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201703/460 |
| Starfsm. í starfsm.heilsuvernd | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201703/459 |
| Unglæknar/læknanem., sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Suðurland | 201703/458 |
| Sjúkraliði/sjúkral.nemi, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201703/457 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201703/456 |
| Hjúkrunarfr./hjúkr.nemi, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201703/455 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Akureyri | 201703/454 |
| Skrifstofustjóri | Heilsugæslan Efra Breiðholti | Reykjavík | 201703/453 |
| Móttökuritari, sumarafleysing | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201703/452 |
| Sérfr. í hagnýttri stærðfræði | Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun | Reykjavík | 201703/451 |
| Viðburða- og kynningarstjóri | Háskóli Íslands, Vigdísarstofnun | Reykjavík | 201703/450 |
| Doktorsnemi í jarðeðlisfræði | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201703/449 |
| Nýdoktorar í stjarneðlisfræði | Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun | Reykjavík | 201703/448 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, lýta- og æðaskurðdeild | Reykjavík | 201703/447 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, líknardeild | Kópavogur | 201703/446 |
| Starfsmaður við ræstingar | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201703/445 |
| Starfsmaður við ræstingar | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201703/444 |
| Lektor í tannvegsfræðum | Háskóli Íslands, heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201703/443 |
| Lektor í barnatannlækningum | Háskóli Íslands, heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201703/442 |
| Móttökuritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Vopnafjörður | 201703/441 |

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# PATENT ADMINISTRATOR



**Marel seeks a reliable and resourceful individual for the position of patent administrator. The administrator will work closely with in-house administrators, patent specialists and innovation managers.**

**Main responsibilities:**

- Administration of Marel´s intellectual property (IP) matters
- Management of a web hosted patent database (CPI)
- Communication with patent offices and agents
- Back-up and quality check for a second patent formalities officer
- Managing EPO deposit accounts
- Standard administrative tasks

**Requirements:**

- Excellent language skills, English in particular
- Excellent interpersonal, verbal and written communication skills
- Ability to use sound judgment and discretion in dealing with highly confidential information
- Paralegal certificate is an advantage
- Critical attention to detail

**Closing date for applications is March 19, 2017.**
**Please apply online at marel.com/jobs.**

For further information, please contact Guðmundur Reynaldsson, Patent Attorney, gudmundur.reynaldsson@marel.com, tel: +354 853 8523 or Erla Hrönn Diðriksdóttir, HR Manager Innovation, erla.didriksdottir@marel.com, tel: +354 563 8000.

Marel is the leading global provider of advanced processing systems and services to the Poultry, Meat and Fish industries. The company employs about 4,700 people across six continents, including 550 in Iceland. Marel is always looking for talented individuals who want to join our global team, people who regard our technology as a challenge and want to be part of a company where continuous innovation is the key to success. We offer excellent working conditions, efficient staff training, flexible working hours, outstanding sports facilities as well as a gourmet bistro & coffee house and a lively social life.

marel

# RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill
að árangri allra fyrirtækja.



Stærðfræði-smiðja á vegum listkennsludeildar verður fyrir framan bókasafnið í Listaháskólanum. Smiðjunni stýrir Sinéad McCarron en hún hefur þróað nýstárlegar aðferðir til þess að kenna stærðfræði. Sinéad mun sýna þverfaglega rannsóknarstofu þar sem tilraunir eru gerðar með mynstrum og formum úr náttúrunni. Nemandinn kannar möguleika á að finna stærðfræðilega röð í náttúrunni og breyta í áþreifanlega þrívíddarútkomu. Sinéad útskrifaðist með MA í hönnun frá LHÍ 2016 með áherslu á að skapa kennslutækni með tilliti til lífhermunar og rúmfræðilegra forma á þverfaglegan hátt. Hún er nú að klára diploma í listkennslu þar sem framtíðarsýn hennar eru rannsóknarstofur sem leiðbeina hönnuðum framtíðarinnar í gegnum líf-/jarðhermun, „Design thinking" og að vera meðvitaðir um sjálfbærni með umhverfisvænni nálgun.



Áhugaverð stærðfræðismiðja.

# MIKILVÆGT AÐ BYRJA SNEMMA

Boðið verður upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá á Háskóladeginum í dag í Háskólanum í Reykjavík. **Rebekka Rún Jóhannesdóttir og Grímur Gunnarsson** eru meðal þeirra nemenda sem munu svara fyrirspurnum áhugasamra gesta.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Háskólinn í Reykjavík (HR) er einn sjö háskóla sem koma að Háskóladeginum í ár. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá verður í boði í skólanum í dag þar sem nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans taka þátt. Meðal þeirra eru Rebekka Rún Jóhannesdóttir, formaður Stúdentafélags HR og nemandi í rekstrarverkfræð, og Grímur Gunnarsson sálfræðinemi.

Rebekka Rún mun kynna ýmislegt er snýr að starfsemi Stúdentafélagsins á sérstökum bás ásamt öðrum stjórnarmeðlimum félagsins. „Þar munum við m.a. kynna fyrir áhugasömum ýmislegt í tengslum við Lánasjóð íslenskra námsmanna, svara fyrirspurnum um stúdentaíbúðir, félagsaðstöðu stúdenta og margt fleira."



Grímur Gunnarsson og Rebekka Rún Jóhannesdóttir taka þátt í Háskóladeginum í dag í Háskólanum í Reykjavík. MYND/STEFÁN

**GOTT TÆKIFÆRI**

Grímur mun, ásamt nokkrum samnemendum og kennurum, kynna sálfræðinámið í HR. „Við ætlum að setja upp stutta og áhugaverða kennslustund þar sem verður stiklað á stóru í námsefni okkar. Eftir stífar æfingar ábyrgist ég mikla skemmtun! Ég mun einnig gefa gestum og gangandi innsýn og tækifæri til að prófa BSc-verkefni mitt sem snýr að áhrifum snjallsíma á ökumenn. Þar gefst þeim kostur á að fá að spreyta sig á nokkrum snjallsíma-verkefnum við akstur í ökuhermi."

Þau eru sammála um að Háskóladagurinn sé kjörið tækifæri fyrir alla þá sem hafa áhuga á háskólanámi. „Ég vona að þeir sem eru að huga að háskólanámi nýti þetta tækifæri og kíki í heimsókn. Þetta verður stórskemmtilegur dagur og dagskráin verður þétt og skemmtileg," segir Grímur. „Þeir sem eru að íhuga háskólanám ættu endilega að mæta í dag því betra tækifæri gefst ekki til þess að kynnast því úrvali náms sem er í boði og sjá þá aðstöðu sem hver og einn skóli hefur upp á að bjóða. Það er líka alveg einstakt að fá að ræða persónulega við nemendur og kennara og sjá út frá því hvar áhugasvið manns liggur," bætir Rebekka Rún við.

Í ár verður einnig í boði að mæta í opna kennslutíma í HR þar sem kennarar og nemendur munu gefa áhugasömum innsýn í námið. Auk þess munu deildir HR sýna ótal áhugaverð verkefni, t.d. verður hægt að prófa sýndarveruleikagleraugu, bílhermi, gera efnafræðitilraun, prófa tölvuleiki, keyra um á loftknúnum bíl og mæla kasthraðann og golfsveifluna.

**MARGT Í BOÐI**

Rebekka Rún sótti Háskóladaginn sjálf tvisvar fyrir nokkrum árum sem gagnaðist henni mjög vel.

„Það er mjög mikilvægt að byrja snemma að hugsa um hvaða nám maður vill stunda því oft þarf að bæta við áföngum til þess að komast inn í tiltekið nám. Það sem kom mér hins vegar mest á óvart var hversu mikið væri gert úr þessum degi og margt skemmtilegt í boði. Sjálf ákvað ég á háskóladeginum hvaða nám ég ætti að velja en það sem hjálpaði mér mikið var einmitt að fá að ræða við aðra nemendur og heyra þeirra reynslu."

Grímur sótti aldrei Háskóladaginn sem honum þykir miður. „Hins vegar hef ég bætt upp fyrir það með að leggja mitt af mörkum á Háskóladeginum öll mín ár sem nemandi HR. Það sem mér finnst standa upp úr er að geta aðstoðað verðandi nemendur við val sitt, sérstaklega þar sem ég hef verið nokkrum sinnum í þeirra sporum."

# Lífsstíll

## Margrétar Eirar Hönnudóttur



Söngkonan, söngkennarinn, leikkonan og leikstjórinn Margrét Eir Hönnudóttir kemur fram á tónleikum í Hörpu annað kvöld, 4. mars, þar sem lög hins ástsæla söngvara Vilhjálms Vilhjálmssonar verða flutt.

**Hvað borðar þú í morgunmat?** Oftast fæ ég mér til skiptis hafragraut eða boozt en um helgar elska ég að gera bröns og þá í alls konar útgáfum.

**Uppskrift að góðri helgi?** Smá happy hour, góður matur, út að keyra með kærastanum, skoða fallega landið okkar og hlusta á góða tónlist á meðan og gott rauðvín.

**Hvernig tónlist hlustar þú á?** Ég hlusta mikið á Trio-Linda, Dolly og Emmylou, blandaðan playlista á Spotify, og auðvitað mikið af því efni sem var tilnefnt til Íslensku tónlistarverðlaunanna í öllum flokkum – næs stöff.

**Uppáhaldsvefurinn þinn?** Mhm, á engan uppáhalds en ég skoða mest visir.is, mbl.is og ruv.is og jú líka tix.is.

**Uppáhaldsappið í símanum þínum?** Ég nota reyndar mest símann til að hringja og senda sms en Ja.is appið kemur sér oft að góðum notum.

**Bækur á náttborðinu?** Er með eina bók núna, yfirleitt er ég með tvær, en það er sem sagt Kompa eftir Sigrúnu Pálsdóttur. Og svo er ég með tvö Gestgjafablöð.

**Hvernig verður sumarfríið?** Bíddu er ekki páskafrí fyrst? Þá ætla ég að skella mér til Edinborgar, aldrei komið þangað áður. Sumarið kemur svo næst.

**Helstu verkefni fram undan?** Ég er að vinna að nýju efni með Thin Jim sem á að koma út á árinu. Alls konar söngverkefni eru fram undan og auðvitað er ég líka að kenna í skólanum mínum, Meiriskóli. Svo er ég búin að vera í framkvæmdastjórn Íslensku tónlistarverðlaunanna. Annað kvöld verð ég gestasöngvari, ásamt fleirum, á tónleikum í Hörpu þar sem Friðrik Ómar flytur lög Vilhjálms Vilhjálmssonar.

## 10 LEIÐIR TIL BETRA LÍFS

1. Hættu einum leiðum ávana í mánuði.
2. Vertu með hollt millimál við höndina.
3. Búðu til næringarríkt nammi eins og hnetumix eða hrákökur.
4. Fáðu þér minna á diskinn.
5. Farðu fyrr að sofa.
6. Vaknaðu fyrr.
7. Finndu félaga til að fara með þér í ræktina. Þannig heldur þú frekar út.
8. Stofnaðu sparnaðarreikning. Leggðu inn á hann tiltekna upphæð á mánuði.
9. Notaðu tannþráð á hverjum degi. Það dregur úr líkum á tannskemmdum og dýrum tannviðgerðum.
10. Ræktaðu áhugamál þín.



Jamie's ITALIAN

JAMIE'S ITALIAN OPNAR Á HÓTEL BORG
OG LEITUM VIÐ ÞVÍ AÐ HRESSU OG VINNUSÖMU FÓLKI
TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í ÆVINTÝRINU MEÐ OKKUR.

Jamie's Italian er keðja vinsælla veitingahúsa með starfsemi víða um heim. Áherslur staðarins eru ítalskur matur, gerður úr bestu fáanlegu hráefnum, ásamt þægilegu og fallegu umhverfi. Okkar markmið er að gestum okkar líði vel og njóti góðra veitinga og þjónustu í afslöppuðu andrúmslofti.

Við óskum eftir starfsfólki í eldhús ásamt veitingasal, í full störf, hlutastörf, sumarstörf, kvöld- og helgarvinnu. Faglærðir og ófaglærðir koma til greina. Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti og geta unnið í hóp.

ELDHÚS
Reynsla af starfi í eldhúsi er nauðsynleg.
- MATREIÐSLUMENN
- PIZZABAKARAR
- AÐSTOÐ Í ELDHÚSI
- UPPVASKARAR

VEITINGASALUR
Reynsla af starfi í veitingasal er kostur
- ÞJÓNAR
- BARÞJÓNAR
- AÐSTOÐ Í SAL

JAMIE · HÓTEL BORG · OLIVER

Umsóknir skulu berast á netfangið jamiesitalian@jamiesitalian.is.
Umsækjendur eru beðnir um að senda ferilskrá, stutta lýsingu á sér og gefa upp meðmælanda sem hafa má samband við.
Hægt er að nálgast frekari upplýsingar með tölvupósti á uppgefið netfang og veita Jóhannes Steinn Jóhannesson yfirkokkur og Sigrún Þormóðsdóttir veitingastjóri upplýsingar um auglýst störf.

## BÍLAR & FARARTÆKI

MB bílar



**METAN/BENZÍN!**
VW Caddy. Árgerð 2013, ekinn 84 Þ.KM, metan, 5 gírar. Verð 1.575.000. Rnr.110827



**EINN EIGANDI!**
AUDI Q5 quattro. Árgerð 2011, ekinn 62 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.110789.

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

Bílalíf



**GOTT VERÐ 2.490.000.-**
VOLVO S80.Árg.2011,ek,134.þ km, dísel,beinskiptur,er á staðnum, Rnr.128663.S:562-1717



**GOTT VERÐ 2.590.000.-**
VOLVO S60 D2.Árg.2013, ek.95.þ km,dísel,sjálfskiptur, er á staðnum,Rnr.128813. S:562-1717.



**100 % LÁN MÖGULEGT**
SUBARU FORESTER.Árg.2007, ek.aðeins 114.þ km,sjálfskiptur, er á staðnum.Verð 1.590.000.- Rnr.128869.S:562-1717.

Bílalíf



**GOTT VERÐ 2.290.000.-**
OPEL ZAFIRA TOURER 7 MANNA Árg.2013,ek.133.þ km,dísel, sjálfskiptur,er á staðnum, Rnr.128664.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**


Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd og umönnun
Barnaheill Save the Children á Íslandi


## Bílar til sölu



Til sölu Mazda CX 5 árgerð 2016 ekinn 15 þús , Dráttar beisli og fl verð 5.200.000 kr uppl 8611267



Til sölu Skoda Octavia station árg. 2006. Sjálfskiptur, dísel. Ásett verð kr. 990 þús en öll tilboð skoðuð. Uppl. í síma 659 4945 Katrín.



Nissan Qashqai Tekna 2014,sjálfsk 2wd 49þ. V. 3,790þ einn eigandi 19"felgur dráttarkr. Uppl. s.820-9701



Jeep Crand Cherokee árg "04 sk. 18 . Ek. 140 þús.km. Dráttarbeisli, Bakkskynjarar GPS ofl. Verð 1.200.000,-Engin skipti og ekkert prútt. Uppl. s. 661-7526



WV golf árg 2001 beinskiptur 1,4 vél ekinn 207 þús ný negld vetrardekk ný tímareim góður bíll verð 290 þúsund 8927852

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
**Má þarfnast lagfæringa.**
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Fjórhjól



Fjórhjól til sölu. Polaris 800 með öllu, verð: 1.190.000.- uppl:822 1717



Til sölu Polaris Sportman 570 árg 2015 ek 292 km götuskráð tveggja manna mótorbremsa og rafmagnsstýri topp hjól verð 1850 þúsund gsm 8927852

## Vinnuvélar

**Alimak vinnupallalyftur til sölu eða leigu.**



Eigum nokkrar notaðar Alimak 25100 vinnupallalyftur til sölu eða leigu. Lengd á palli allt að 20 m og hæð getur verið allt að 100m. Lyftigeta um 2 tonn. Nánari upplýsingar gefur Einar hjá Stólpa Gámum í síma 568 0100 eða 422 1212.

# Góð kaup!

**KOMDU OG PRÓFAÐU!**



**SUZUKI** Swift 4x4.
**Verð: 1.990.000**
Árgerð: 2015 : Bensín
Ekinn: 44þ.km. : 5 gírar
Rnr.106969.



**SUZUKI** Jimny jlx.
**Verð: 990.000**
Árgerð: 2007 : Bensín
Ekinn: 159þ.km. : 5 gírar
Rnr.301921.



**SUZUKI** Grand vitara prem-n (navi.cruise)
**Verð: 2.290.000**
Árgerð: 2014 : Bensín
Ekinn: 113þ.km. : 5 gírar
Rnr.302029.



**NISSAN** Qashqai tekna nýr bíll
**Verð: 4.570.000**
Árgerð: 2016 : Dísel
Ekinn: 0þ.km. : 6 gírar
Rnr.197611.



**SKODA** Octavia ambiente combi
**Verð: 1.050.000**
Árgerð: 2006 : Dísel
Ekinn: 175þ.km. : Sjálfskiptur
Rnr.250202.



**TOYOTA** Corolla s/d terra.
**Verð: 980.000**
Árgerð: 2008 : Bensín
Ekinn: 158þ.km. : 5 gírar
Rnr.260217.

**bill.is**
Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is




**BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR**

Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist okspares@simnet.is



Til sölu nýr snjóblásari 2ja daga gamall snjóblásari til sölu- einungis notaður í 2 klukkustundir Stiga Blizzard 250cc B&S Staðgreiðsluverð 260.000kr maja@rafvirkni.is

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

**GRÁSLEPPUSJÓMENN**

Tilboðsverð 65 metra löng ný felld net með nýlegum teinum Verð 22.940 m/vsk til eru 20 stk. 30 stk 71 metri löng nýfelld net 24.552 m/vsk flottir teinar vönduð felling. Heimavík ehf 892 8655 heimavik.is

## Hjólbarðar




**TECHKING VINNUVÉLADEKK**

Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is




**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

## Bókhald

**FRAMTAL 2017**

Framtöl einstaklinga, verktaka

og rekstraraðila.

Góð og traust þjónusta.

Vönduð vinna.

FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19.

Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Húsasmíðameistari. Alhliða smíðavinna, tilboð eða tímavinna. Sími 7778450 eða á thorarinnscheving@live.com

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**

Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.

**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**Gott Viðhald**
**Húsasmíðameistari**
**S. 771 6050**
Nýsmíði, viðhald, sumarhús og gipsvinna.
**gottvidhald@gmail.com**




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkfar ehf

Faglærðir málarar geta bætt viðs sig sparsl og málningarvinnu. Jón og Marteinn 8611242

## námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið**
**Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30**
**Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00**
**Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45**

**Framhaldsnámskeið spænska II**
**Mánudaga og miðvikudaga 13:00 - 14:30**

**Framhaldsnámskeið spænska III**
**Mánudaga og miðvikudaga 17:30 - 19:00**

**Framhaldsnámskeið spænska IV**
**Mánudaga og miðvikudaga 10:00 - 11:30**




**Námskeiðin hefjast 13 og 14 mars.**
**Verð á mann 25.500.-**

**Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**

***Facebook: Spænskuskólinn Háblame***

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



















**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

Stjörnuljós- Heilun og Spá. Símaspá og tímapantanir í s. 844 1596

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**Uppsetning og Þjónusta**
Ljósleiðara/Ljósnetstengingum
Loftnets/Gerfihnattadiskum
Sjónvarps/Netlagnir
Flatskjáir/Mynvarpar
Loftnetstaekni.is
S: 894 2460.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til sölu grásleppuúthald, færar rúllur 12W og 24W, ýsunet, þorskanet, lína og lagningstrekt ofl. Upp. s. 847 3758 5572392

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Hljóðfæri



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Harmonikur frá 35 þús. Pokar og ólar. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

# HEILSA

## Nudd

Óskastund. Tek að mér nudd. Uppl í síma 8595853.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**ICELANDIC F. FOREIGNERS - ENSKA - ENGLISH**
ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENSKA f. Fullorðna - ENGLISH f. Adults. Byrja/Start: 6/3, 3/4, 1/5, 29/5, 26/6, 21/8: Morgna/Síðd/Kvölds - Morn/Aftern/Evening. 4 vikur/weeks x 5 daga/days. 2 - 5 nem/students - www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

4ja herbergja 95fm í búð á Skagaströnd til leigu. Leiga 110 þús.pr. mán. S: 847 8446

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Sumarbústaðir




Flottur sumarbústaður.
5 km frá Akureyri.
Flott útsýni yfir Akureyri.
4 svefnherbergi, 93fm.
Heitur pottur.
**Leigutekjur síðustu 12mán rúmar 5 milljónir.**
Leó 897 5300 • Orlofshus.is

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**MÚLAKAFFI**
leitar að vaktavinnufólki í mötuneyti Rio Tinto í Straumsvík, unnið er á 2-2-3 vöktum frá kl. 8-20. Um almennt starf í mötuneytinu er að ræða. Íslensku / enskukunnátta, almenn ökuréttindi skilyrði.
**Umsóknir sendist á gudjon@mulakaffi.is**

**VANAN BÁTSMANN**
vantar á frystitogara sem gerður er út á rækju í Barentshafi. Upplýsingar í síma 694-8119

Óska eftir manni í húsaviðgerðir múr/sprungur o.fl. Einhver reynsla æskileg. Uppl í s: 6185286, Þórður.

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. Sukhothai.sukhothai@yahoo.com

**BAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
óskar eftir starfskrafti á KVÖLD OG HELGARVAKTIR við afgreiðslu á bar. Aldur 25+. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Umsóknir sendist á:**
**smaar@frettabladid.is**
**merkt "BAR"**

Bakarameistarinn

**BAKARAMEISTARINN SUÐURVERI**
leitar af bakara með metnað og reynslu. Brennandi áhugi á terugerð, bakstri og fagleg vinnubrögð skilyrði. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
**Áhugasamir hafi samband við Óttar í síma 864 7733**

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra
starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

**BÍLAMÁLARI**
Bílamálari með meistararéttindi óskar eftir starfi við bílamálun. Hlutastaf kemur til greina. Upplýsingar sendist á netfangið: flipp61@gmail.com

## Viðskiptatækifæri

**TIL SÖLU LÍTIL BÍLALEIGA**
Tvær heimasíður - tvöföld markaðssetning. Bara rekstur - engir bílar fylgja. Góður stökkpallur inn á ört vaxandi markað. Auðveld kaup og gott tækifæri. V: 7,9 m. Uppl. í S: 770-0111

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SPJALLDÖMUR 908 1616**
Opið allan sólarhringinn. Algjör trúnaður.







## skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**HAPPY HOUR alla föstudaga 16-19**

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardaginn 4. mars**
12:20 Man. United - Bournemouth
17:20 Liverpool - Arsenal

**Sunnudaginn 5. mars**
15:50 Sunderland - Man.City

**Hljómsveitin Klettar**




Rúnar Þór,
Björgvin Gísla,
Rúnar Vilbergs
og Siggi Árna

spila um helgina, föstudag kl. 23-02 (opið til 03)
og laugardag kl. 00-03

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn



# Falleg hönnunarvara á miklum afslætti

## KRINGLUKAST 2. - 6. MARS
















ROSENDAHL
COPENHAGEN

HOLME GAARD
1825

# KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

WMF

Bjørn Wiinblad

# Þeir bestu á Englandi fyrir lokasprettinn

Einungis þriðjungur er eftir af líðandi tímabili í Ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Fréttablaðið tók saman tölfræði um lið, dómara og leikmenn og rýndi í. Þá var einnig litið til tíu dýrustu leikmanna síðasta sumarglugga og tölfræði þeirra borin saman.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



## Samanburður á dýrustu leikmönnum sumarsins í pundum

| | | |
|---|---|---|
| Paul Pogba | Manchester United | 105 milljónir |
| John Stones | Manchester City | 56 milljónir |
| Leroy Sané | Manchester City | 50 milljónir |
| Granit Xhaka | Arsenal | 45 milljónir |
| Henrikh Mkhitaryan | Manchester United | 42 milljónir |
| Sadio Mane | Liverpool | 41 milljón |
| Skhodran Mustafi | Arsenal | 41 milljón |
| N'Golo Kanté | Chelsea | 36 milljónir |
| Michy Batshuayi | Chelsea | 39 milljónir |
| Eric Bailly | Manchester United | 38 milljónir |

## Tíu dýrustu skipt í þrennt

**Þrír miðjumenn – Pogba, Kante og Xhaka**
**Þrír miðverðir – Stones, Mustafi og Bailly**
**Fjórir sóknarmenn – Sane, Mane, Batshuayi og Mkhitarian**
*Tölfræði, önnur en mínútufjöldi, miðast við hverjar níutíu spilaðar mínútur.*

| MIÐJUMENN | Pogba | Kanté | Xhaka |
|---|---|---|---|
| Mínútur spilaðar | 2.160 | 2.238 | 1.383 |
| Stoðsendingar | 0,12 | 0 | 0,07 |
| Tækifæri sköpuð | 1,92 | 0,64 | 1,04 |
| Mörk | 0,17 | 0,04 | 0,07 |
| Unnar tæklingar | 1,42 | 2,37 | 2,67 |
| Unnin skallaeinvígi | 2,83 | 0,68 | 1,11 |
| Sendingar | 73,08 | 62,01 | 80,04 |

| FRAMHERJAR | Sane | Mane | Michy | Mkhi |
|---|---|---|---|---|
| Mínútur spilaðar | 760 | 1.916 | 155 | 885 |
| Stoðsendingar | 0,12 | 0,19 | 0,58 | 0,10 |
| Tækifæri sköpuð | 1,42 | 1,83 | 0,58 | 2,64 |
| Mörk | 0,24 | 0,52 | 0,58 | 0,31 |
| Heppnaðar sendingar | 28,07 | 32,88 | 20,32 | 41,08 |
| Menn teknir á | 3,20 | 2,77 | 1,16 | 2,14 |
| Skot | 1,18 | 2,35 | 3,48 | 2,75 |

| MIÐVERÐIR | Stones | Mustafi | Bailly |
|---|---|---|---|
| Mínútur spilaðar | 1.561 | 1.554 | 1.105 |
| Stolnir boltar | 1,61 | 2,84 | 2,77 |
| Brot | 0,23 | 1,45 | 1,14 |
| Unnin skallaeinvígi | 1,79 | 4,00 | 1,47 |
| Unnar tæklingar | 0,86 | 1,74 | 2,12 |
| Mistök | 0,17 | 0,06 | 0 |
| Heppnaðar sendingar | 58,23 | 52,99 | 35,43 |

## Þeir bestu í sem flestu

### Lið




**Mest með boltann**
Manchester City **60,6%**

**Flest spjöld**
Watford **64 gul, 3 rauð**

**Flest skot**
Tottenham **17,3 á leik**

**Best nýting semdomga**
Manchester City **84,8%**

**Flest mörk úr opnum leik**
Chelsea **39**

**Flest mörk úr skyndisóknum**
Chelsea, Man. City **4**

**Flest mörk úr föstum leikatriðum**
West Bromvich Albion **16**

**Flest mörk úr vítum**
Liverpool, Bournemouth **6**

**Flest sjálfsmörk andstæðinga**
Manchester City **4**

**Flestar fyrirgjafir**
Southampton **27 á leik**

**Flestar langar sendingar**
Burnley **85 á leik**

**Flestar stuttar sendingar**
Liverpool **540 á leik**

### Leikmenn




**Markahæstur**
Sanchez, Kane, Lukaku **17**

**Flest spjöld**
Holebas, **12 gul 0 rauð**



**Flest skot**
Zlatan **4,3 á leik**

**Stoðsendingar**
Eriksen **10**

**Flestar tæklingar**
Gueye **4,8 á leik**

**Flestir stolnir boltar**
C. Davies **3,8 á leik**

**Flest brot**
Pogba **2,2 á leik**

**Flestar hreinsanir**
Cook **9,6 á leik**

**Oftast brotið á**
Zaha **3,1 á leik**

**Oftanst rangstæður**
Zlatan **1,5 á leik**

**Missir boltann oftast**
Zaha **3,5 á leik**



**Flestar sendingar**
Henderson **85,7 á leik**

**Hlutfall heppnaðra sendinga**
Dembele **91,8%**

**Fyrirgjafir**
Gylfi Sigurðsson **2,2* á leik**

**Payet var með 2,8 en er ekki lengur í deildinni*

### Dómarar

**Hæst hlutfall brota, dæmdra á tæklingar**
Paul Tierney **82%**

**Flest brot dæmd**
Mike Jones **25,79 á leik**

**Flest víti dæmd**
Roger East **0,67 á leik**

**Flest gul spjöld dæmd**
Kevin Friend, **4,47 á leik**

**Flest rauð spjöld dæmd**
Roger East, **0,33 á leik**






1890.-




1890.- saman




3490.-



OPIÐ KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD

# BÓKA MARKAÐURINN
## Laugardalsvelli



24. FEBRÚAR - 12 MARS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL • ÞÚSUNDIR TITLA




690.-




990.-




990.-




1799.-




1490.-




1490.-




1490.-




990.-




999.-




# Sólarströnd norðurhjarans



**Saga til næsta bæjar**

**Stefán Pálsson** skrifar um ævintýraleg áform.

Sumarið 2000 tóku Reykvíkingar í notkun nýjan útivistarstað, Ylströndina í Nauthólsvík. Það er manngert lón með gullnum skeljasandi þar sem kaldur sjór og heitt yfirfallsvatn úr miðlunartönkum hitaveitunnar á Öskjuhlíð blandast saman og myndar á hlýjum sumardögum ákjósanlegt baðstrandarhitastig. Opnun baðstrandarinnar var til marks um framfarir í skólphreinsimálum höfuðborgarsvæðisins, en 32 árum fyrr, árið 1968, hafði sundstaðnum í Nauthólsvík verið lokað vegna saurgerlamengunar í Fossvogi.

Fyrir utan allra hlýjustu sumardaga var gamla ströndin í Nauthólsvík ekki nema fyrir hraustustu sundgarpa, enda sjórinn jökulkaldur. Bæjarstjórn Reykjavíkur hafði þó komið upp ágætis aðstöðu með aðfluttum ljósum sandi, sem komið var fyrir í skálum sem grafnar höfðu verið út fyrir sjóflugvélar sem áður lentu á voginum.

Hugmyndin um Nauthólsvík sem miðstöð sjósundfólks var ekki ný af nálinni. Mikil sjósundsvakning átti sér stað í Reykjavík á fyrri hluta tuttugustu aldar og komu sundmenn sér upp sérstökum sundskála í Örfirisey í því skyni. Þegar umræður um byggingu sundhallar í Reykjavík hófust fyrir alvöru heyrðust þau sjónarmið að hlýjar laugar væru ef til vill góðar fyrir börn og gamalmenni, en fyrir hrausta fullorðna væri nauðsynlegt að útbúa eitt laugarker með köldum sjó einvörðungu.

Aðstaðan í Örfirisey þótti um margt óhentug og snemma fóru sjógarpar að svipast um eftir öðrum vænlegum stöðum. Nauthólsvík kom fljótt til álita og þegar árið 1932 var samþykkt í bæjarstjórn að leitast eftir kaupum á henni með sjósundsaðstöðu í huga. Sá áhugi jókst enn frekar eftir að íþróttafélögin í Reykjavík ákváðu um miðjan fjórða áratuginn að reisa íþróttamiðstöð bæjarins við Fossvog, nokkurn veginn á þeim stað þar sem Háskólinn í Reykjavík stendur í dag.

Gamli íþróttavöllurinn á Melunum var fyrir löngu orðinn of lítill og lélegur að mati íþróttamanna. Nýja íþróttasvæðið skyldi hafa að geyma félagsheimili fyrir knattspyrnufélögin fjögur (KR, Fram, Val og Víking) ásamt æfingavöllum. Þar yrði risavaxinn leikvangur með grasi, tennisvellir, kappreiðavöllur og vitaskuld sjósundsstaður. Íþróttabandalag Reykjavíkur festi kaup á landi í þessu skyni og hóf jarðvegsframkvæmdir. Hefði heimsstyrjöldin ekki brotist út með tilheyrandi raski, hersetu og gerð Reykjavíkurflugvallar má telja líklegt að aðalíþróttamiðstöð Reykjavíkur væri í dag við Nauthólsvík en ekki í Laugardal.

### Heitt vatn til sjávar

Um það leyti sem íþróttamenn Reykjavíkur voru að undirbúa hið fyrirhugaða íþróttasvæði sitt, höfðu stjórnendur bæjarins tekið ákvörðun um að hitaveituvæða höfuðstaðinn. Hitaveitan frá Þvottalaugunum sem reist var árið 1930 til að sjá Landspítalanum, Austurbæjarskóla og Sundhöllinni fyrir heitu vatni var hugsuð sem hálfgert tilraunaverkefni. Þegar hún gaf góða raun lá beint við að leiða hita til allra bæjarbúa.

Slík framkvæmd kallaði á miklu meira vatn en afla mátti með góðu móti á Laugarnessvæðinu miðað við bortækni þess tíma. Leita yrði til jarðhitasvæðanna í Mosfellssveit og leiða vatnið um langan veg til bæjarins. Gísli Halldórsson, verkfræðingur og frumkvöðull á sviði jarðvarmanýtingar á Íslandi, sá í hendi sér að hitaveita ofan úr Mosfellssveit myndi kalla á miðlunartanka nær miðbæ Reykjavíkur. Enginn staður væri rökréttari en Öskjuhlíðin, þar sem hún lægi hærra en byggðin í Reykjavík og því mætti nota hæðarmuninn til að koma vatninu í húsin í stað þess að setja upp mikinn dælubúnað.

Gísli (sem ekki má rugla saman við alnafna hans, arkitektinn og borgarfulltrúann) sá líka í hendi sér að heitavatnsþörfin yrði minni að sumarlagi og því yrði hitaveitan aflögufær um umframvatn heitustu mánuði ársins. Tillaga Gísla, sem hann setti fram í blaðagrein seint á fjórða áratugnum, var því einföld: útbúa skyldi baðströnd í Nauthólsvík og veita í hana hitaveituvatni. Til að varðveita varmann sem best lagði hann til að komið yrði fyrir segldúk í sjónum umhverfis baðstaðinn til að draga úr straumum og draga úr kólnun. Hugmyndin að ylströndinni var því meira en 60 ára gömul þegar henni var loks hrint í framkvæmd.

Framkvæmdum við hitaveituna úr Mosfellssveit lauk á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Verkið, sem upphaflega átti að vera hálfgerð atvinnubótavinna, fór því fram á einhverju mesta þensluskeiði Íslandssögunnar þegar nóg var af vinnu fyrir hernámsliðið sem gaf vel í aðra hönd. Það reyndist því dýrara en til stóð og því ekkert svigrúm til gæluverkefna eins og að útbúa upphitaða baðströnd, auk þess sem íþróttamenn höfðu mátt sjá á eftir svæðinu sínu undir herskálabyggð.

> SYNDIÐ UNDAN NORÐURLJÓSUNUM Í HLÝJU RADIOAKTIVU VATNI!

Eftir stríðið átti Gísli þó eftir að dusta rykið af hugmynd sinni og kynna enn metnaðarfyllri útfærslu. Ef hún hefði orðið að veruleika, væri umhverfi Reykjavíkurtjarnar verulega frábrugðið því sem nú er.

### Túristaperla í Hljómskálagarði

Tillaga Gísla frá árinu 1947 gekk í raun út á að útbúa risastóran sjóbaðsstað á landi. Hann lagði til að suðurendi Tjarnarinnar, sunnan Fríkirkjuvegar, yrði tekinn og allri botnleðju skafið í burtu. Þess í stað yrði komið fyrir skeljasandi á botninum og meðfram bökkunum. Í Tjörninni yrði svo blandað saman hitaveituvatni annars vegar en sjó úr Skerjafirði hins vegar til að mynda notalega baðströnd með 20 gráðu yfirborðshita að jafnaði.

Umhverfis Tjörnina mætti koma fyrir rafmagnshitaofnum og lömpum til að orna baðgestum í svölum veðrum til að nýta mætti sundstaðinn sem lengst á árinu. Til að auka enn á sjónarspilið sá verkfræðingurinn fyrir sér kröftugan gosbrunn í miðri Tjörninni sem lýstur yrði upp með rafljósum í ýmsum litum.

Gísli gerði ráð fyrir að aðalströndin yrði við Tjörnina vestanverða, neðan Bjarkargötu. Þar yrði jafnframt sturtuaðstaða auk fullkominnar baðaðstöðu með gufuböðum, leðjuböðum og ljósaböðum. Búningsaðstaða yrði í sérstöku baðhýsi við bakkann sem gæti jafnvel skagað út í Tjörnina þannig að hluti vatnsins yrði í innilaug. Í kringum hana yrði svo veitingaaðstaða með suðrænum gróðri og pálmasal.

Áætlun Gísla gerði ráð fyrir að drjúgur hluti Reykvíkinga yrði fastagestir á baðströndinni í Tjörninni, en hann sá líka fyrir sér að svæðið hefði aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn. Reykjavíkurflugvöllur var um þær mundir miðstöð alþjóðaflugs og því augljóst talið að byggja þyrfti flughafnarhótel. Þar vildi Gísli slá tvær flugur í einu höggi og reisa í suðvesturhorni Hljómskálagarðsins „veglegasta hótel lýðveldisins! Úr stáli og gleri, í djörfum bogadregnum línum“.

Hótelbyggingin skyldi skiptast í tvennt, með veitinga- og samkomusali í suðurendanum og gestaherbergi í norðurálmu.

Húsið skyldi klætt með grænum kopar og ryðfríu stáli og lýst að innan og utan með flúresent ljósum. Til að standast samanburð við fínustu hótel vestan hafs og austan yrði svo að bjóða upp á póst- og símaafgreiðslu, rakarastofu, skófægingu, blaða- og bóksölu, bjórstofu og skrautlegan bar.

Löngu áður en búið var að finna upp hugtakið „heilsársferðamennska“ sá Gísli fyrir sér túrisma allan ársins hring. „Hlýr vetrar-sjóbaðstaður á innri tjörninni! Dynjandi skautasvell á fremri tjörninni! Flugnapappír fyrir heimsferðalanga. Auglýsingaspjöldin á ferðaskrifstofunum og flughöfnunum úti um víða veröld myndu hrópa himinhátt: „Heimsækið Reykjavík“, „Skoðið hina undraverðu hveraborg norðurhvelsins!“ „Syndið undan norðurljósunum í hlýju radioaktivu vatni.“

Þótt hugmyndirnar hljómuðu reyfarakenndar var höfundinum full alvara. Hann vann býsna nákvæma kostnaðaráætlun um baðstrandarhluta tillagnanna og reyndi að meta tæknilegar hindranir, þar á meðal með mælingum á þykkt leirlaganna á botni Tjarnarinnar. Mat hans var að moka þyrfti burt 70 þúsund rúmmetrum af leir til að komast niður á fast. Tjörnin yrði þá þriggja metra djúp, svo setja þyrfti um hálfs metra þétt leirlag í staðinn og því næst um 30 sentimetra lag af ljósum sandi.

Vatnsstreymið áætlaði Gísli að þyrfti að vera 70 sekúndulítrar af hitaveituvatni og 70 sekúndulítrar af sjó úr Skerjafirði. Lokað yrði milli norður- og suðurhluta Tjarnarinnar, en norðurhlutinn notaður sem frárennsli. Með þessu öra vatnsstreymi áleit verkfræðingurinn að baðstaðurinn gæti annað allt að 40 þúsund manns á sólarhring, að ekki væri þörf á að klórbæta vatnið og nægilegt væri að tæma laugarkerið tvisvar á ári til að þrífa það.

Fátt bendir þó til að ráðamenn Reykjavíkur eða bæjarbúar hafi litið á tillögurnar sem annað en skemmtilegar skýjaborgir. Þær voru lauslega kynntar í dagblöðum en enduðu loks á skjalasöfnum sem enn eitt dæmið um hugmyndir sem aldrei sáu dagsins ljós.

ego dekor

# NÝJAR VÖRUR





GIRASOLE BORÐ
STÆKKANLEGT - hvítt matt
Stærð: 180(240)X100cm
Verð: 158.000,-

MARMARA SÓFABORÐ
Stærð: 90X90cm
Verð: 79.000,-

DENTON LEÐURSÓFASETT 3+2+1
3ja sæta - Breidd: 198cm - Verð: 185.000,-
2ja sæta - Breidd: 146cm Verð: 159.000,-
Stóll - Breidd: 89cm Verð: 93.000,-





ERIC SKENKUR
Hnota/hvítt matt
Breidd: 170cm
Verð: 159.900,-

RUSTIC SÓFABORÐ
Gegnheill Akasíu viður
Stærð: 120X65cm
Verð: 58.000,-



BASILO TV SKENKUR
Hvítt matt/hnota
Breidd: 217cm
Verð: 159.000,-











CATO ARMSTÓLL
Verð: 35.000,-

ARLO STÓLL
TILBOÐSVERÐ: 13.520,-

JESSIE STÓLL
Verð: 16.900,-

MORRIS STÓLL
Verð: 19.700,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun:13 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
**www.egodekor.is**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingunn Eydal**
myndlistarkona,
Hraunbergi 5, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 24. febrúar 2017. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðbergur Guðbergsson** **Kristín Birna Garðarsdóttir**
**Ástvaldur Eydal Guðbergsson** **Anna María Hansen**
**Linda Dís Guðbergsdóttir** **Jón Árni Jónsson**
**Lilja Dís Guðbergsdóttir** **Þorsteinn Þór Guðjónsson**
**Anna Dís Guðbergsdóttir Eydal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur bróðir okkar og mágur,

**Þórður G. Sigurjónsson**
Hrafnistu, áður Kleppsvegi 46 og Lindargötu 21,

lést þriðjudaginn 28. febrúar. Útförin fer fram þriðjudaginn 7. mars í Áskirkju klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Lauf, félag flogaveikra, eða Sjálfsbjörg.

**Rut Rebekka Sigurjónsd.** **Hörður Kristinsson**
**Berglind Oddgeirsdóttir** **Guðlaugur Reynir Jóhannss.**
**Hanna G. Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Skólahljómsveit Kópavogs er stærsta skólahljómsveit landsins.**

# Fagna hálfrar aldar afmæli

Á sunnudaginn mun Skólahljómsveit Kópavogs halda stærðarinnar tónleika í Hörpunni til að fagna fimmtíu ára afmæli sínu. Krakkar upp í sextugt munu koma fram.

Það hefur öllu verið tjaldað til, okkur finnst þetta svo rosalega merkilegur áfangi í sögu hljómsveitarinnar. Við erum í raun og veru búin að vera að stússast í alls konar viðburðum sem tengjast þessu afmælishaldi í allan vetur," segir Össur Geirsson, stjórnandi Skólahljómsveitar Kópavogs, en sveitin fagnar 50 ára afmæli sínu um þessar mundir.

„Við byrjuðum á því að taka á móti þýskri hljómsveit sem kom í heimsókn í ágúst, við vorum með fyrsta vers af afmælistónleikum í Háskólabíói í nóvember, síðan fórum við með alla krakkana okkar í stúdíó Sýrland þar sem við tókum upp geisladisk sem kemur út á sunnudaginn. Við vorum líka í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og spiluðum á jólatónleikunum þeirra. Það er kvikmyndatökumaður búinn að vera á eftir okkur í allan vetur og hann hefur verið að skjalfesta það sem við höfum verið að gera, það stendur svo til að gefa út heimildarmynd um hljómsveitina núna í maí, júní."

Skólahljómsveit Kópavogs er fjölmennasta skólahljómsveit landsins. Sveitinni er skipt í þrennt svo í raun má segja að um þrjár hljómsveitir sé að ræða. Í hljómsveitinni eru krakkar frá 9 ára upp í 19 ára.

Núna á sunnudaginn verður aðaldagurinn á afmælisári hljómsveitarinnar en hún mun troða upp í Eldborgarsal Hörpunnar.

„Við verðum með um 180 hljóðfæraleikara frá okkur á sviðinu, auk þess verða þarna 25 eldri félagar sem við höfum saman. Þetta voru krakkarnir sem byrjuðu í hljómsveitinni fyrir fimmtíu árum og ætla þau að dusta rykið af hljóðfærunum og spila eitt lag. Það verður spennandi að sjá hvort það kemur eitthvað annað en ryk og köngulóarvefur úr lúðrunum þeirra þegar þau blása eða hvort að það kemur einhver falleg músík.

Þarna verða líka rúmlega hundrað börn úr barnakór Kársnesskóla, af því að kórinn og starfið sem hún Tóta Björns hefur staðið fyrir í um fjörutíu ár er órjúfanlega tengt skólahljómsveitinni. Hún Tóta var í hljómsveitinni og Björn Guðjónsson sem stofnaði skólahljómsveitina varð þess valdandi að hún tók við kórastarfinu í Kársnesskóla."

Það var saminn trompetkonsert fyrir þessa tónleika sérstaklega og verður hann auðvitað frumfluttur á sunnudaginn. Það eru tveir fyrrverandi félagar í Skólahljómsveitinni sem bera ábyrgð á því. Það er annars vegar tónskáldið Helgi Rafn Ingvarsson og svo er það Jóhann Már Nardeau sem verður einleikari, en hann starfar sem atvinnutrompetleikari í Frakklandi. Tónverkið er byggt á minningum frá einni af ferðum hljómsveitarinnar til Austurríkis. Síðan verða tvö leyninúmer en eðli málsins samkvæmt er Össur þögull sem gröfin um þau.

Tónleikarnir fara fram á sunnudaginn og hefjast þeir klukkan fimm. Miðaverð er 2.500 krónur.

**stefanthor@frettabladid.is**



Innilegar þakkir fyrir samúð og samhug vegna fráfalls okkar ástkæra

**Birgis Péturssonar**
verkfræðings,
Sundabakka 8, Stykkishólmi.

**Katrín Gísladóttir** **Pétur Kristinsson**
**Kristinn Magnús Pétursson** **Dagbjört Ýr Kiesel**
**Sigríður Þorvaldsdóttir**
**Sigríður Erla Sturludóttir**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Alexandersson**
frá Sigurðarstöðum, Melrakkasléttu,

lést á Vífilsstöðum sunnudaginn 26. janúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 10. mars klukkan 15.00.

**Sæmundur Sigurðsson** **Ingibjörg Eyþórsdóttir**
**Hermann Sigurðsson** **Ólína Arnkelsdóttir**
**Valgarður Sigurðsson**
**Guðbjörg Alda Sigurðardóttir** **Helgi Þorsteinsson**
**Unnur Sigurðardóttir** **Jóhannes Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær dóttir mín, móðir og systir,

**Auður Pétursdóttir**
kennari,
Reykjabyggð 41, Mosfellsbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut 25. febrúar 2017. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 9. mars kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hjartaheill.

**Unnur Guðjónsdóttir**
**Unnur Pálmarsdóttir** **Gylfi Már Ágústsson**
**Ragnhildur Pétursdóttir**
**Oddur G. Pétursson** **Ása Bjarnadóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðlaugs Gíslasonar**

**Sjöfn Sigurgeirsdóttir**
**Kristjana Guðlaugsdóttir** **Vilberg Helgason**
**Gísli V. Guðlaugsson** **Björg Steinarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# GÓÐ VERÐ Í MARS

Iceland

Egils Orka
500ML
129 KR
258 kr.l

Arizona
ALLAR TEGUNDIR
229 KR
500 ml
458 kr.l

Coca-Cola
1L. Allar tegundir
169 KR
1 l
169 kr.l

Lay´s Sensations
Thai Sweet & Mexican Pep.
199 KR
150g
1327 kr/kg

Weetos
Heilhveitihringir
399 KR
350g
1140 kr/kg

Guylian
Trönuber, bláber, rúsínur
549 KR
150g
3660 kr/kg

Himnesk hollusta
Hnetubiti, kókosbiti
99 KR
40g
2475 kr/kg

Jacob´s
Pítubrauð, fín og gróf
199 KR
6 stk
33 kr/stk

Durex
Feel + Saucy strawberry
1199 KR

Malaco
Gott og blandað
199 KR
160g
1244 kr/kg

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ICELAND,
ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Finnbogason**

Espigrund 8, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness
sunnudaginn 26. febrúar. Útförin fer fram
frá Akraneskirkju föstudaginn 10. mars kl. 13.

**Margrét Guðjónsdóttir**
**Björn Þverdal Kristjánsson**
**Sigurður Guðjónsson**
**Ása Jóhannsdóttir**
**Snorri Guðjónsson**
**Brynja Leósdóttir**
**og afabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Elín Árnadóttir**

Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu
Lögmannshlíð miðvikudaginn 1. mars.

**Jóhanna M. Antonsdóttir**
**Árni Kristinsson**
**Eygló Ingimarsdóttir**
**Hrafnkell Guðmundsson**
**Guðrún Kristinsdóttir**
**Þórdís B. Kristinsdóttir**
**Ágúst Björn Ágústsson**
**Kristinn F. Kristinsson**
**Elín Guðmundsdóttir**
**Svanur Kristinsson**
**Hulda K. Hermannsdóttir**
**Örn Kristinsson**
**ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

**Trausti Hólm Jónasson**

Aðalgötu 10, Keflavík,

lést á Hlévangi, Keflavík, þriðjudaginn
14. febrúar. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey.

**Guðbjörg Sigfúsdóttir og börn,**
**Jón Gunnar Traustason og fjölskylda,**
**Inga Jóna Traustadóttir og börn.**



Þökkum innilega auðsýnda vináttu
og samúð við andlát og útför

**Önnu Margrétar Kolbeinsdóttur**

hjúkrunarkonu,

sem lést á Landspítala í Fossvogi
23. janúar síðastliðinn.

**Börn og barnabörn.**



Ástkær sambýlismaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Viðar Oddgeirsson**

Lundi 19,
Kópavogi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu
föstudaginn 24. febrúar. Útförin fer fram
frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 7. mars kl. 13.00.

**Ólöf Hildur Jónsdóttir**
**Davíð Viðarsson**
**Theódóra Friðbjörnsdóttir**
**Þórir Viðarsson**
**Harpa Ægisdóttir**
**Jón Hans Ingason**
**Ólöf Ósk Kjartansdóttir**
**Hanna Sif Ingadóttir**
**Ída María Ingadóttir**
**Ingi Björn Ingason**
**Andrea Finnsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hermann Guðmundsson**

fv. skólastjóri,
Álfhólsvegi 76, Kópavogi,

sem lést 18. febrúar á líknardeild
Landspítalans í Kópavogi, verður
jarðsunginn frá Digraneskirkju mánudaginn
6. mars kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent
á Krabbameinsfélagið.

**Hulda Jóhannesdóttir**
**Jóhannes Hermannsson**
**Sigríður Eysteinsdóttir**
**Fanney Kr. Hermannsdóttir**
**Guðmundur F. Sigurjónsson**
**Guðmundur M. Hermannsson**
**Sigríður Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Vilborg Þorgeirsdóttir**

kennari,

lést 21. febrúar. Útförin fer fram frá
Langholtskirkju fimmtudaginn 9. mars kl. 13.

**Einar Sverrisson**
**Þorgeir Einarsson**
**Halla Kristín Þorsteinsdóttir**
**Sverrir Einarsson**
**Sólveig Ásgeirsdóttir**
**Vilborg Rósa Einarsdóttir**
**Tryggvi M. Baldvinsson**
**Sigurlaug Vigdís Einarsd.**
**Sigrún Unnur Einarsdóttir**
**Sigurjón Bragason**
**og ömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Elsa Unnur Guðmundsdóttir**

Lyngmóum 4, Garðabæ,

lést eftir stutta sjúkralegu
föstudaginn 24. febrúar.

**Svanhildur Arnarsdóttir**
**Peter Moldt**
**Guðfinna Arnarsdóttir**
**Bjarni Þór Tryggvason**
**Guðmundur Arnarsson**
**Sigurbjörg Gunnarsdóttir**
**Hrönn Arnarsdóttir**
**Bergur Gunnarsson**
**Arna Bára Arnarsdóttir**
**Gunnar Th. Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra,

**Stella Einarsdóttir**

frá Siglufirði,
Eyjabakka 6, Reykjavík,

lést 18. febrúar. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Páll Grétar Lárusson**
**Pálmar Örn Þórisson**
**Margrét Þórhallsdóttir**
**Margrét Sigríður Þórisdóttir**
**Birgir Ingvarsson**
**Páll Pálsson**
**Anna Aradóttir**
**og fjölskyldur.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og útför
elskulegs eiginmanns míns, föður
okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ólafs Guðnasonar**

Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild B-4 á
Landspítalanum Fossvogi og deild K-1 á Landakotsspítala
fyrir góða umönnun.

**Helga Mattína Einarsdóttir**
**Áslaug Rósa Ólafsdóttir**
**Þórarinn H. Harðarson**
**Ása Helga Ólafsdóttir**
**Benedikt Sigurðsson**
**Einar Magnús Ólafsson**
**J. Þóra Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar og amma,

**Inga Bjarnason Cleaver**

fyrrv. deildarstjóri
í utanríkisráðuneytinu,

sem lést laugardaginn 25. febrúar
verður jarðsungin frá Neskirkju
þriðjudaginn 7. mars kl. 13.00.

**Magnús Bjarni Baldursson**
**Guðrún Edda Baldursdóttir**
**Sigríður Erla Baldursdóttir**
**Baldur Karl, Elín Inga og Edda Sólveig**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Valdimar Guðlaugsson**

fv. hárskeri,
Fannafold 70, Reykjavík,

lést 26. febrúar. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hins látna.

**Alda Hanna Grímólfsdóttir**
**G. Sævar Valdimarsson**
**Hugrún Valgarðsdóttir**
**Jóhann E. Valdimarsson**
**Anna María Jónasdóttir**
**Elísabet S. Valdimarsdóttir**
**Karl Á. Hjartarson**
**Guðlaugur V. Valdimarsson**
**og afabörn.**



Frændi okkar,

**Sigurgeir Jónsson**

frá Gestsstöðum, Hæðargarði 35,

andaðist 26. febrúar á
Droplaugarstöðum. Útför auglýst síðar.

**Bræðrabörnin.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Rúnar Pétursson**

járnsmiður og rafvirki,
til heimilis að Hrafnhólum 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann
19. febrúar. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jóna Maja Jónsdóttir**
**Jónína Hjördís Gunnarsdóttir**
**Pétur Þór Gunnarsson**
**Erna Flygenring**
**Halldóra Dröfn Gunnarsd.**
**Olgeir Helgason**
**Grettir Ingvi Gunnarsson**
**Ragnheiður Ketilsdóttir**
**Rakel Eva Gunnarsdóttir**
**Christian Peter MacLassen**
**barnabörn og langafabörn.**



Hjartkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Guðmundsson**

löggiltur endurskoðandi,
Dalalandi 10, Reykjavík,

lést að morgni miðvikudags 1. mars.
Jarðsungið verður frá Langholtskirkju
föstudaginn 10. mars klukkan 15.00.

**Áslaug Benediktsdóttir**
**Guðmundur Kr. Sigurðsson**
**Hrafnhildur Proppé**
**Benedikt Sigurðsson**
**Dagný Baldvinsdóttir**
**Eyþór Sigurðsson**
**Birgitta Sveinbjörnsdóttir**
**Margrét Sigurðardóttir**
**barnabörn og langafabarn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán S. Helgason**

frá Tungu,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk
mánudaginn 27. febrúar sl.
Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju
þriðjudaginn 7. mars kl. 13.00.

**Nanna Sæmundsdóttir**
**Hlynur Freyr Stefánsson**
**Matthildur Jónsdóttir**
**Bylgja Rún Stefánsdóttir**
**Bjarni Jakob Gíslason**
**Skafti Ingi Stefánsson**
**Herdís Haraldsdóttir**
**Þórólfur Stefánsson**
**Kristina Mauritz**
**Helga J. Stefánsdóttir**
**Sigurður Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, stjúpfaðir,
tengdafaðir og afi,

**Jón Þorsteinn Eiríksson**

Kristnibraut 101,

lést 27. febrúar á hjúkrunarheimilinu
Mörk. Útför hans fer fram frá
Bústaðakirkju mánudaginn 6. mars kl. 13.00.

**Erla Sigurðardóttir**
**Sævar Guðmundsson**
**Sigurður Ágústsson**
**Anna Björk Njálsdóttir**
**Guðni Ágústsson**
**Dagný Ágústsdóttir**
**Sævar Davíðsson**
**Rakel Erla, Atli Már, Elma Rut og Brynja Marín**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Anna Vernharðsdóttir**

Smáratúni 12, Keflavík,

lést á heimili sínu, laugardaginn
25. febrúar. Útförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju, föstudaginn 10. mars kl. 13.

**Leifur Eiríksson**
**Hildur Ingvarsdóttir**
**Guðbjörg Eiríksdóttir Blanar**
**Richard Blanar**
**Örn Eiríksson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

# FERMINGARTILBOÐ

RAZER



## RAZER KRAKEN 7.1 LEIKJAHEYRNARTÓL

**Hin fullkomna fermingargjöf fyrir þá sem vilja alvöru leikjaheyrnartól með 7.1 hljóðdreifingu og frábær heyrnartól til að hlusta á tónlist. Chroma LED lýsing og útdraganlegur hljóðnemi.**

**23.995**

FULLT VERÐ 27.995

RAZ-RZ0401250100R3M1



## STEELSERIES APEX 300

STE-64451

Low profile leikjalyklaborð sem er hannað fyrir snörp viðbrögð. Membrane borð með stuttu þrýstisviði. Hvít LED baklýsing.

**9.995**

FULLT VERÐ 12.995



## STEELSERIES RIVAL 500

STE-62051

Háþróuð og sérstaklega næm leikjamús með stillanlegri LED lýsingu. 1ms. viðbragðstími og 15 forritanlegir takkar.

**9.995**

FULLT VERÐ 12.995

**OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI**



## ASUS STRIX GTX1070 LEIKJASKJÁKORT

ASU-STRIXGTX107008G

Spilaðu þunga leiki í alvöru gæðum með 8GB Geforce GTX1070 leikjaskjákorti með 3 ára ábyrgð. VR Ready.

**79.995**

FULLT VERÐ 89.995



## VIVO MINI SMÁTÖLVA

ASU-UN45HVM025Z

Ofurnett smátölva með Intel örgjörva og SSD diski, Intel HD skjákorti og Windows 10

**44.995**

FULLT VERÐ 59.995



## 24" ASUS TÖLVUSKJÁR

ASU-VX248H

Sérstaklega þunnur og glæsilegur háskerpuskjár með 1ms. Svartíma. HDMI tengi og innbyggðir hátalarar fyrir Chromecast eða önnur marmiðlunartæki.

**29.995**

FULLT VERÐ 36.995




**AÐEINS BROT AF FERMINGARTILBOÐUNUM**

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORGI | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# HELGAR

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-16 og SUN. 13-17 Á SUÐURLANDSBRAUT




## Ný kynslóð frá Whirlpool

App stýrð Supreme Care þvottavél og þurrkari

Við boðum einfaldari og þægilegri þvottadaga framundan með framúrskarandi tækjum sem tengjast saman í gegnum **6th SENSE Live** tækni og þú stjórnar í gegnum app. Á meðan þvottavélin vinnur hljóðlátlega þökk sé **Zen** tækni, stillir þurrkarinn sjálfkrafa á það þurrkerfi sem hentar þvottinum best. Þess vegna er nýja Whirlpool Supreme Care línan fullkomin til þess að hugsa um flíkurnar sem þér þykir vænt um.

iF DESIGN AWARD

Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE

## HELGARTILBOÐ

**Whirlpool HSCX10445C**

Tvíátta barkalaus þurrkari með varmadælu og rakaskynjara með 6TH SENSE Infinite Care. Íslenskt stjórnborð.

TILBOÐ **109.995**
VERÐ ÁÐUR 149.995

**Whirlpool FSCR12440C**

1400 snúninga og 12kg þvottavél með stafrænu kerfisvali og 6th Sense. Íslenskt stjórnborð.

TILBOÐ **129.995**
VERÐ ÁÐUR 179.995




12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

# RTILBOÐ

## OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI




**Panasonic TXDX600E**
4K Ultra HD Smart VIERA LED sjónvarp með 3840x2169 punkta upplausn Quad Core Pro örgjörva. Netflix í 4K og Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. Sjónvarpið má tengja við app og nota með snjalltækjum.

4K ULTRA HD TV · my Home Screen 2.0 · QUAD-CORE PRO x4

| 40" | 49" |
|---|---|
| Panasonic TX40DX600E | Panasonic TX49DX600E |
| TILBOÐ 74.995 | TILBOÐ 79.995 |
| VERÐ ÁÐUR 109.995 | VERÐ ÁÐUR 119.995 |




**Philips 49PUT6401**
Smart LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160 punkta upplausn og Pixel Plus Ultra HD. Tveggja hliða Ambilight 2 baklljós og Android 5.1 nettenging með Google Play Store. Netflix í 4K, 3x USB og 4xHDMI tengi.

TILBOÐ **89.995**
VERÐ ÁÐUR 109.995




**Philips 55PUS6031**
55" UHD Smart LED sjónvarp með Ultra HD 3840x2160 punkta upplausn. Stór skjár og frábær myndgæði á ótrúlegu verði.

TILBOÐ **99.995**
VERÐ ÁÐUR 109.995




**LG 55UH850V**
Stórt og örþunnt 3D Super UHD LED sjónvarp með UHD 4K 3840x2160 punkta upplausn og 2700Hz PMI. ULTRA Luminance/Tru Black Control og stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. 3xHDMI tengi. App fyrir Android og Apple. Magic Remote fylgir.

TILBOÐ **199.995**
VERÐ ÁÐUR 229.995




**LG 65UH668V**
Glæsilegt Smart IPS LED sjónvarp með UHD 4K 3850x2160 punkta upplausn. Með hljóðkerfi úr hönnunarsmiðju harman/kardon. App fyrir Android og Apple. Magic Remote fylgir.

TILBOÐ **219.995**
VERÐ ÁÐUR 249.995




## TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

**1000 krónur af öllum seldum Philips rakvélum, skeggsnyrtum og hárklippum 1. - 31. mars renna til Krabbameinsfélagsins**



## ALLAR KAFFIVÉLAR
## 15% AFSLÁTTUR



GILDIR 1.-5. MARS

**Heimilistæki** ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
1 Þótt höfnin sé skjólgóð er rétt að sýna aðgát (7)
7 Svona svik munu reynast nokkur fyrirstaða (6)
10 Bleikur fiskur er megininntak þess sem leysir tregðu (9)
11 Þau sem veittu ókeypis stöðu virtust klár (7)
13 Hárprúður prímati elskar náttúrulaugar (6)
14 Farvegur fyrir horfna mynt markar upphaf hlaups (7)
15 Graðhestamúsík leið um tengi við hlaupastelpu (9)
16 Komin af ströndugu fólki suður í álfu (6)
17 Dett í svelg í Breiðholti (7)
18 Fitlandi frumbyggjafrúr í norðri (9)
19 Þessu dýri má eins siga afturábak og áfram (4)
20 Straumur fylgir snökti eftir harmagrát (7)
21 Ertu með ráðabrugg um tvíbura minn? (7)
25 Menjar um landkönnuð (4)
27 Borða nestið við bjálkann (6)
30 Negla þetta plagg og skrá svo viðburðinn (10)
31 Enginn vildi álegg en það var röð í skelfiskinn (7)
35 Hendur skilja eftir merki um kusk (5)
36 Ætur eldur einkennir ákveðna þjóðflokka Ameríkumanna (10)
37 Krækja sér í öllara að norðan og drekka þá líklega kælda (7)
38 Boxin geyma sæg af jarðvegi (13)
40 Gef Lýsingu punkta á lygrakvarða(9)
44 Skera sneið fyrir afa, sem er ruglaður (8)
45 Það er fjör í pípunum sem halda öllu gangandi (9)
46 Snörum Loire svo úr verði eðjusvað (5)
47 Inga verður ekki með í þessari hvíld (6)
48 Held ég skilgreini erindið út frá einkenni (7)
49 Alltaf skal Ýr stara á aumasta ruglið í boði (7)

**LÓÐRÉTT**
1 Orkumiklir firðir njóta hliðraðra krafta (9)
2 Höfum varg undir með bellibrögðum (9)
3 Hugsið ekki um Al, það truflar sæluna (9)
4 Leita brynflagðs í vogi blóðeisu (9)
5 Mynda þrýsting með hreinræktuðum lyftingarsveppum (10)
6 Skynja spotta milli lokatákna (10)
7 Sendi inntak kröfunnar til skipstjórans (11)
8 Harðir leðurtöffarar negla nautshúðir (11)
9 Sigla upp eftir síkinu fyrir aðgerðina (11)
12 Verðurðu ekki uppljómuð af ýsulist og bulli? (7)
22 Bæta þurrum hrossaskít á eldinn (8)
23 Stoker og Usain með læti (8)
24 Frí við Hala en ekkert stýri? (8)
26 Hjartað í kvenvargi er sem klakabox (7)
27 Legg ílátið á blettinn (6)
28 Heilla heilladísina (11)
29 Gjörningur galdrakinda (11)
32 Þeir seldu mér allar græjur þessa æfingarýmis (10)
33 Um tengsl jarðarinnar og hins nærliggjandi svæðis (10)
34 Merkasta bók Ara fróða fjallar um Brésneff (10)
39 Stilla sig í tali um glæpi og refsingu (6)
40 Hlunkur hjólar í fant af finna taginu (5)
41 Tætum í okkur óreglu og ódagot (5)
42 Vil að þú grafir þetta endalausa grjót (5)
43 Set mig í samband við sérverslun píparans (5)





Lausnarorð síðustu viku var
**GÁMAFLUTNINGAR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi að þessu sinni eintak af **Svartalogni eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Saga Björgvinsdóttir, Reykjavík**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist iðjuver af því tagi sem fágætt er orðið hér á landi þótt nauðsynlegt megi heita. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 4. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „4. mars“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.


Kommuneqarfik Sermersooq   Reykjavíkurborg   Tórshavnar kommuna

## Opnað fyrir umsóknir í Vestnorræna höfuðborgasjóðinn

Reykjavíkurborg er aðili að Vestnorræna höfuðborgasjóði Færeyja, Grænlands og Íslands. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla skilning og samstarf, m.a. á sviði menningarmála, milli þessara borga, íbúa þeirra, samtaka og stjórnmálamanna og veita fjárstyrki til verkefna sem þjóna þessum markmiðum.

Stjórn sjóðsins mun funda í byrjun maí á þessu ári þar sem ákveðið verður hverjir hljóta styrk úr sjóðnum.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til verkefna sem tengjast samskiptum milli höfuðborganna og efla tengsl þeirra með einhverjum hætti, t.d. á sviði menningar, fræðslu eða íþrótta.

Í umsókn skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum ítarlega, fyrirkomulagi þeirra, tímasetningu og kostnaði.

**Umsókn skal beint til:**
Vestnorræni höfuðborgasjóður Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar
b.t. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

**Umsóknir berist eigi síðar en þriðjudaginn 18. apríl nk. og koma umsóknir sem síðar kunna að berast ekki til afgreiðslu.**
Allar upplýsingar og eyðublöð er að finna á vef Reykjavíkurborgar http://reykjavik.is/vestnorraeni

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Ráðhúsi Reykjavíkur, sími 411 4500.

*Reykjavík, 3. mars 2017*
*Borgarritari*


# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Mikilvægur sigur

Norðanmennirnir Stefán Stefánsson og Skúli Skúlason unnu sigur á Íslandsmótinu í tvímenningi sem fram fór um síðustu helgi. Þeir fengu 57,8% skor. Spiluð voru 119 spil. Stefán Stefánsson var að vinna þennan titil í annað sinn og Skúli Skúlason í fyrsta sinn. Ómar Olgeirsson og Ragnar Magnússon höfnuðu í öðru sæti með 57,1% skor. Þessi pör mættust í fyrstu umferð og halda má því fram að Stefán og Skúli hafi unnið þar mikilvægan sigur vegna lokastöðunnar. Stefán og Skúli fengu 62 stig gegn 40 stigum í 7 spilum. Norðanmennirnir mættu Hrannari Erlingssyni og Hrólfi Hjaltasyni í 13. umferð mótsins. Í viðureign þeirra kom þetta spil fyrir, suður gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ DG52
♥ 10962
♦ Á
♣ KD76

**Vestur**
♠ ÁK3
♥ 5
♦ KG842
♣ 10952

**Austur**
♠ 108764
♥ Á8
♦ 10653
♣ G4

**Suður**
♠ 9
♥ KDG743
♦ D97
♣ Á83

Stefán og Skúli sátu í NS og Stefán vakti á 2 ♥ sem lofaði 6 spilum og 10-13 punktum. Vestur doblaði, Skúli stökk í 4 ♥ og austur barðist í 4 ♠ sem reyndist ekki vel. Norður doblaði þann samning og útspilið var hjartakóngur. Sagnhafi drap á ás, trompaði hjarta, tók ÁK í trompi og fékk aðeins einn slag til viðbótar á tromp þegar norður tók af honum trompin. Niðurstaðan var 1100 stig í NS og hreinn toppur. Næst hæsta talan í NS var 500 svo að einungis var nægilegt að setja spilið 4 niður til að fá toppskor í NS. Flest pörin spiluðu 4 hjörtu í NS og fengu 11 slagi.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Ingvar Þór Jóhannesson (Hugin) átti leik gegn Páli Þórhallssyni (Reykjanesbæ) á Íslandsmóti skákfélaga í fyrradag.

**20. Dg6!** (20. Rg6+ vinnur líka.) **20...Dxg5** (20...hxg6 21. Rxg6#.) **21. Dxg5** og hvítur vann skömmu síðar. Mótinu lýkur í dag með tveimur síðustu umferðunum.
**www.skak.is:** Allt um Íslandsmót skákfélaga.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | | 7 | 8 | 4 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 9 | | | 5 | 7 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | 8 | | 7 |
| 4 | 7 | | 9 | | | 1 | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 8 |
| 1 | | 5 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 2 | | | 5 | | |
| | | | | | | 1 | | 8 |
| | | | 8 | 5 | | | | |
| | | | | 1 | | 7 | 9 | 5 |
| 8 | | 6 | | | 9 | 4 | | |
| 1 | 7 | | | 3 | | 8 | | |
| 7 | 4 | 2 | 5 | | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 3 | 5 | |
| | | | | | 7 | | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | 8 | | 2 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 2 | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 2 | | | | 9 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | 2 |
| | 8 | | 2 | | | | 1 | |
| | | 2 | | | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 3 | 7 | | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 1 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 5 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 8 |
| 8 | 3 | 1 | 2 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 1 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 |
| 7 | 9 | 5 | 4 | 8 | 3 | 1 | 6 | 2 |




# 3 FYRIR 2

**GILDIR FYRIR ÖLL SKÓPÖR Á FULLU VERÐI.**

Þú borgar fyrir tvö dýrari pörin og færð ódýrasta parið frítt.

Gildir 2.-6. mars.

# AF ÖLLUM SKÓPÖRUM




**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

## Konráð og félagar á ferð og flugi 239

Bragi Halldórsson

„Er þetta ekki talnavölundarhúsið þar sem við eigum að byrja á bláu tölunni neðst og með því að fylgja bara sléttum tölum lárétt og lóðrétt en ekki á ská, finna leið upp á topp teningsins, bláu tölunnar átta?," spurði Kata. „Jú," sagði Lísaloppa. „Við eigum að fylgja sléttu tölunum 2, 4, 6, og 8." „Mig minnti það," sagði Kata. „Mér gekk nú ekkert of vel síðast þegar við glímdum við svona þraut en nú skal það ganga betur," sagði hún ákveðin og keppnisskapið leyndi sér ekki.

Getur þú fundið leiðina í gegnum teninginn með því að fylgja sléttu tölunum lárétt og lóðrétt?

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 2 | 5 | 3 | 7 | 8 | 6 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 2 | 5 | 2 | 4 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 8 | 3 | 2 |
| 6 | 8 | 5 | 6 | 4 | 2 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 1 | 7 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 2 | 2 | 6 | 5 | 2 | 3 | 6 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 2 | 6 | 4 | 2 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 4 | 2 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 7 | 3 | 1 | 3 | 7 | 3 | 2 | 8 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 8 | 4 | 2 | 5 | 4 | 3 | 9 | 2 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 6 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 3 | 2 | 8 | 2 | 7 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 5 | 6 |



## Legóþraut



**Það má margt skemmtilegt gera með legó-kubbum. Til dæmis búa til svona þraut.**


KOMDU Í KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17


# Þyrluflugmenn geta verið lofthræddir

**Þorgeir Atli Gunnarsson er á tíunda ári og fór í heimsókn til Landhelgisgæslunnar. Hann spurði flugstjóra spjörunum úr. Honum lék meðal annars forvitni á að vita hvað þyrluflugmenn gera þegar þeir þurfa á klósettið í miðju flugi og hvort þeir gætu verið lofthræddir.**

Þorgeir Atli Gunnarsson er á tíunda ári. Hann heimsótti Landhelgisgæsluna á dögunum til að forvitnast um störf þyrluflugmanna og sigmanna. Fyrir svörum sat Þórarinn Ingi Ingason flugstjóri.

**Þorgeir Atli:** Hvað eru margir um borð hjá ykkur og hvað gerir hver?

**Þórarinn:** Við erum fimm um borð. Það er flugstjóri, flugmaður, aftur í kabínu er sigmaður sem fer niður í vírnum. Síðan er flugvirki sem stýrir spilinu og læknir sem sinnir sjúklingum og hann fer líka niður ef það þarf að síga.

**Þorgeir Atli:** Er erfitt að fljúga þyrlu?

**Þórarinn:** Það er tækni sem þarf að læra, eins og læra að keyra, hjóla eða labba jafnvel. Þegar maður er búinn að læra þetta þá er það eðlislægt. En svo getur verið erfitt að fljúga í mismunandi aðstæðum.

**Þorgeir Atli:** Eruð þið einhvern tímann stressaðir áður en þið farið að fljúga?

**Þórarinn:** Já, það kemur stress, við þurfum að hugsa um marga hluti og velta ýmsu fyrir okkur.

**Þorgeir Atli:** En lofthræddir?

**Þórarinn:** Oftast erum við ekki svo langt frá jörðu þannig að ég er sjaldan lofthræddur. En reyndar er ég lofthræddur, það reynir bara ekki mikið á það.

**Þorgeir Atli:** Hvað er skemmtilegt við starfið?

**Þórarinn:** Það er að njóta náttúrufegurðarinnar á Íslandi. Hún er alveg einstök.

**Þorgeir Atli:** Er hættulegt að fljúga þyrlu?

**Þórarinn:** Já, það er hættulegt ef það er ekki gert rétt.

**Þorgeir Atli:** Hvað gerið þið þegar þið eruð að fljúga þyrlu og þurfið að fara á klósettið?

**Þórarinn:** Við erum með svona poka um borð sem við getum pissað í, þá breytist það í gel.



**Þorgeir Atli spurði Þórarin Inga flugstjóra hjá Landhelgisgæslunni hvað þeir gerðu þegar þeir þyrftu á klósettið í miðju flugi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

**Þorgeir Atli:** Er sigmaðurinn aldrei hræddur við að fara niður, til dæmis þegar það er vont veður.

**Þórarinn:** Við hugsum um öryggi númer eitt, tvö og þrjú. Við gerum aldrei eitthvað sem er ekki raunhæft. En örugglega hugsar hann mikið um hvernig hann á að gera þetta til að gera þetta vel.

**Þorgeir Atli:** Eruð þið með einhverja hjátrú tengda vinnunni?

**Þórarinn:** Nei, eiginlega ekki. En ef eitthvað fer úrskeiðis og svo fer eitthvað annað úrskeiðis, þá hugsum við samt oft hvort það sé komin af stað einhver keðjuverkun sem leiðir okkur í ógöngur.

**Þorgeir Atli:** Hvað gerið þið þegar þið eruð ekki í útkalli?

**Þórarinn:** Þá erum við að undirbúa okkur, á námskeiði eða á æfingu. Eða að hvíla okkur. Við erum alltaf viðbúnir.

**Þorgeir Atli:** Getið þið lent hvar sem er á þyrlunni?

**Þórarinn:** Ekki á rúmsjó. En eiginlega alls staðar. Ekki á skipum reyndar, nema þau séu af þeirri stærð að það sé hægt. Í flestum tilfellum getum við lent, nema náttúrulega í brekkum og svona.

## Appið: Fyrir skáld framtíðarinnar

Orðaflipp er íslenskt sköpunarforrit sem er hugsað fyrir skáld framtíðarinnar. Forritið, sem er hannað af grunnskólakennara, byggir á hugmyndum um handahófskenndar kveikjur í skapandi skrifum. Appinu er ætlað að vera öflugt sköpunartól sem getur bætt orðaforða og þjálfað málfræði og er gagnlegt í byrjendalæsi.

**Hvernig virkar appið?**
Flipparinn byrjar á því að velja sér eitt eða fleiri orðaþemu til að gefa tóninn. Við það veljast orð af handahófi úr völdum þemum og það er hlutverk notandans að gera eitthvað skemmtilegt við þessi orð.

Saman geta þessi orð skapað myndir í huganum og gefið notandanum innblástur.

Ef notandinn fékk orðin vélmenni, fótbolti, tröll, fjársjóður, slímugur og sköllóttur þá gæti hann sagt frá sköllóttu vélmenni í fótbolta eða slímugu trölli með fjársjóð. Allt eftir því hvernig orðin tala til hans.





40%
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........5.995
TEFAL PANNA
28 CM CERAMIC
35%
Slitsterk keramik húð.- Engin skaðleg efni.
VERÐ ÁÐUR.... 7.495
TILBOÐ .......... 4.875
ÖLL VÖFFLUJÁRN
20%
40%
KRINGLUKAST
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
MEDISANA
SNYRTISPEGILL
25%
VERÐ ÁÐUR...3.995
TILBOÐ .........2.995
33%
PureKomachi 2
PURE KOMACHI2
3STK HNÍFASETT
VERÐ ÁÐUR...11.985
TILBOÐ ...........7.995
EVA TRIO
1,1L
SÓSUPOTTUR
33%
VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ........... 9.995
KRANSA
KÖKUMÓT
18 HRINGIR
35%
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........3.895
35%
VIDAL SASSOON
HÁRBLÁSARI 2000W
INFRARADIENCE
VERÐ ÁÐUR..... 6.995
TILBOÐ ........... 4.545
ROSENDAHL
GLÖS OG KARÖFLUR
30%
LE CREUSET
TAKMARKAÐ MAGN
50%
STEYPUJÁRNSPOTTUR
RAUÐUR - 24 CM
VERÐ ÁÐUR...39.995
TILBOÐ .........19.995
WUSTHOF
HNÍFASETT
33%
7 STK SETT
VERÐ ÁÐUR...29.995
TILBOÐ .........19.995
WMF POTTASETT
25%
6 STK
VERÐ ÁÐUR...39.995
TILBOÐ .........29.995
iRobot
RYKSUGU VÉLMENNI
Roomba 605
ÞÚ SPARAR 10.000 KR.
VERÐ ÁÐUR...49.995
TILBOÐ .........39.995
OHB
KAFFIVÉL GRAVITY
25%
Sýður vatnið!
VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ .........14.995
Jamie Oliver
LOVE THE OUTDOORS
Gas Grill
TVEGGJA BRENNARA
38%
TAKMARKAÐ MAGN
VERÐ ÁÐUR...64.995
TILBOÐ .........39.995
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
COMPACT
35sm² grillflötur
FULLT VERÐ .....13.995
KRINGLUKAST ...7.695
45%
Allt að 42% minni fita
Russell Hobbs
Losanlegar plötur
FAMILY
51sm² grillflötur
FULLT VERÐ .......16.995
KRINGLUKAST .....9.345
Losanlegar plötur
ENTERTAINING
64sm² grillflötur
FULLT VERÐ .......19.995
KRINGLUKAST ...10.445
HÁGÆÐA
PHILIPS
RYKSUGA
PowerLife Eco range
24%
ÖFLUG OG ORKUSPARANDI
VERÐ ÁÐUR...16.995
TILBOÐ .........12.995
Dolce Gusto kaffivélar
VERÐ FRÁ 4.995
NESCAFÉ Dolce Gusto
YFIR 30 GERÐIR AF TE, KAFFI OG KAKÓ!

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Það bætir smám saman í vind í dag. Seinnipartinn gæti austanáttin náð um 15 m/s með suðurströndinni, en víðast hvar annars staðar verður vindur talsvert hægari. Það má reikna með éljagangi austanlands en slyddu síðdegis suðaustanlands. Bjartviðri í öðrum landshlutum. Frostlaust suðaustanlands en annars frost 0 til 10 stig.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 8° | Oslo 3° | Stokkhólmur 2° | Gautaborg 7° | Helsinki 1° | Þórshöfn 5° | Nuuk -11° |
| London 11° | Amsterdam 12° | París 9° | Berlín 13° | Madrid 5° | Brussel 11° | Róm 15° |
| Boston -9° | New York -5° | Orlando 11° | Moskva 3° | Singapúr 26° | Tókýó 7° | Sydney 21° |







## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **10:22** | 4:10 |
| 3.70m | 0.71m |
| **10:52** | 4:35 |
| 3.65m | 0.80 |
| **Akureyri** | |
| **2:27** | 3:33 |
| 1.46m | 0.35m |
| **2:46** | 8:50 |
| 1.35m | 0.34m |
| **Ísafjörður** | |
| **12:26** | 6:21 |
| 1.88m | 0.33m |
| **12:56** | 6:51 |
| 1.83m | 0.34m |

## Tunglstaða

Stækkandi
29%

Sólarupprás:
08.24

Sólarlag:
18.55

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° ←8 | 3° ←7 | 3° ←6 | 4° ←2 | 3° ↙6 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ↖4 | -0° ←9 | 1° ↙4 | -2° ↙12 | -1° ↙15 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -1° ←6 | -2° ←4 | 2° ←1 | 1° ←3 | 1° ↙7 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 0° ←9 | 1° ↙5 | 3° ↑12 | 3° ←7 | 1° ↓9 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 0° ↙9 | 3° ↙10 | 3° ↖3 | 5° ↓4 | 4° ↘5 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Á ÞRÖSKULDI LÍFSINS




MARS
Penninn Eymundsson
BÓK MÁNAÐARINS

EKKI MISSA AF ÞESSARI!

„Ein besta bók ársins.“
Washington Post

„Þetta er ekki bók sem maður leggur frá sér og gleymir. Áhrif hennar má ekki síst rekja til þess hve listavel hann kemur upplifun sinni til skila – vinnu sinni og ástríðu, þolinmæði, lífsvilja, sátt við dauðann. Í því er engin sjálfsvorkunn, engar ýkjur.“
The New York Times

**Andartak eilífðar**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




1.
Metsölulisti Eymundsson







GLÆ-NÝ!




**Löggan**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-

**Speglabókin**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-

**Synt með þeim sem drukkna**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-

**Kviksyndi**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 4.299.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki 2016

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda til og með 6. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Þetta er um ástina í mörgum formum

**Móðir samþykkir að tæki sem halda dóttur hennar á lífi verði aftengd. Þannig hefst ný skáldsaga eftir Kára Tulinius þar sem ýmis mörk hins mannlega og skáldskaparins eru til skoðunar.**


Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is




Móðurhugur er ný skáldsaga eftir Kára Tulinius. Kári er einn af stofnendum Meðgönguljóða þar sem ljóðskáldið í honum á sér athvarf en skáldsagnahöfundurinn er hins vegar á mála hjá Forlaginu sem gaf einnig út fyrstu skáldsögu Kára, Píslarvottar án hæfileika, árið 2010. „Við stofnuðum meðgönguljóð tveimur árum eftir að þessi skáldsaga kom út en það er alfarið ljóðasería og mér finnst ágætt að halda þessu aðskildu.“

### Beðið eftir lest

Kári segir að hugmyndina að nýju skáldsögunni megi rekja til þess að hann hafi setið á lestarstöð í borginni Providence í Bandaríkjunum þar sem hann bjó um tíma. „Þá duttu mér allt í einu í hug tveir persónur. Annars vegar Inga, íslenskur námsmaður í Bandaríkjunum sem væri að bíða eftir vini sínum Abel sem er transmaður. Abel og Inga hafa þekkst í ein átta ár en eingöngu á netinu og svo hittast þau í fyrsta skipti í eigin persónu og Inga verður ástfangin af Abel en hann þýðist ekki ást hennar.“ Þannig að þetta er svona eins og maður er að hugsa á lestarstöð? „Já, einmitt,“ segir Kári léttur. „Þetta er svona hugmynd sem kemur einmitt til manns þegar maður er að bíða og lestin var meira að segja aðeins sein sem gaf mér enn betra svigrúm til þess að klára þessa hugsun. En það er nefnilega þarna þriðja lykilpersónan Theodóra, móðir Ingu, og í upphafi sögunnar þarf hún að gefa samþykki sitt fyrir því að lækningatæki sem halda dóttur hennar á lífi séu tekin úr sambandi. Í framhaldinu er Theodóra að reyna að skilja það sem leiddi til þess með hjálp texta sem Inga skildi eftir sig. Er svona að reyna að skilja líf dóttur sinnar eftir hennar dag.“

Aðspurður hvers vegna Kári hafi viljað fara inn á þetta viðkvæma svæði á milli lífs og dauða þá segir hann skýringuna á því í raun einfalda. „Mig langaði til þess að skrifa um þessi merkingarþrungnu atvik í lífi fólks. Þessi atvik sem móta okkur kannski umfram önnur. Þess vegna var þessi tímapunktur í lífi Theodóru á einhvern hátt eini rétti byrjunarreiturinn. Sem höfundur er maður að ýta persónum sínum að einhverjum mörkum þess sem manneskjan getur þolað og skoða hana í ljósi þess. Þessi litli inngangskafli er kaflinn hennar Theodóru en svo hverfur hún úr sögunni en er engu að síður vofandi yfir henni allri á sama tíma. Þess vegna vildi ég hafa það skýrt hvað það væri sem lægi að baki henni.

Þetta er bók um ástina í mörgum birtingarformum og eitt af því er móðurástin. Á þessu augnabliki hvílir hvað mestur þungi á móðurástinni og þess vegna markar þetta andartak upphaf þessarar sögu.“

**MIG LANGAÐI TIL ÞESS AÐ SKRIFA UM ÞESSI MERKINGAÞRUNGNU ATVIK Í LÍFI FÓLKS. ÞESSI ATVIK SEM MÓTA OKKUR KANNSKI UMFRAM ÖNNUR.**

### Hvað má og hvað má ekki?

Theodóra er skáld og hennar leið til þess að takast á við að skrifa upp á lífslok dóttur sinnar er að setja saman bók til minningar um dóttur sína. Þar með er Kári kominn inn á mörk lífs og skáldskapar og hann segist hafa viljað skoða hvað fólk hefur rétt á að segja um aðra. „Skoða hverju fólk hefur rétt á að deila. Inga hafði til að mynda sett saman úr gömlum tölvubréfum ævisögu Abels, mannsins sem hún varð ástfangin af, og hann er ósáttur við það. Þar með stöndum við frammi fyrir þessum spurningum: Hvað má og hvað má ekki segja um aðra? Hvenær eru sögur annarra manns eigin sögur?“

Þarna er Kári nú óneitanlega kominn inn á mál sem hefur verið mikið hitamál í íslensku menningarlífi í vetur en mikil umræða skapaðist í kringum leiksýninguna Gott fólk, í Þjóðleikhúsinu fyrr í vetur. Kári segist þó í raun ekki hafa skoðun á því tiltekna máli. „Þetta var alveg óvart,“ segir Kári og hlær. „Ég var bara að skrifa þetta í rólegheitum og svo þegar ég var búinn að skila inn handriti þá fór allt í háaloft í þessu máli. En ég verð að játa að ég hef hvorki lesið bókina Gott fólk, né séð leikritið sem skýrir afstöðuleysi mitt í þessu máli. Ég reyni eins og ég get að tjá mig ekki of mikið um það sem ég veit ekkert um.“

Engu að síður eru þessar vangaveltur um mörk skáldskapar og veruleika heit umræða víða um heim í dag og Kári bendir á að höfundar eins og Knausgaard í Noregi hafi verið að takast á við þetta. „En það er ekkert nýtt. Þetta er eitthvað sem fólk hefur verið að gera nánast frá upphafi skáldsögunnar. Ein af elstu skáldsögum heims er eftir Aphra Behn og hún var bara að skrifa slúður úr heimi fína fólksins í London á sautjándu öld þar sem var bara búið að skipta um nöfn. En þetta er forvitnilegt og erfitt og það eru engin einföld svör við þessu. Ég vildi samt halda þessu þarna innan verksins og vildi alls ekki taka á þessu af einhverri léttúð. Ég er frekar lengi að mynda mér skoðanir á hlutum og þegar ég er loksins kominn með skoðun á einhverju þá er umræðuefnið löngu dautt.“



Kári Tulinius rithöfundur sem sendi nýverið frá sér skáldsöguna Móðurhugur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## MÓÐURHUGUR

Ég hef klárað sjálfsmorð dóttur minnar.

Ekki dóttur heldur snáks sem beit í brjóst mín, spýtti eitri inn í móðurlífið. Alla morgna tek ég fléttuna úr ljósu hári hennar, greiði, flétta aftur. Stundum, þegar ég er reið, hef ég fléttuna mjög þétta. Kannski bregst hún við og ætmir, hreyfir sig. Hún þegir. Hún er eyðimörk. Er rústin ein. Ég, sem nefndi hana, fæddi hana, skyldi drepa, myrða, því að hugsun hvarf úr líkama og leystist upp í vatni.

Yfir sæ á sjúkrahús í bandarískri smáborg kom ég til að bíða endurfæðingar, en ekki til þess eins að veita einkadóttur minni náðarhöggið. Læknir kom sér fyrir milli mín og Ingu eins og ævintýravera, sláttumaður, riddari á bleikum hesti. Blekið þornaði, ég sagði já á enskri tungu, slöngurnar sem veittu súrefni inn í lungun slepptu taki, skriðu út og leyfðu líkama að deyja. Ég hef ekki verið svona fjarlæg eigin sjálfi síðan dóttir mín var ungbarn.

Inga skrifaði mér aldrei bréf og lýsti lífi sínu, heldur talaði við mig í síma, gegnum tölvu. Það var ekki texti og nú er það ekki til. En fegurð persónunnar býr í hljómfalli og svipbrigðum því orðin eru ónákvæm, svo nálgast lygi. Einvörðungu slitrur eftir, dagbók rifin sundur. Móðir setur hornin undir sig og ryðst fram gegnum texta, finnur heimahaga þar sem dóttir getur hvílst, átt framhaldslíf í orðum prentuðum í bók.

Skáldalistin er það eina sem ég kann, að raða saman orðum, finna merkinguna bak við hrynjandi og frásögn. Láta sögu líða fram að niðurstöðu. Inga verður lögð í grafhýsi úr orðum. Skáldið gerir það sem móðir hennar getur ekki því að mæður hjálpa dætrum sínum inn í heiminn, ekki út úr honum aftur.

Blóð og möndlur, lykt sem fyllti vitin þegar hún lá ný á móðurkviði um sumarkvöld rétt sunnan heimskautsbaugsins. Andlit hennar sneri beint að táningsföður, augnaráð sem mættust örskotsstund og reikuðu svo annað. Um leið skildi ég að þessi drengur myndi ekki geta alið hana upp. Í þeirri andrá hlaut hún nafnið Ingibjörg í huga mínum, nafn sem aldrei hafði verið orðað fyrr.

*Ég hata þetta nafn.*
*Ég hata þennan sársauka sem vefst um háls minn eins og reipi.*
*Hata sjálfa mig. En hata dóttur mína meira.*

*Upphaf skáldsögunnar Móðurhugur, eftir Kára Tulinius.*

ALLT SEM ÉG MAN EKKI EFTIR JONAS HASSEM KHEMIRI — LEITIN AÐ SVARTA VÍKINGNUM EFTIR BERGSVEIN BIRGISSON

# MEISTARAVERK & MEISTARAVERK!

*„Þessi andskotans bók er meistaraverk.“*
Aftonbladet, Svíþjóð

★★★★★
Berlingske Tidende, Danmörku

BESTA SKÁLDSAGAN Í SVÍÞJÓÐ 2015!







KOMIN Í KILJU!

## TILNEFND TIL MENNINGARVERÐLAUNA DV!

*„Meistaraverk.“*
Aftenposten, Noregi

*„Þessi bók er veisla.“*
Hallgrímur Helgason, Stundinni

★★★★½

*„Stórskemmtileg og hrífandi frásögn.“*
Einar Falur Ingólfsson, Morgunblaðinu

BJARTUR



Norður England 12.-17. maí

**Skemmtileg ferð um Norður England.**
Gist í Jórvík, þar sem Egill Skallgrímsson gerði garðinn frægan, ekið um Jóvíkurheiðar að Norðursjávarströndinni og einnig yfir Pennínafjöllin til Vatnahéraðsins, innblásturs skálda og listamanna. Í lok ferðar er gist í stórborginni Manchester.



Fararstjóri er Emil Örn Kristjánsson

**Verð frá 179.400.**
**Nánar á ferðir.is**

Sími 511 15 15 – ferdir.is
Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
outgoing@gjtravel.is

UPPLIFUN, INNBLÁSTUR OG NÝ ÞEKKING
ALLA DAGA ÁRSINS



Menningarkort Reykjavíkur
ÁRSKORT

facebook.com/menningarkort
#menningarkort
@menningarkort
menningarkort.is

ÞINN AÐGANGUR AÐ MENNINGARLÍFI BORGARINNAR

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT


# Það er ákveðið kaþarsis að sleppa sér svona

**Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona og varaborgarfulltrúi, snýr í kvöld aftur á svið eftir nokkurra ára fjarveru. Hún leikur eitt af aðalhlutverkunum í farsanum Úti að aka og hún segir heilmikla hreinsun fólgna í að sleppa sér og láta allt vaða.**


Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is




Farsinn er tegund af gamanleik sem á rætur að rekja allt aftur til Frakklands á sautjándu öld. Greinin átti einkum sitt blómaskeið í Bretlandi á eftirstríðsárunum og síðustu áratugum síðustu aldar var sýndur hjá Leikfélagi Reykjavíkur fjöldi farsa við gríðarlegar vinsældir, bæði í Iðnó og á hinum víðfrægu miðnætursýningum í Austurbæjarbíói. Það er því skemmtilega viðeigandi að farsinn skuli eiga sér framhaldslíf í Borgarleikhúsinu í meðförum leikfélagsins en farsinn Úti að aka, eftir enska leikskáldið Ray Cooney, verður frumsýndur á stóra sviði hússins í kvöld í leikstjórn Magnúsar Geirs Þórðarsonar.

Á meðal leikenda í aðalhlutverki er Ilmur Kristjánsdóttir sem snýr aftur á fjalirnar eftir að hafa verið meðal annars í hringiðu borgarmálanna. „Síðast var ég á sviði þegar ég var kasólétt í Jeppi á fjalli, í lok árs 2013. Það er eiginlega lengra liðið en ég átti von á svona þegar ég hugsa þetta. Mér finnst alltaf gott að fara aðeins frá en ég verð að játa að ég var farin að sakna þess mjög mikið að vera á sviði. En þegar maður fer svona frá þá verður það ákaflega skýrt hversu tengdur maður er leikhúsinu í raun og veru.“



Ilmur Kristjánsdóttir segir að það sé skýrara að allir stefni að sama marki í leikhúsinu en í pólitíkinni. FRÉTTABLAÐINU/STEFÁN

## Bænheyrð

En hvernig skyldi Ilmur hafa kunnað við sig í borgarpólitíkinni á þessum tíma? „Bara mjög vel. Þetta er búið að vera mjög lærdómsríkt eins og það er alltaf að láta vaða og stökkva í djúpu laugina. Það hefur verið skemmtilegt að kynnast bæði nýju fólki og nýjum vettvangi og fá að beita sér þar, vonandi til góðs. Ég verð að játa að ég var alveg skíthrædd við þetta fyrst en að sama skapi er það ákaflega góð tilfinning að öðlast öryggi inn í það. Það stækkar mann.“



Halldór Gylfason, Ilmur Kristjánsdóttir og Hilmir Snær Guðnason í hlutverkum sínum í Úti að aka, í Borgarleikhúsinu. MYND/GRÍMUR BJARNASON

Ilmur segir að heimar leikhússins og stjórnmálanna séu að mörgu leyti ólíkir. „Það er kannski meira þessi tilfinning að tilheyra í leikhúsinu, það er meira svona „hver fyrir sig” stemning í pólitíkinni þó að maður tilheyri auðvitað innan flokka. Í leikhúsinu er skýrara að við stefnum að sama marki þó við séum í ólíkum hlutverkum.“

Nú þegar Ilmur er komin aftur má segja að hún stökkvi beint í hringiðu leikhússins með stóru hlutverki í farsa þar sem hraðinn og ærslin eru mikil. En hvers vegna að koma aftur núna? „Já, það var nú soldið fyndið hvernig þetta kom til. Ég var búin að vera í smátíma í pólitíkinni og það var satt best að segja búið að vera soldið erfitt. Þá kom þetta tilboð, að leika í farsa, en ég hef aldrei leikið í farsa áður, og ég eiginlega þráði ekkert heitar en að standa á sviði og heyra hlátur. Þannig að það var eins og ég væri bænheyrð,“ segir Ilmur og hlær við tilhugsunina.

**EN MAÐUR SETUR ÞETTA Í EITTHVERT HÓLF OG ÉG HELD AÐ FÓLK SEM FER Á FARSA ÞAÐ GERI ÞAÐ LÍKA TIL ÞESS AÐ LEYFA SÉR AÐ HLÆJA AÐ EINHVERRI VITLEYSU.**

## Ákveðið ástand

Ilmur segir að Úti að aka sé skemmtilega hefðbundinn misskilningsfarsi enda sé vart hægt að finna það leikskáld í samtímanum sem hefur náð viðlíka tökum á þessu formi og Ray Cooney. Að auki hafi Gísli Rúnar Jónsson tekið að sér að staðfæra verkið og það auki enn á ánægjuna fyrir íslenska áhorfendur. „Þetta fjallar um hann Jón sem er leigubílstjóri en hann á tvö heimili, tvær eiginkonur og ég leik aðra þeirra. Hann á eitt heimili í Mosfellsbæ og eitt í Hafnarfirði og er að reyna að halda þessum blekkingarleik gangandi. Hann á börn á sama aldri, stelpu og strák, á hvort á sínu heimilinu og þegar leikritið byrjar þá eru þau að kynnast á netinu. Þau eru að fara að hittast en Jón gerir allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir það með óborganlega fyndnum afleiðingum.“

En skyldu Ilmur og leikhópurinn ekkert hafa áhyggjur af því að tími farsans í leikhúsinu sé liðinn? „Nei, veistu það, þó þetta sé stundum alveg glataður húmor því það er auðvitað ekkert fyndið við það að maðurinn sé að stunda tvíkvæni. En maður setur þetta í eitthvert hólf og ég held að fólk sem fer á farsa það geri það líka til þess að leyfa sér að hlæja að einhverri vitleysu. Það er samningurinn. Það er svo frelsandi og núna erum við búin að sýna fyrir áhorfendur í aðdraganda frumsýningar og það er hreinlega eins og fólk missi það. Það er svo gaman. Þetta er svona ákveðið kaþarsis að sleppa sér svona og fólk hreinlega dettur í eitthvert ástand þar sem það bara hlær og það má láta allt vaða.“

Ilmur segir að það sé því vissulega gaman að koma aftur í leikhúsið. „Þetta er svo frábær og kærleiksríkur hópur. Ég finn að það hefur jákvæð áhrif á mig og hina vinnuna mína líka vegna þess að ég er glaðari og hef meira að gefa. Það er yndislegt.“

# Í göngutúrum með barnavagninn og myndavélina

Í gær opnaði Klængur Gunnarsson einkasýninguna Hjúp í sýningarsal Sambands íslenskra myndlistarmanna að Hafnarstræti 16. Klængur útskrifaðist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands og hefur frá útskrift sýnt víða, bæði hér heima og erlendis. Klængur segir að hann hafi reyndar búið á Akureyri síðustu tvo vetur. „Þar var ég formaður myndlistarfélagsins og ansi virkur í myndlistarlífinu fyrir norðan sem er nú ansi kröftugt. En svo er ég nýlega fluttur aftur heim og er svona aðeins að reyna að sýna mig hérna líka.“

Á sýningunni má sjá ljósmyndir af hinum litlu og ómeðvituðu innsetningum sem við höfum flest tekið þátt í að skapa í okkar daglega lífi í gegnum tíðina með samtíningi hversdagsins í aftursætum bifreiða. Klængur segir að hversdagurinn hafi alltaf verið honum hugleikinn og að hann hafi unnið með hann lengi. „Ég tíni fram svona andartök úr hversdeginum og nýti þau í innsetningar, skúlptúra og vídeó en þetta er fyrsta ljósmyndasýningin mín í langan tíma. Ég lærði fyrst ljósmyndun úti í Svíþjóð fyrir tólf árum. Þetta eru myndir úr aftursætum bifreiða sem ég er búinn að vera að safna saman á síðustu tveimur árum og þetta er úrval af einhverjum 250 til 300 myndum.

Ég mynda þetta mest í mínu nærumhverfi og ég fer í göngutúra til þess að mynda. Núna er ég í fæðingarorlofi og þá geng ég með barnavagninn og er ekki alveg eins berskjaldaður þegar ég er að munda myndavélina inn um glugga kyrrstæðra bíla. Þetta lítur kannski hálf undarlega út svona út á við en ég lofa að mér gengur ekkert illt til,“ segir Klængur léttur. – mg


Eitt af verkum Klængs Gunnarssonar á sýningunni Hjúpur í sýningarsal SÍM.

# Pétur og úlfurinn í Langholtskirkju

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins flytur Pétur og úlfinn eftir Sergej Prokofiev í Langholtskirkju laugardaginn 4. mars kl. 17.00. Sögumaður er Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.

Tónlistarævintýrið Pétur og úlfurinn er eftir Rússann Sergej Prokofiev (1891-1953) og samið árið 1936. Upphaflega bað Barnaleikhúsið í Moskvu tónskáldið um að semja sinfóníu fyrir börn þar sem einstök hljóðfæri hljómsveitarinnar yrðu kynnt fyrir ungum hlustendum. Ljóðskáld var fengið til þess að skrifa sögu í bundnu máli en Prokofiev kunni ekki við hversu pólitísk hún var. Hann brá því á það ráð að semja sína eigin sögu og fella tónlist við hana, söguna um Pétur sem með kjarki sínum og áræði snaraði hættulegan úlf. Pétur og úlfurinn er eitt vinsælasta verk allra tíma og hefur haldið nafni Prokofievs á lofti um víða veröld.


Rannveig Marta Sarc, fiðluleikari er við framhaldsnám í Juilliard-tónlistarháskólanum í New York.

